**MERCEDES BENZ TÍSKUVIKAN**

*Heimsþekktir hönnuðir sýndu í New York*

Tíska Heilsa Heimili

**allt Í MIÐJU BLAÐINU**



**ÍSMÓT 2007 ÚRSLIT**

*Fagfólk ársins*

Sérblað um úrslit Ísmóts 2007

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. september 2007 — 248. tölublað — 7. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Fullt hús á fyrirlestri Coetzee



J.M. Coetzee, Nóbelsverðlaunahafinn í bókmenntum 2003, hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands í gær á Bókmenntahátíð í Reykjavík.

**MENNING 32**

### Fagnar endurkomu

Andrea Jónsdóttir vonast til að fá miða á endurkomutónleika Led Zeppelin í London í nóvember.

**FÓLK 42**

### Á leið til London



Halla Vilhjálmsdóttir er farin til London í atvinnuleit. Hún söng nýverið dúett með Geir Ólafs.

**FÓLK 41**

### Titillinn undir í kvöld



KR og Valur spila óopinberan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í Landsbankadeild kvenna á KR-vellinum í kvöld.

**ÍÞRÓTTIR 44**

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR** Í dag verður norðanstormur á vesturhluta landsins og á austurhluta landsins síðdegis og í kvöld. Lægir þá vestan til. Víða rigning eða skúrir í fyrstu en þornar upp syðra eftir hádegi og léttir til. Hiti 2-12 stig, hlýjast syðra.

**VEÐUR 4**

# Strokufanga leitað

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur leitað Sigurðar Júlíusar Hálfdánarsonar síðan hann lét sig hverfa af vistheimilinu Vernd. Hann var að ljúka við afplánun á sextán ára fangelsisdómi fyrir morð. Lögreglan hefur „allar klær úti“.**

**FANGELSISMÁL** Sigurður Júlíus Hálfdánarson, sem dæmdur var í sextán ára fangelsi árið 1998 fyrir manndráp af ásettu ráði, lét sig hverfa frá áfangaheimili Verndar, á Laugateig 19, á sunnudag og er hans nú leitað. Sigurður var dæmdur, ásamt tvíburabróður sínum, fyrir að drepa mann á hrottalegan hátt í Heiðmörk aðfaranótt 2. október 1997. Bróðir hans var dæmdur í tólf ára fangelsi.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu staðfesti við Fréttablaðið í gær að Sigurðar væri leitað en hún hefði „allar klær úti“ í leitinni, eins og aðalvarðstjóri komst að orði.

Erlendur Baldursson, deildarstjóri hjá Fangelsismálastofnun, segir að Sigurðar hafi verið leitað síðan á sunnudag. „Fangar sem eru á Vernd fá að vera þar uppfylli þeir ákveðin skilyrði. Á sunnudag kom í ljós að hann hafði látið sig hverfa.“

Sigurður hafði verið á Vernd í á fjórða mánuð en hann var að sögn Erlends langt kominn með að taka út refsingu sína, þar sem hann hefði hagað sér vel í fangelsi og sýnt betrunarmerki.

Þeir sem telja sig geta veitt upplýsingar um hvar Sigurður heldur sig eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444 1000. **- mh**

### UM VERND

- Fangahjálpin Vernd hefur starfað í tæpa hálfa öld og rekið áfangaheimili frá stofnun.
- Fangarnir vinna utan áfangaheimilisins en eiga að skila sér þangað að lokinni vinnu.
- Meginmarkmið Verndar er að aðstoða fanga við að aðlagast venjulegu lífi.
- Reynslan af Vernd hefur að sögn sérfræðinga hjá Fangelsismálastofnun verið góð.
- Að jafnaði dvelja sautján til átján manns á áfangaheimilinu í einu.



**TILEINKUÐU ÁSGEIRI ELÍASSYNI SIGURINN** Íslenska landsliðið í knattspyrnu sigraði Norður-Íra 2-1 á Laugardalsvelli í gær í undankeppni EM 2008. Hér fagna íslensku landsliðsmennirnir sigurmarkinu og gefa til kynna að sigurinn sé tileinkaður Ásgeiri Elíassyni knattspyrnuþjálfara sem lést síðastliðinn sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hús Máls og menningar:

## Laugavegur 18 seldur fljótlega



**VERSLUN** Sala á Laugavegi 18, húsnæði bókabúðar Máls og menningar, er á lokastigi.

Halldór Guðmundsson hjá Máli og menningu staðfesti í gær að margir hefðu boðið í húsið og að eitt kauptilboð hefði verið álitlegra en önnur, en gat annars ekki tjáð sig um söluna.

Meðal þeirra sem buðu mun hafa verið fyrirtækið Kaupangur, sem á og ætlar að rífa gömlu húsin við Laugaveg 4 og 6.

Forsvarsmenn Kaupangs neita þessu hvorki né játa. Sala hússins sé ófrágengin og því ótímabært að ræða hana opinberlega. **- kóþ**

Randver Þorláksson:

## Sagt upp á Spaugstofunni

**FÓLK** **Randver Þorláksson verður ekki með Spaugstofunni í vetur. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið. Hann vildi ekki gefa upp neina eina ástæðu fyrir því að hann verður ekki með, sagði að svona gerðust kaupin einfaldlega á eyrinni.**



RANDVER ÞORLÁKSSON

**Örn Árnason, einn forsprakka hópsins, sagði að þetta hefði alfarið verið ákvörðun dagskrárstjóra RÚV, Þórhalls Gunnarssonar. „Auðvitað erum við leiðir yfir þessu. En hvað getum við gert? Við erum fimm verktakar sem vinnum fyrir sjónvarpið,“ sagði Örn við Fréttablaðið í gær. Þórhallur Gunnarsson vildi ekki tjá sig um málið og vísaði á Randver um ástæður uppsagnarinnar.** **- fgg/sjá síðu 50**

Tíu og hálfur milljarður rennur til mótvægisaðgerða vegna niðurskurðar á þorski:

# Reynt að styrkja innviði samfélaga

**STJÓRNMÁL** Mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar aflaheimilda er einkum ætlað að styrkja innviði þeirra samfélaga og svæða sem þær ná til.

Fjórir ráðherrar ríkisstjórnarinnar kynntu aðgerðirnar í gær.

Með þegar kynntum flýtiframkvæmdum á sviði samgangna verður tíu og hálfum milljarði króna varið til aðgerða á næstu tveimur fiskveiðiárum. Eru þá ótalin aukin framlög til vísinda og rannsókna sem á að tvöfalda á kjörtímabilinu og hafa áhrif víða um land.

Áhersla er lögð á að efla menntastofnanir, styrkja atvinnuþróun og sérstök rannsóknar- og nýsköpunarverkefni. Sveitarfélög verða styrkt sérstaklega vegna minni tekna og milljarði verður varið til viðhalds og endurnýjunar opinberra bygginga.

Er áætlað að 500-600 ný störf og námspláss skapist víða um land á næstu tveimur árum.

Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands sveitarfélaga, líst vel á aðgerðaáætlun stjórnvalda en telur að framlög til sveitarfélaga þurfi að vera hærri. **- bþs / sjá síður 18 og 19**







lesum skilum endurvinnum

Taktu þátt

Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan dagblöð

## SPURNING DAGSINS



*Auðunn, varstu tekinn úr leik?*

„Nei, ég var upptekinn."

Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal mun ekki taka þátt fyrir hönd Skagafjarðar í spurningakeppni sveitarfélaga sem sýnd verður á RÚV í haust. Forsvarsmenn Stöðvar 2 meinuðu honum það þar sem hann stýrir þættinum Tekinn sem sýndur verður sömu kvöld á Stöð 2.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða:

# Breytt viðhorf til umhverfisins

**NÁTTÚRA** Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra hafa skipað verkefnisstjórn sem falið hefur verið að undirbúa rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða.

Iðnaðarráðherra segir verkefnisstjórninni hafa verið falið ólíkt hlutverk frá því sem áður var þar sem niðurstöður hennar verði að lokum lagðar fyrir Alþingi. Þá felst stjórnmálaleg stefnubreyting í því að áður var einvörðungu lögð áhersla á nýtingu en nú sé fjallað jafnt um nýtingu og verndun.

Svanfríður Jónasdóttir, nýr formaður verkefnisstjórnarinnar, mun leiða rammaáætlunina í pólitískan farveg og að lokum til umræðu á Alþingi. „Verkefnið hefur verið að þróast og komin er inn nýr vinkill sem er umhverfið. Við erum alltaf að fá nýja sýn á það hvað skiptir máli í náttúru Íslands og mun verkefnisstjórnin taka mið af breyttum viðhorfum á hverjum tíma," segir Svanfríður. Hún bætir við að hún hafi bjargfasta trú á því að hægt sé að skapa sátt um málið.

Verkefnisstjórninni er ætlað að skila skýrslu til umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir 1. júlí 2009. Þá verða tíu ár liðin frá því að þáverandi iðnaðarráðherra skipaði sérstaka verkefnisstjórn til þess að vinna að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. **- eb**



**VERNDUN OG NÝTING** Ráðherrar segja rammaáætluninni ætlað að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Gin- og klaufaveiki í Bretlandi:

# Veikin skýtur aftur upp kolli

**BRETLAND, AP Bresk stjórnvöld staðfestu í gær að gin- og klaufaveiki hafi greinst á bóndabýli í Surrey, skammt frá London. Nautgripum á búinu var strax slátrað.**

**Síðdegis í gær var ekki búið að greina hvaða afbrigði veirunnar olli smitinu. Smitið greindist hins vegar nálægt því svæði þar sem sama veiki greindist í byrjun ágúst og skammt frá tilraunastöð, sem það smit hefur verið rakið til.**

**Breskir bændur lýstu strax yfir áhyggjum sínum af ástandinu og óttast að útflutningsbann verði lagt á bresk matvæli, eins og gert var í ágúst. - gb**

Þorkell Helgason:

# Hættur sem orkumálastjóri

**STJÓRNSÝSLA Dr. Þorkell Helgason, orkumálastjóri til ellefu ára, baðst í gær lausnar frá störfum af persónulegum ástæðum.**



**ÞORKELL HELGASON**

**Þorkell verður 65 ára á árinu og hyggst einbeita sér að verkefni sem honum hefur lengi verið hugleikið, kosningamálum.**

**Iðnaðarráðherra hefur því veitt Þorkatli leyfi frá daglegum störfum frá og með 1. október en hann mun gegna embættinu fram að áramótum.**

**Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri hleypur í skarð Þorkels. - kóþ**

Forsætisráðherra til Írlands:

# Hittir forsetann starfsbróður og aðra ráðherra

**STJÓRNMÁL** Opinber heimsókn Geirs H. Haarde forsætisráðherra til Írlands hófst í gær. Í heimsókninni ræðir Geir við starfsbróður sinn Bertei Ahern auk viðskipta- og dómsmálaráðherra landsins. Þá mun hann hitta forsetann, Mary McAleese, að máli.

Geir mun einnig heimsækja nokkur fyrirtæki á Írlandi sem eru í eigu Íslendinga og kynna sér starfsemi stefnumótunar- og ráðgjafarvettvangs írskra stjórnvalda á sviði viðskipta og vísinda. Heimsókninni lýkur á föstudag. **- bþs**

# Myndavélar fletti ofan af nauðgurum á krám

**Lagt er til í mannréttindanefnd Reykjavíkur að beina því til lögreglustjóra að skoða öryggi á salernum skemmtistaða til að sporna við ítrekuðum nauðgunum þar. Neyðarmóttaka vegna nauðgana vill myndavélar gegn nauðgurunum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Við erum að leggja okkar á vogarskálarnir til að skemmtistaðirnir verði öruggari," segir Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, fulltrúi í Mannréttindanefnd Reykjavíkur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa lagt til að Mannréttindanefndin beini því til Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, að láta skoða öryggi á salernum skemmtistaða vegna ítrekaðra nauðgana þar. Með tillögunni fylgja umsagnir frá Neyðarmóttöku vegna nauðgana og frá Stígamótum.

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarmóttöku vegna nauðgana var níu konum nauðgað eða þær beittar öðru kynferðislegu ofbeldi á skemmtistöðum í fyrra og sex konur það sem af er þessu ári. Langflest brotin séu framin á salernum viðkomandi staða. Í sumum tilfellum hefur verið ruðst inn á konurnar og oft séu fleiri en einn gerandi.

„Langoftast er um fullframdar nauðganir að ræða en einnig nauðgunartilraunir," segir Eyrún B. Jónsdóttir í umsögn Neyðarmóttökunnar.

Eyrún leggur meðal annars til að öryggismyndavélar taki upp ferðir til og frá salernum og að upptökur úr þeim séu geymdar lengur en nú tíðkist með slíkar myndavélar. Aðskilja þurfi salerni kynjanna og ekki sé hleypt inn fleirum en einum í einu. Utan skemmtistaðanna þurfi að loka húsaskotum og -sundum þar sem hægt sé að vera óséður í skjóli myrkurs.



**FRÁ HÓTEL SÖGU** Ungur piltur var í sumar sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af ákæru um að hafa nauðgað stúlku inni á þessu kvennasalerni á Hótel Sögu. Deildarstjóri Neyðarmóttöku vegna nauðgana segir sex slík ofbeldisverk hafa verið framin á skemmtistöðum það sem af er árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við vonumst til að aukin öryggisgæsla og meðvitund fólks um að gæta að gestum og hafa afskipti af ofurölvi gestum, karlkyns sem kvenkyns, geti komið í veg fyrir þessi brot," segir Eyrún.

Í svipaðan streng er tekið í umsögn Guðrúnar Jónsdóttur og Ingibjargar Þórðardóttur hjá Stígamótum.

Bryndís Ísfold segir tillöguna setta fram nú í ljósi breytinga á lögum um vínveitingaleyfi fyrir skemmtistaði og breytinga á öryggiskröfum til slíkra staða. „Við erum ekki að leggja til að eitthvað sérstakt verði gert heldur að öryggið verði skoðað. Það teljum við einfaldlega að sé mikilvægt," segir hún. Afreiðslu tillögunnar var frestað á síðasta fundi Mannréttindanefndarinnar en málið verður aftur á dagskrá í næstu viku. **gar@frettabladid.is**



**EYRÚN B. JÓNSDÓTTIR**



**BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR**



**NAUÐLENT** Q400-vél SAS á flugvellinum í Vilnius í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugóhapp í Litháen:

# Q400-skrúfuþotur kyrrsettar

**LITHÁEN, AP** Skrúfuþota frá SAS með 52 manns innanborðs rann út af flugbraut og annar vængur hennar skall í jörðina eftir að vélin þurfti að nauðlenda í Vilníus í Litháen í gær með bilaðan lendingarbúnaðinn hægra megin. Enginn slasaðist. Aðeins þremur dögum fyrr átti hliðstætt atvik sér stað á flugvellinum í Álaborg, þar sem sams konar flugvél, Q400, átti í hlut. Eftir slysið í í gær ákvað SAS að kyrrsetja allar slíkar vélar félagsins.

Framleiðandinn, Bombardier í Kanada, mælti með því að allar Q400-vélar sem flogið hefði verið meira en 10.000 ferðir yrðu kyrrsettar og yfirfarnar. **- aa**

## ÁRBORG

### Óskilahundar á heimasíðu

Landbúnaðarnefnd Árborgar hefur samþykkt að hundaeftirlitsmanni sveitarfélagsins verði falið að mynda fangaða hunda og ketti. Myndirnar verði síðan birtar á heimasíðu Árborgar.

## SVÍÞJÓÐ

### Nýr viðskiptaráðherra

Ewa Björling var í gær skipuð nýr viðskiptaráðherra Svíþjóðar. Björling, sem er þingmaður Hægriflokksins, tekur við af Sten Tolgfors sem í fyrri viku tók við varnarmálaráðuneytinu af Mikael Odenberg eftir að hann sagði af sér í mótmælaskyni við niðurskurð framlaga til hermála.






Viðvaranir um flóðahættu í kjölfar öflugs jarðskjálfta úti af Indónesíu:

# Hús skulfu í fjórum löndum

**INDÓNESÍA, AP** Harður jarðskjálfti varð í gærmorgun skammt frá strönd Indónesíu og mældist 8,2 stig á Richter. Að minnsta kosti tíu manns týndu lífi og tugir særðust.

Töluverðar skemmdir urðu á byggingum við vesturströnd Súmötru. Skjálftinn fannst í fjórum löndum og háhýsi svignuðu í allt að 2.000 kílómetra fjarlægð.

Allt að þriggja metra há flóðalda skall á Padang, höfuðstað vestanverðrar Súmötru, um það bil 20 mínútum eftir skjálftann.

Á Indónesíu og í öðrum löndum við Indlandshaf var gefin út viðvörun um flóðahættu. Indónesía aflétti þó hættuástandinu hjá sér tveimur klukkustundum eftir skjálftann, þar sem ekki þótti lengur hætta á flóði. Á austurströnd Afríku var varað við flóðahættu, bæði í Keníu og Tansaníu.

Nokkrir öflugir eftirskjálftar urðu í kjölfar þess stóra, þar á meðal einn sem mældist 6,6 stig og varð til þess að viðvörun um flóðahættu var á ný gefin út.

Í desember árið 2004 fórust meira en 230 þúsund manns í tólf löndum af völdum flóðbylgju, sem fór af stað eftir að öflugur jarðskjálfti varð við Súmötru. **- gb**



**VIÐBÚNAÐUR Á SRÍ LANKA** Fjölskylda á Srí Lanka leitaði skjóls í kirkju í gær og lét ættingja sína vita með þráðlausum síma. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú

# ÚTSALA UM LAND ALLT

## Öll salerni, blöndunartæki og handlaugar

20% AFSLÁTTUR



## Öll handverkfæri

25% AFSLÁTTUR




## Öll málning

25% AFSLÁTTUR




## Öll ljós

20% AFSLÁTTUR



## Öll búsáhöld

30% AFSLÁTTUR



## Allur fatnaður

20-70% AFSLÁTTUR





79.000

**Kerra, Basic 750 EG**
Heildarburður 750 kg, eigin þyngd 135 kg
5798000

## Allar festingavörur

20% AFSLÁTTUR



# Við berjum niður verðið!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 12.09.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,17 | 64,47 |
| Sterlingspund | 130,55 | 131,19 |
| Evra | 88,97 | 89,47 |
| Dönsk króna | 11,945 | 12,015 |
| Norsk króna | 11,364 | 11,430 |
| Sænsk króna | 9,570 | 9,626 |
| Japanskt jen | 0,5627 | 0,5659 |
| SDR | 99,13 | 99,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,4348
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðherra Danmerkur stokkar upp í ríkisstjórninni:

# Flokkaflakkari í félagsmálin

**DANMÖRK** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, stokkaði upp í ríkisstjórn sinni í gær. Mesta athygli vakti að hann skipaði „flokkaflakkarann“ Karen Jespersen í embætti félagsmálaráðherra. Hún gegndi því embætti í síðustu ríkisstjórn jafnaðarmanna, sem fór frá árið 2001. Hún gekk í flokk forsætisráðherrans, Venstre, í fyrra.

Auk nýs félagsmálaráðherra skipaði Fogh Rasmussen nýja menn til að fara fyrir ráðuneytum landbúnaðar- og samgöngumála. Eva Kjer Hansen úr Vestre, sem var félagsmálaráðherra, tekur við landbúnaðarráðuneytinu, og Jakob Axel Nielsen úr Íhaldsflokknum er nýr samgönguráðherra. Hans Christian Schmidt, sem var landbúnaðarráðherra, og Flemming Hansen, sem var samgönguráðherra, víkja úr stjórninni.



**STOKKAR UPP** Bið verður á því að Fogh boði til kosninga eftir uppstokkunina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fogh vísaði því á bug, að ástæða uppstokkunarinnar væri óánægja með störf þeirra ráðherra sem víkja úr stjórninni eða skipta um ráðuneyti. „Þetta er markviss uppstokkun, sem beinist að viðræðunum um umbætur [á velferðarkerfinu] og í orkumálunum,“ hefur fréttavefur Politiken eftir Fogh.

Uppstokkunin nú kom nokkuð á óvart í ljósi þess að þess hefur verið vænst að Fogh Rasmussen ákveddi fljótlega að flýta næstu þingkosningum. Úr þessu verður væntanlega ekki fyrr en í fyrsta lagi á fyrri hluta nýs árs. - aa

Sautján ára réðist á 15 ára:

# Unglingsstúlka réðist á aðra

**DÓMSMÁL Sautján ára gömul stúlka var ákærð í gær í héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsárás. Ákærðu er gefið að sök að hafa ráðist á stúlku fædda árið 1992 og slegið hana hnefahöggum í andlitið með þeim afleiðingum að hún marðist og hlaut snúning um hálsliði.**

**Árásin átti sér stað 1. maí 2006 við Bónusvídeó í Hólagarði í Reykjavík.**

**Foreldrar fórnarlambsins krefja foreldra ákærðu um að greiða 250.000 krónur í bætur auk vaxta vegna árásarinnar.** - lbb



SÁ GULI Enn eru tæp 10 þúsund tonn af þorski óveidd frá síðasta fiskveiðiári.

1.419.427 tonn af fiski veidd:

# Heildarafli eykst milli fiskveiðiára

**SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli nýliðins fiskveiðiárs er sá næstminnsti á tólf mánaða fiskveiðiári frá upphafi. Hann var aðeins minni fiskveiðiárið á undan. Fiskveiðiár ná frá 1. september til 31. ágúst.**

**Heildarafli síðasta fiskveiðiárs var 1.419.427 tonn og jókst um 130 þúsund tonn frá árinu áður. Botnfisksafli dróst saman um 27 þúsund tonn á milli ára en aukning á heildarafla milli ára skýrist af meiri loðnu-, síldar- og makrílafla.**

**Enn eru rúm 46 þúsund þorskígildistonn óveidd frá síðasta fiskveiðiári en heimilt er að flytja aflaheimildir milli ára.** - bþs

## STJÓRNMÁL

### Ráðning opinberuð um helgina

Upplýst verður um helgina hver verður ráðinn í starf framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins. Magnús Reynir Guðmundsson hefur gegnt starfinu síðan Margréti Sverrisdóttur var vikið úr því síðastliðinn vetur.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Neitaði að fara á vigtina

Lögreglunni á Húsavík barst beiðni frá starfsmanni Vegagerðarinnar vegna bílstjóra vörubifreiðar sem neitaði að láta vigta bifreið sína á hafnarsvæðinu á Þórshöfn. Bílstjórinn keyrði á brott og má búast við kæru frá lögreglu sem segir brot sem þessi mjög sjaldgæf.

# Veðjað á veglega íbúabyggð í Örfirisey

**Fjárfestar hafa í auknum mæli keypt upp eignir í Örfirisey að undanförnu. Tveir stórir reitir eru komnir í eigu fjárfestingafélaganna Lindbergs og Góms. Þetta gæti orðið glæsilegt svæði, segir Ólafur Garðarsson lögmaður og einn eigenda.**

**SKIPULAGSMÁL** Fjárfestingafélögin Lindberg og Gómur eiga orðið tvo stóra reiti í Örfirisey sem forsvarsmenn félagsins vonast til að verði hægt að byggja á veglega íbúabyggð. Heildarfjárfestingar Lindberg og Góms þar nema um 3,5 milljörðum króna.

Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður, sem á fjórðungshlut í félögunum, segir uppbyggingu byggðar í Örfirisey geta glætt borgarlífið miklu lífi. „Við höfum auðvitað horft til þess að borgaryfirvöld hafa áhuga á því að byggja upp íbúabyggð þarna og okkar kaup miðast við það. Þetta getur orðið stórglæsilegt svæði, á besta stað í miðbænum.“ Aðrir eigendur félaganna eru Magnús Jónatansson, Gísli Steinar Gíslason og Icebank en allir eigendurnir eiga jafnstóran hlut.

Lindberg hefur keypt upp eignir við götuna Fiskislóð, frá 16 til 32.

Stýrihópur á vegum Reykjavíkurborgar, sem er að meta hvernig best sé að haga uppbyggingu í Örfirisey, hefur enn ekki lokið störfum.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær sendi Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, erindi til stjórnar Faxaflóahafna þar sem óskað var eftir því að kvöðum um nýtingu á lóðum fyrirtækisins yrði aflétt, en þær eru skipulagðar undir sjávarútvegsstarfsemi. Stjórn Faxaflóahafna ákvað á stjórnarfundi á þriðjudag að verða ekki við kröfum HB Granda og því verða lóðirnar áfram ætlaðar undir sjávarútvegsstarfsemi.




Jón Grétar Jónsson, framkvæmdastjóri fasteignasölunnar Húsakaupa, segist finna fyrir auknum áhuga á svæðinu. „Auðvitað skiptir miklu máli hvers konar nýting verður leyfð í Örfirisey og hvernig borgaryfirvöld sjá skipulagið fyrir sér. Ég hef orðið var við að fjárfestar hafi sýnt svæðinu mikinn áhuga. Alls konar þjónusta er farin að sækja nær þessu svæði, til dæmis hárgreiðslustofur, sem ekki hefðu farið inn á þetta svæði fyrir nokkru síðan.“

Í starfshópi Reykjavíkurborgar eru Björn Ingi Hrafnsson, sem er formaður, Árni Þór Sigurðsson, Gísli Marteinn Baldursson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, og Dagur B. Eggertsson.

magnush@frettabladid.is



**ÓLAFUR GARÐARSSON** Á fjórðungshlut í Lindberg.



**JÓN GRÉTAR JÓNSSON** Finnur fyrir áhuga fjárfesta.

Forstjórinn hættir í Leifsstöð:

# Höskuldur í stól forstjóra Nýsis

**FÓLK** Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, hefur sagt upp störfum. Höskuldi var boðið starf sem forstjóri Nýsis ehf. Jón Gunnarsson, formaður stjórnar Flugstöðvarinnar, segir engan starfslokasamning hafa verið gerðan en kveður Höskuld, sem var með eins árs uppsagnarfrest, fá sig lausan í lok nóvember. Elín Árnadóttir, fjármálastjóri fyrirtækisins, sem verið hefur staðgengill forstjóra síðasta hálfa annað árið verður nýr forstjóri. „Þetta er eðlileg þróun af því að ég hef verið í þessu starfi,“ segir Elín. Flugstöðin velti 6,8 milljörðum króna í fyrra. - gar



**HÖSKULDUR ÁSGEIRSSON**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Neyddi fórnarlambið til að millifæra fé

**DÓMSMÁL Karlmaður var ákærður í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsárás og rán í febrúar og mars síðastliðnum. Ákæran er í þremur liðum og er ákærða gefið að sök að hafa, aðfaranótt 15. febrúar, veist að karlmanni og slegið hann hnefahöggum um allan líkamann svo hann viðbeinsbrotnaði og hlaut mar. Sama morgun fór hann með fórnarlambið í tvo banka þar sem hann neyddi það til að taka út samtals 110 þúsund krónur. Í mars neyddi hann annan karlmann með ofbeldi og hótunum að millifæra 307.617 krónur yfir á sinn reikning.** - lbb



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR** Veðurspáin er ljót. Norðanstormur er í kortunum. Núna með morgninum er hvassast norðvestan til, á Vestfjörðum og á Snæfellsnesi. Undir hádegi verður veðrið einna verst suðvestan til á landinu og á Suðurlandi. Síðdegis og í kvöld verður síðan mesti vindurinn á landinu suðaustan- og austanverðu. Lægir vestan til síðdegis.

**REYKJAVÍK Í DAG** Norðanstormur undir hádegi, lægir síðdegis. Skúrir með morgninum en síðan þurrt og léttir til í dag. Hiti 5-9 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C hálfskýjað | London | 22°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 21°C léttskýjað |
| Billund | 16°C léttskýjað | París | 22°C hálfskýjað | Basel | 23°C hálfskýjað |
| Osló | 16°C hálfskýjað | Amsterdam | 20°C léttskýjað | Alicante | 27°C skúrir |
| Stokkhólmur | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 22°C hálfskýjað | Róm | 27°C léttskýjað |
| Gautaborg | 17°C hálfskýjað | Berlín | 17°C hálfskýjað | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

13. -17. SEPTEMBER Í SMÁRALIND

# SNYRTIDAGAR

## BROT AF ÞVÍ BESTA

### HYGEA

**Dior**
Snyrtifræðingur kynnir nýja haustliti og ráðleggur um góð krem fyrir veturinn.

**Helena Rubenstein**
Sérfræðingar veita ráðgjöf um förðun og umhirðu húðarinnar. Glæsilegir kaupaukar. Tilboð á kremum.

**Lancôme**
Tilboð á kremum fyrir allan aldur.

**Guerlain og Chanel**
30% afsláttur af Success Model og Success Laser kremlínunum, Age Delay kremlínunni og Double Perfection fljótandi farða og púður-farða á meðan birgðir endast.

### THE BODY SHOP

**Við kynnum spennandi, nýjan haustfarða**

Fimmtudagur:
**Frí förðun kl. 14 - 20**
Föstudagur:
**Frí förðun kl. 14 - 18**
Laugardagur:
**Einföld handsnyrting kl. 13 – 17**

Allir sem versla fyrir 4.490 kr. eða meira fá glæsilegan kaupauka!

### DEBENHAMS

**Sensai**
Sérfræðingar Sensai, nýkomnir frá Japan, bjóða þér að upplifa Saho andlitsmeðferð sem endurnærir og frískar. Meðferðin tekur um klukkustund. Hægt er að panta tíma í síma 551 2025.
Gjöf fyrir viðskiptavini sem kaupa Sensai fyrir 5.500 kr. eða meira.

**Rifka**
Ef þú verslar fyrir 3.800 kr. eða meira, fylgir glæsilegt 5 stk. burstasett.

**Clinique**
Kauptu Clinique All About Moisture body lotion 400 ml og fáðu Clinique – Take the Day off 30 ml hreinismjólk og Delovely Colour Surge varalit í kaupbæti. Vörurnar koma í fallegum Clinique gjafapoka.

**Boss**
Kynning á nýjum dömu- og herrailmi frá Boss. Veglegir kaupaukar fylgja.

**Lancôme**
Snyrtifræðingar frá Lancôme sýna nýju haust- og vetrarlínuna fimmtudag, föstudag og laugardag.

### Eymundsson

Glæsileg tilboð á tímaritunum **InStyle** og **Marie Claire** þar sem haustförðuninni eru gerð góð skil.

Nýjustu litir og línur í hári og förðun. Tilboð á fleiri tímaritum sem fjalla um hausttískuna.

### HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**Chanel**
30% afsláttur af Age Delay-kremlínunni
30% afsláttur af Double Perfection fljótandi farða og púðurfarða.

**Sothys**
Hreinsisett 4.399 kr.
400 ml andlitsmjólk + 400 ml andlitsvatn

**Karin Herzog**
Silhouette Body-sett 5.699 kr.
Mildur kornahreinsir fyrir líkamann fylgir með kaupunum

**Estée Lauder**
Falleg taska fylgir ef keypt er fyrir 4.200 kr.

**Kanebo**
Falleg taska fylgir nýjum Sensai snyrtivörum ef keypt er fyrir 5.500 kr.

**Sally Hansen og OPI naglalakk**
Mini Manicure fylgir með.

**Nýjustu ilmvötnin kynnt:**
Givenchy: Ange ou Démon
Calvin Klein: CK in2u
Sarah Jessica Parker: Covet

### LYFJA

Starfsfólk **Eskimo** verður fyrir utan Lyfju föstudag kl. 15-18 og laugardag kl. 14-17, kynnir námskeið sem hefjast í lok september og leitar að nýjum andlitum.

Ennfremur bjóða **Emm-School of Make-Up** og **Maybelline** fría förðun. Lyfja veitir þeim, sem eru farðaðir, afslátt af Maybelline glossi og maskara.

---

**20% afsláttur**
af öllum hársnyrtivörum frá John FRIDA.
**Sothys**
kaupaukar og afsláttur fyrir hana.
**Zirh**
kaupaukar fyrir hann.

### Supernova
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

**Supernova blæs til tískusýningar ásamt Jane Norman kl. 16 - 18 laugardaginn 15. sept.**

Einnig verður kynning á Airbrush förðun og Kérastase hárvörum.

### TOUS

**15% afsláttur**
- af ilmvötnum fyrir dömur og herra.
- af fallegum gjafaöskjum sem innihalda ilmandi glaðning.
- af kremlínum.

### ORMSSON
SMÁRALIND

**15-30% afsláttur**
af völdum hárvörum.

### byggtogbúið
Smáralind Kringlunni

Mesta úrval landsins af hártækjum. Í tilefni Snyrtidaga bjóðum við **20% afslátt** af öllum hártækjum.

Smáralind
**BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**

ENNEMM / SÍA / NM29682

**KJÖRKASSINN**



*Óttast þú hrun á hlutabréfamarkaði?*

| | |
|---|---|
| Já | 32% |
| Nei | 68% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðirðu á leik Íslendinga og Norður-Íra í gærkvöldi?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir



**ÁFRAM ÍSLAND!** Þessir nýju Íslendingar voru mættir á Laugardalsvöllinn í ausandi rigningu í gærkvöldi til að hvetja land sitt til sigurs gegn Norður-Írum. Þeir létu sig ekki muna um það að hrópa rammíslensk hvatningarorð þótt þeir hefðu enn ekki náð fullum tökum á tungumálinu. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Viðræður við Goldman Sachs eru á lokastigi:

# Ólafur Jóhann til liðs við Geysi Green Energy



**ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON**

**VIÐSKIPTI** Viðræður eru á lokastigi um að bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs og Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og framkvæmdastjóri hjá Time Warner, gangi til liðs við Geysi Green Energy. Þetta kemur fram í tilkynningu sem GGE sendi frá sér í gær. Samanlögð fjárfesting nýju hluthafanna mun jafngilda um 8,5 prósentum af hutafé GGE.

„Við erum afar glöð yfir því að hafa komið á samstarfi við Geysi Green Energy. Endurnýjanleg orka á eftir að leika æ stærra hlutverk í orkuframleiðslu heimsins og á jarðvarmasviði eru miklir vaxtarmöguleikar,“ er haft eftir Michael Feldman hjá Goldman Sachs í tilkynningunni. **- sh**





LÆRÐU LÉTTA DANSSVEIFLU Á TVEIM DÖGUM!

Námskeið haust 2007

Svingnámskeið: 15. og 29. september
13. og 27.október 10. og 24.nóvember

Verðum ballfær - Blandaðir dansar
Hvert námskeiðer 4 sunnudagskv. kl.20.3o - 22.3o
Námskeiðin hefjast 16.september, 14. okt og 11. nóv

Salsa Byrjendanámskeið 13. október
Framhaldsnámskeið 27.október
Framhaldssving - Frá ÆRÖ 29. september

Línudansar á miðvikudagskvöldum
Námskeiðin hefjast 19.september

Svingnámskeið
15. og 29.september

SÍMI 557 7700

DANSHÖLLIN
Drafnarfelli 2 111 Reykjavík
kod@komidogdansid.is
www.komidogdansid.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 38996 09.2007




**Acidophilus Bifidus + FOS**
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

**Milk Thistle DETOX**
Hreinsaðu líkamann að innan.

**Champignon DETOX + FOS og Spirulina**
Hreinsaðu líkamann – eyðir óæskilegri lykt.

**Psyllium Husk Fibre**
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið lægra verð
Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil


# Hefðbundið að miða byssum á grunaða

**Þrír ungir menn hafa kært lögregluna og segja sérsveit Ríkislögreglustjóra hafa beitt óeðlilega miklu harðræði við tilefnislausa handtöku. Ríkislögreglustjóri segir viðbrögð sérsveitarinnar í fullkomnu samræmi við hefðbundið verklag.**

**LÖGREGLAN** „Viðbrögð lögreglumanna í þessu lögregluverkefni voru í einu og öllu í samræmi við hefðbundið verklag lögreglu undir slíkum kringumstæðum,“ segir í athugasemd frá Ríkislögreglustjóra, vegna fréttar Vísis um kæru þriggja ungra manna á hendur lögreglu.

Ríkislögreglustjóri neitar því ekki efnislega í athugasemdinni að lögreglan hafi miðað byssum á þrjá unga menn, sem voru í bíl á leiðinni frá verksmiðju Ora við Vesturvör í Kópavogi 23. júlí síðastliðinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru drengirnir 19 ára gamlir og hafa aldrei komist í kast við lögin áður. Þeir voru á leið út á myndbandaleigu þegar lögreglan stöðvaði bílinn.

Þeir saka lögreglumennina um að hafa beitt óeðlilega miklu harðræði þegar þeir voru handteknir. Þeim hafi verið skellt umsvifalaust í jörðina og þeir handjárnaðir, meðan lögreglan beindi byssum að þeim. Heimildir herma að þeir hafi mátt liggja í vegarkanti í um tíu mínútur í votviðri.

Að því loknu hafi þeir verið færðir á lögreglustöð, þar sem leitað var á þeim. Þeir voru þá vistaðir í fangageymslu.

Lögreglumennirnir báðu drengina síðan afsökunar, þegar ljóst þótti að þeir væru alsaklausir.



**SÉRSVEIT LÖGREGLU** Er sökuð um að hafa beitt þrjá nítján ára pilta óeðlilega miklu harðræði, þegar hún miðaði byssum að þeim. Ríkislögreglustjóri segir vinnubrögðin eðlileg. MYND/ÚR SAFNI

Ríkislögreglustjóri segir sérsveitina hafa verið að bregðast við tilkynningu um skotvelli í nágrenninu. Tilkynningin hafi ekki átt við rök að styðjast og viðkomandi einstaklingar hafi ekki tengst málinu.

Lögreglu beri að haga viðbrögðum sínum í samræmi við alvarleika tilkynninga.

Kristín Edwald er lögmaður ungu mannanna. Hún vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

**klemens@frettabladid.is**

Hertoginn af Kent afhjúpaði minnismerki um flugmenn bandamanna:

# Eina sem Churchill óttaðist

**TÍMAMÓT** „Churchill sagði að það eina sem hann óttaðist í seinni heimstyrjöldinni hefðu verið kafbátar Þjóðverja,“ sagði Játvarður prins, hertogi af Kent við athöfn í Fossvogskirkjugarði í gær.

Játvarður hóf þannig ræðu sína og minntist mikilvægis hersetu bandamanna á Íslandi í seinni heimsstyrjöldinni. Sigur í baráttunni um Atlantshafið hefði ráðið úrslitum í henni. Þakkaði hann Íslendingum sitt framlag.

Hertoginn afhjúpaði síðan minnisvarða um flugmenn bandamanna sem dvöldu hér á landi á styrjaldarárunum, en hertoginn er verndari Konunglega breska flughersins.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hélt einnig ræðu og rifjaði upp að koma erlendra hermanna í seinni heimsstyrjöldinni hefði verið mikil reynsla fyrir bláfátæka þjóð sjómanna og bænda.

„Við erum ekki þjóð með hernaðarsögu og því er erfitt fyrir Íslendinga að skilja til fullnustu framlag hermanna bandamanna í seinna stríði,“ sagði hann og þakkaði hertoganum, og sérstaklega þeim fyrrverandi hermönnum sem viðstaddir voru afhjúpunina, þetta framlag.

Í hópi þeirra var Ralph Thomas Hannam, sem giftist íslenskri stúlku og býr hér enn. Einnig Terry Bulloch, sem var skæður á Liberator-sprengjuflugvélinni á sínum tíma og grandaði fjölmörgum kafbátum. Ýmsir ráðamenn voru viðstaddir athöfnina, svo sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. **- kóþ**



**FORSETINN HEILSAR HERTOGANUM AF KENT** Forsetinn sagði í ræðu sinni að erfitt væri fyrir herlausa þjóð að skilja til fullnustu þær fórnir sem hermenn annarra þjóða hafa þurft að færa í þágu lýðræðis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TERRY BULLOCH** Terry er kominn á tíræðisaldur og sökkti fjölmörgum kafbátum Þjóðverja á sínum tíma.

# Útborgun
## í hverjum mánuði!

### OKTÓBER 2007

| SUNNUDAGUR | MÁNUDAGUR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 30 | 1 Útborgun vaxta 40 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 41 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 42 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 43 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 44 | 30 | 31 | 1 | 2 | 3 |

**NÓVEMBER 2007**

| SUN. | MÁN. | ÞRI. | MIÐ. | FIM. | FÖS. | LAU. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 28 | 29 | 30 | 31 | Útborgun vaxta | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 1 |

**DESEMBER 2007**

| SUN. | MÁN. | ÞRI. | MIÐ. | FIM. | FÖS. | LAU. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | Útborgun vaxta |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | 31 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |

NÝJUNG

# Vaxtaauki
## innlánsreikningur

| Innistæða | Vextir á mánuði* |
|---|---|
| 1.000.000 | 9.958 |
| 3.000.000 | 29.875 |
| 5.000.000 | 53.333 |
| 10.000.000 | 106.667 |
| 15.000.000 | 160.000 |
| 20.000.000 | 215.833 |

* Samkvæmt vaxtatöflu Netbankans 12. sept. 2007

Viðskiptavinir fá greidda vexti mánaðarlega í stað árlega. Ef vextirnir liggja óhreyfðir inni á reikningnum safna þeir vaxtavöxtum.

- Háir vextir, greiddir út mánaðarlega
- Stighækkandi vextir eftir innistæðu
- Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Vaxtaauki er kjörinn fyrir fólk sem á sparifé og vill nota vextina til að standa straum af mánaðarlegum útgjöldum.

Reikningurinn er óverðtryggður og er innistæðan laus til útborgunar hvenær sem er.

Farðu inn á www.nb.is og stofnaðu reikning strax í dag.

Netbankinn
www.nb.is • Sími 550 1800

Himinn og haf / SÍA 9070881










Japanski forsætisráðherrann boðar afsögn sína eftir eitt ár í embætti:

# Abe víkur í kjölfar hrakfara

**JAPAN, AP** Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, boðaði í gær afsögn sína. Með því lýkur ferli ársgamallar ríkisstjórnar hans, sem vörðuð hefur verið hneykslismálum og niðurlægjandi kosningaósigri.

Abe, sem er 52 ára að aldri og yngsti ríkisstjórnarleiðtoginn í sögu Japans eftir stríð, lýsti því yfir að hann hefði ákveðið að hætta til að greiða fyrir samvinnu bæði stjórnar- og stjórnarandstöðuflokkanna á þingi um að ákveða framlenginguá aðgerðum japanska flotans á Indlandshafi til stuðnings hernaðaraðgerðum fjölþjóðlega herliðsins í Afganistan, sem Bandaríkjamenn fara fyrir.


**VÍKUR** Shinzo Abe stígur af sviðinu í Tókýó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Undir núverandi kringumstæðum er erfitt að koma í framkvæmd skilvirkri stefnu sem nýtur stuðnings almennings," sagði Abe á blaðamannafundi sem sendur var út beint um allt land.

Traust kjósenda á Abe mælist um þessar mundir innan við 30 prósent, en var yfir 70 prósent þegar hann tók við embætti af hinum vinsæla Junichiro Koizumi í fyrrahaust.

Abe sagðist hafa sett í gang ferli til að finna eftirmann sinn innan stjórnarflokksins LDP. Taro Aso, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem þykir sennilegur arftaki, vildi ekkert tjá sig um málið að svo stöddu. **- aa**

# Pútín skiptir um forsætisráðherra

**Rússlandsforseti hefur fengið lítt þekktan embættismann, Victor Zúbkov, til að vera forsætisráðherra fram að þingkosningum í byrjun desember. Hugsanlegt þykir að Pútín ætli Zúbkov að taka við forsetaembættinu á næsta ári.**

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti gerði sér lítið fyrir í gær og leysti forsætisráðherra sinn, Mikhaíl Fradkov, frá störfum og skipaði síðan nýjan mann, Victor Zúbkov, strax í starfið.


**VICTOR ZUBKOV**

Pútín segir þessar mannabreytingar nauðsynlegar til að „búa þjóðina" undir væntanlegar kosningar. Þingkosningar verða haldnar í Rússlandi 2. desember næstkomandi og forsetakosningar þremur mánuðum síðar.

Val Pútíns á Zúbkov í embætti forsætisráðherra virðist hafa komið öllum á óvart. Margir höfðu reiknað með að hann myndi velja í starfið þann mann, sem hann myndi vilja sjá taka við forsetaembættinu á næsta ári. Þar höfðu einkum tveir menn verið tilnefndir, Igor Ivanov, fyrrverandi varnarmálaráðherra, og Dmitrí Medvedev, stjórnarformaður stórfyrirtækisins Gazprom.

Zúbkov er lítt þekktur, en hefur verið yfirmaður fjármálaeftirlitsins í Rússlandi, stofnunar sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og hefur haft það verkefni að rannsaka peningaþvætti.

Þeir Pútín og Zúbkov hafa þekkst lengi. Pútín var yfirmaður Zúbkovs þegar þeir störfuðu báðir í borgarstjórn Pétursborgar snemma á síðasta áratug. Pútín hefur áður kallað fyrrverandi samstarfsmenn sína frá Pétursborg til háttsettra embætta í stjórn Rússlands.


**VLADIMÍR PÚTÍN OG MIKHAÍL FRADKOV** Fradkov gekk á fund Pútíns í gær að biðjast lausnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sumir stjórnmálaskýrendur telja að Pútín hafi valið Zúbkov til að geta stjórnað áfram á bak við tjöldin.

„Þessi útnefning er leið til þess að framlengja í reynd stjórn Vladimírs Pútín eftir að valdatíð hans er formlega lokið," segir Grigorí Javlinskí, leiðtogi Jabloko, flokks frjálslyndra.

Sergei Ivankov, sem er einn forystumanna í Jabloko, segir skipun Zúbkovs í forsætisráðherraembættið minna óþægilega á það þegar Boris Jeltsín, þáverandi forseti, skipaði Pútín forsætisráðherra sinn árið 1999. Fáeinum mánuðum síðar tók Pútín við forsetaembættinu af Jeltsín.

„Það er eins og maður hafi séð þetta áður," segir Ivankov.

Boris Gryzlov, forseti Dúmunnar, neðri deildar rússneska þingsins, lýsti strax yfir stuðningi sínum við Zúbkov. Hann segir að Dúman geti greitt atkvæði um skipan hans í forsætisráðherraembættið strax á föstudaginn. **gudsteinn@frettabladid.is**

Formaður Skotveiðifélagsins sáttur við ákvörðun um rjúpnaveiðar í ár:

# Rjúpan er takmörkuð auðlind

**NÁTTÚRUVERND** „Þetta er takmörkuð auðlind sem á í vök að verjast," segir Sigmar B. Hauksson formaður Skotveiðifélagsins. Hann er sáttur við ákvörðun umhverfisráðherra um rjúpnaveiðar.

Tilkynnt var í gær að veiða mætti í átján daga í nóvember, allar helgar mánaðarins, frá fimmtudegi til sunnudags. Mælt er með því að ekki fleiri en 38.000 fuglar verði felldir.

Á Suðvesturlandi verður áfram bannað að veiða á 2.600 ferkílómetra svæði og bannað verður að selja rjúpur og afurðir þeirra.

„Það er ekki rétt að hafa takmarkaða auðlind fyrir markaðsvöru," segir Sigmar um sölubannið. „Villt dýr eru víða erlendis utan markaðar og í þessu tilviki höfum við miklar upplýsingar um rjúpuna og það er ýmislegt sem herjar á hana," segir hann og telur til fjölgun refa og minka, vegi, síma- og rafmagnslínur.

Sigmar segir rjúpnastofninn í lægð og að svo verði næstu þrjú árin. Þangað til leggur hann áherslu á að skotveiðimenn vilji hafa fastan veiðitíma.

„Undanfarin ár hefur veiðitíminn aldrei verið sá sami. Við höfum lagt það til við ráðherra að þetta fyrirkomulag verði næstu þrjú árin og leggjum á það ríka áherslu." **- kóþ**


**BRÁÐIN** Rjúpnaveiðimenn mega fella 2.111 rjúpur á dag fjóra daga vikunnar í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


**SIGMAR B. HAUKSSON**


**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

ESTĒE LAUDER

# GJÖF

## GJÖFIN ÞÍN

DAGANA 13.-19. SEPTEMBER Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPA

Þetta er þinn dagur. Notaðu tækifærið og kannaðu hvað 7 daga skammtur af Daywear Plus kremi og Advanced Night Repair viðgerðardropum gerir fyrir húð þína. Prófaðu Pure Color varalit og nýtt gloss. Fyrir augu færðu 10 daga skammt af Projectionist Mascara. Að auki færðu Perfectly Clean hreinsi fyrir andlit og Nude Rose kinnalit.

**Allt þetta fyrir þig í fallegri snyrtitösku ef þú verslar Estée Lauder vörur fyrir 4.200 krónur eða meira í snyrtivöruverslunum Hagkaupa, dagana 13. – 19. September.**

**Verðgildi gjafarinnar er 9.200.**

*Meðan birgðir endast.*




www.esteelauder.com

VIÐ MÆLUM MEÐ:



ESTÉE LAUDER
ADVANCED NIGHT REPAIR
Protective Recovery Complex

Konur um allan heim þekkja ótrúlega virkni þessara dropa. Daga sem nætur auka þeir viðgerðarhæfni húðarinnar og veita vernd til frambúðar með því að gera óskaðleg allt að 90% af skaðlegum sindurefnum.

Hugsaðu um þetta sem "tryggingu" fyrir húð þína.

*Sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir þessa efnasamsetningu í Bandaríkjunum og um allan heim.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Franska rívíeran

Flugferð fyrir e-korthafa



Nú býðst e-korthöfum flug til Nice í Suður-Frakklandi á einstöku verði, aðeins

26.900 kr.

Báðar leiðir



Flogið út 21. september og komið heim 25. september

Nánari upplýsingar og pantanir hjá Express Ferðum í síma 5 900 100



Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

KORT
www.ekort.is

Fíton/SÍA F I 0 0 2 2 9 1 9

Örn Sigurðsson arkitekt um fyrirætlanir um stærri samgöngumiðstöð:

# Fullkomin vitfirring í Vatnsmýri

**SAMGÖNGUR** „Þetta er hin fullkomna vitfirring," segir Örn Sigurðsson, arkitekt og stjórnarmaður í Samtökum um betri byggð, um fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Vatnsmýri.

Haft var eftir Þorgeiri Pálssyni, forstjóra Flugstoða, í blaðinu í gær að þurfa kynni að auka við rými væntanlegrar byggingar, en upphaflega var reiknað með að hún tæki um 6.500 fermetra.

Vilji forstöðumanna Iceland Express til að fá aðstöðu í samgöngumiðstöðinni er helsta orsök líklegrar stækkunar, en félagið hefur farið fram á minnst 6.500 fermetra undir eigin rekstur.



**ÖRN SIGURÐSSON** Líst illa á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri.

„Samkvæmt skýrslu samgönguráðherra kostar minnst 3,5 milljarða á ári að hafa flugvöllinn í Vatnsmýri, okkar tölur eru reyndar nær 14 til 18 milljörðum, en hvort sem er þarf að drífa í því að þessi völlur fari," segir Örn.

Arkitektinn bendir á að væntanleg séu úrslit úr alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um framtíð Vatnsmýrarinnar. „Þar komu tæplega 140 úrlausnir og voru sextán valdar til frekari úrvinnslu. Engin þeirra reiknar með flugvelli, heldur mikilli borgarbyggð."

Milljarðahagsmunir séu í húfi, en ekki skipti minna máli áhrif vallarins á borgarlífið, sem snúist að miklu leyti um einkabílinn, því byggja þurfi svo langt frá miðbænum. **- kóþ**

# Öryggiskerfi í öllum íbúðum Urriðaholts

**Fjögur hundruð lóðir hafa verið seldar í Urriðaholti, sem nú er í uppbyggingu. Hver einasta íbúð verður búin öryggiskerfi, og öryggisverðir fara reglulegar vaktferðir um hverfið. Ekkert elítuyfirbragð, segir framkvæmdastjóri Securitas.**

**ÖRYGGI** Urriðaholt í Garðabæ verður fyrsta vaktaða hverfi landsins. Allar íbúðirnar, um 1.600 talsins, verða búnar öryggiskerfi og fara öryggisverðir í vaktferðir um hverfið samkvæmt samningi Securitas og Urriðaholts ehf.

Guðmundur Arason, framkvæmdastjóri Securitas, segir að þótt hverfið verði vaktað muni það ekki vera eins og sums staðar erlendis, sér í lagi í Bandaríkjunum, þar sem heilu hverfin eru girt af og fylgst með öllum sem fara inn og út.

„Þótt allir séu með kerfi þá er þetta ekki elítuyfirbragð sem mun einkenna hverfið," segir hann. „Ímyndin sem forsvarsmenn Urriðaholts vilja viðhalda er öryggi án þrúgandi öryggisstimpils."

Fjögur hundruð lóðir í hverfinu voru seldar í vor og verða afhentar til byggingar í apríl næstkomandi. Guðmundur segir gert ráð fyrir að öryggiskerfin verði komin í fyrstu húsin um tveimur árum eftir að byggingaframkvæmdir hefjast. Lóðirnar kosta allt frá 18 og upp í 60 milljónir króna.

Algengari tegund hverfagæslu er svokölluð nágrannavarsla. Þá skiptast íbúar á að hafa auga með húsum nágranna sinna, sérstaklega þegar þeir fara í frí og skilja húsin eftir mannlaus. Einnig eru nágrannarnir hvattir til að fylgjast með hvers kyns grunsamlegum ferðum og punkta niður bílnúmer og mannlýsingar.

Sérstöku nágrannavörsluverkefni á vegum Reykjavíkurborgar var ýtt úr vör í nóvember í fyrra, og voru Dverghamrar í Grafarvogi fyrsta gatan sem tók þátt í því. Skilti var sett upp við götuna sem gefur til kynna að íbúar hennar hafi tekið höndum saman um nágrannavörslu.

Sigrún Ævarsdóttir, sem býr við götuna, segir reynsluna af nágrannavörslunni góða, hún hafi ekki heyrt af innbroti í Dverghömrum síðan verkefnið fór af stað. Óformleg nágrannavarsla hafi þó verið stunduð í hverfinu í fjölda ára, en með verkefni Reykjavíkurborgar hafi hún orðið mun skipulagðari.

salvar@frettabladid.is




**VARIN GATA** Fyrsta gatan sem tók þátt í nágrannavörsluverkefni Reykjavíkurborgar voru Dverghamrar í Grafarvogi. Þar var sett upp skilti sem sýndi að nágrannar horfðu vökulum augum á alla grunsamlega gesti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**URRIÐAHOLT** Þegar öryggiskerfin verða komin upp fá íbúar gjaldfrjáls afnot af þeim í átján mánuði, en þurfa að greiða afnotagjald eftir það. Kjósi þeir að nota ekki kerfið verður það fjarlægt.

Alan Dukes, fyrrverandi fjármálaráðherra Írlands:

# ESB-aðildin bætti hagvöxt

**EVRÓPUMÁL** Aðild Írlands að Evrópusambandinu hefur haft margvísleg jákvæð áhrif á hagþróun í landinu. Þetta segir Alan Dukes, forstöðumaður Evrópufræðastofnunarinnar í Dyflinni (IEA) og fyrrverandi fjármálaráðherra Írlands, í samtali við Fréttablaðið, en hann er meðal ræðumanna á ráðstefnu sem haldin verður í Háskóla Íslands á föstudag undir yfirskriftinni „Uppspretta auðæfa í smáríkjum".

Mikill hagvöxtur hefur verið á Írlandi frá því á tíunda áratugnum og nú er svo komið að velmegun er orðin það mikil í landinu að það hefur ekki lengur tilkall til styrkja úr þróunarsjóðum Evrópusambandsins, sem írskt hagkerfi naut mjög góðs af fyrstu áratugina eftir inngöngu landsins í sambandið árið 1973.



**ALAN DUKES**

Dukes tilgreinir þrjá þætti, sem ESB-aðildin gerði fyrir hagþróun í landinu. Í fyrsta lagi bætti hún til muna markaðsaðgang írskra útflytjenda og greiddi þannig fyrir auknum utanríkisviðskiptum. Í öðru lagi bætti aðlögunin að sameiginlegu landbúnaðarstefnunni tekjur bænda til muna, að minnsta kosti fram á miðjan tíunda áratuginn. Í þriðja lagi ýttu styrkirnir úr þróunarsjóðum ESB mjög undir hagþróunina með arðbærum fjárfestingum í grunninnviðum.

Spurður hvernig Írlandi hafi reitt af með lágvaxtamyntina evruna á hagvaxtarskeiðinu frá því hún varð lögeyrir Íra árið 1999 segir Dukes að evran hafi ýtt verulega undir útflutningsframleiðslu. Hún hafi jafnframt krafist mun meiri aga af stjórnvöldum í umgengni við þau hagstjórnartæki sem þau höfðu eftir, þegar hefðbundin peningamálastjórn var komin í hendur Seðlabanka Evrópu.

Önnur afleiðing af þessum aðstæðum – auðveldu aðgengi að lágvaxtalánsfé á sama tíma og þensla ríkir í hagkerfinu – sé fasteignabóla, sem Dukes segir vísbendingar um að sé að því komin að springa. **- aa**

Icelandic Glacial í lokaúrslit:

## Keppir við Coca-Cola

**VIÐSKIPTI** Icelandic Glacial vatnið er komið í lokaúrslit í samkeppni um þekktustu verðlaun sem veitt eru fyrir vatnsframleiðslu í heiminum. Ásamt Icelandic Glacial eru þekkt merki eins og Coca-Cola og Danone, sem framleiðir Evian-vatnið.

Icelandic Glacial er tilnefnt ásamt hinum fyrirtækjunum tveimur í flokknum besta framtak í sjálfbærni.

Verðlaunin kallast Bottled-WaterWorld Awards og verða úrslitin kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu vatnsframleiðenda í Mexíkóborg á morgun. - lbb



**HAMAR** Félagsheimili Þórsara á Akureyri.

Byggt upp hjá Þór á Akureyri:

## Þórsarar sáttir við ný áform

**FÉLAGSMÁL** Akureyrarbær og Íþróttafélagið Þór hafa samið um uppbygginguá íþróttasvæði félagsins.

Þór fær aukið svæði til æfinga, hiti verður lagður í knattspyrnuvöll og ný áhorfendastúka byggð. Þá verður frjálsíþróttavelli komið upp á félagssvæðinu sem Ungmennafélag Akureyrar fær til umráða.

Í frétt á akureyri.is segir að það sé sameiginlegur skilningur samningsaðila að um góðan og hagstæðan samning sé að ræða.

Félagsfundur Þórs hafnaði eldri samningi um uppbyggingu svæðisins. Nýi samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykkt bæjarráðs. - bþs

Úrbætur í framhaldsskólum:

## Guðrún í vinnu hjá ráðherra

**STJÓRNMÁL** Menntamálaráðherra hefur ráðið Guðrúnu Ögmundsdóttur, fyrrverandi þingmann Samfylkingarinnar, sem verkefnisstjóra málefna þeirra framhaldsskólanema sem hafa annað móðurmál en íslensku.



**GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR**

Starfshópur vinnur að tillögum um stuðning til nema sem svo er ástatt um og hefur sjóður verið stofnaður til að styrkja íslenskukennslu þeirra með sértækum hætti.

Meðal aðgerða sem sjóðnum er ætlað að styrkja eru stuðningskennsla og fræðsla fyrir kennara í að kenna íslensku sem erlent tungumál. - bþs

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Innbrot í bíl

Brotist var inn í bíl í Hjallahverfi í Kópavogi í fyrrinótt. Þjófurinn náði að komast á brott með iPod, tösku, geisladiska, tölvuflakkara og nokkur tölvustýrikerfi. Lögreglan rannsakar málið.

**DÓMSMÁL**

### Fíkniefni í póstkassa

Karlmaður var ákærður í Héraðsdómi Norðurlands vestra í gær fyrir fíkniefnalagabrot. Við húsleit lögreglu hjá manninum 21. apríl síðastliðinn kom í ljós að hann hafði komið rúmlega 67 grömmum af hassi fyrir á ýmsum stöðum á heimilinu, meðal annars í póstkassa. Enn fremur framvísaði ákærði 0,59 grömmum af amfetamíni sem hann hafði á sér þegar húsleitin var gerð.






**FJÁRFESTINGAR ÍSLENDINGA Í KAUPMANNAHÖFN**

# Miðborgardjásn í eigu Íslendinga

**Gísli Þór Reynisson athafnamaður óttast ekki gremju Dana vegna kaupa hans á einu þekktasta hóteli Danmerkur, Hôtel d'Angleterre. Fyrirtæki Gísla hefur keypt d'Angleterre og fleiri hótel af fjölskyldufyrirtækinu Remmen hotels. Kaupverðið er talið 15-20 milljarðar.**

„D'Angleterre byggir á 250 ára gamalli hefð sem eitt þekktasta hótel í Skandinavíu þannig að það er ekki verið kaupa köttinn í sekknum," segir Gísli Þór Reynisson, forstjóri og aðaleigandi fjárfestingafélagsins Nordic Partners, sem fest hefur kaup á þremur hótelum og veitingastað í hjarta Kaupmannahafnar.

Þeirra á meðal er hið rúmlega 250 ára gamla, fimm stjörnu Hôtel d'Angleterre við Kóngsins Nýjatorg, eitt þekktasta hótel borgarinnar. Fjölskyldufyrirtækið Remmen Hotels seldi hótelin þrjú, d'Angleterre, Kong Frederik og Front, og veitingastaðinn Copenhagen Corner við Ráðhústorgið. Kaupverðið var ekki gefið upp en talið er að það sé á bilinu 15 til 20 milljarðar króna.

Gísli segist ekki óttast að missa viðskipti vegna gremju heimamanna með íhlutun íslenskra auðmanna. „Miðað við fyrri kaup Íslendinga í Danmörku þá má maður nú búast við einhverjum viðbrögðum en það er bara eitthvað sem við munum díla við. Viðskiptavinir okkar hótela eru að stórum hluta útlendingar – Danir eru ekki stór kúnnahópur – þannig að ég hef ekki áhyggjur."

„Þetta eru hótel í sérklassa," segir Gísli, sem býst ekki við að gera róttækar breytingar á starfseminni. „Framkvæmdastjórinn mun halda áfram hjá okkur en vinna eftir nýrri markmiðasetningu sem við höfum lagt niður. Við munum taka mjög virkan þátt sem eigendur í gegnum stjórn félagsins."

Viðræður um kaupin hófust í febrúar þegar Remmen-hjónin vildu koma fyrirtækinu í annarra hendur vegna veikinda eiginmannsins, sem er á áttræðisaldri. „Þau vildu fara hægt í sakirnar og var ekki sama í hvaða höndum þetta ævistarf þeirra endaði," segir Gísli.

Á þaki d'Angleterre blakta þrjú eintök af Dannebrog, danska þjóðfánanum. Gísli segist ekki búast við að skipta neinum þeirra út fyrir íslenskan að svo stöddu. „Það stendur ekki til. Þetta byggist allt upp á sterkri, gamalli, danskri hefð sem við munum náttúrulega virða í alla staði." **stigur@frettabladid.is**




**D'ANGLETERRE** Fjölmargir þekktir menn hafa dvalið á d'Angleterre-hótelinu, meðal annars Winston Churchill, Bill Gates, Walt Disney og liðsmenn Rolling Stones. Nóttin í venjulegu einstaklingsherbergi kostar tæpar þrjátíu þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR




**ILLUM OG MAGASIN** Gamalgrónu verslunarmiðstöðvarnar Illum og Magasin du Nord eru einnig í eigu Íslendinga.




**KONG FREDERIK** Hótel og gistiheimili hafa verið rekin á reitnum þar sem Kong Frederik stendur frá því á fjórtándu öld. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR




**FRONT** Front er nýtískulegt hótel í tveggja mínútna fjarlægð frá Nýhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR




**COPENHAGEN CORNER** Gísli segir viðskiptavini veitingastaðarins Copenhagen Corner, líkt og hótelanna, fyrst og fremst vera útlendinga. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR

# Hagnaðist á atvinnurekstri í Lettlandi

Gísli Þór Reynisson hefur undanfarinn áratug verið afar umsvifamikill atvinnurekandi í Eystrasaltslöndunum, aðallega í Lettlandi, þar sem hann er ræðismaður Íslands. Hann er forstjóri og aðaleigandi Nordic Partners, kaupanda hótelanna dönsku.

Gísli lærði fjármálahagfræði og tölfræði í Finnlandi. Hann hóf að stunda fjárfestingar í Lettlandi árið 1992 og fjórum árum síðar stofnaði hann fyrirtækið Nordic Industries. Hann hagnaðist á rekstri stærstu og þekktustu súkkulaði- og sætabrauðsverksmiðju landsins sem og safaverksmiðjunni Gutta og pítsu- og samlokuframleiðslunni Euro-Food. Þá festi hann kaup á timburvinnslu og tveimur höfnum í landinu.

Í dag á Nordic Partners þar að auki stóra iðn- og skrifstofugarða í höfuðborginni Riga og einkaþotuflugfélagið Ice Jet.

Í úttekt tímaritsins Sirkuss í sumar á ríkustu Íslendingunum var Gísli í 15. sæti listans. Eignir hans voru þá metnar á um 35 milljarða króna. **- sh**



**GÍSLI REYNISSON** Forstjóri og aðaleigandi Nordic partners hóf fjárfestingar í Lettlandi árið 1992. Í Nýlegri úttekt Sirkuss var hann sagður 15. ríkasti íslendingurinn.

## HVAÐ SEGJA HEIMAMENN?



**PER DJARNER**
„Mér finnst þetta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að allt sé falt þeim sem best býður. Það er búið að selja allt of mikið af dönskum fyrirtækjum til útlendinga."



**JACK NIELSEN**
„Ég hef enga sérstaka skoðun á því. Ef Íslendingarnir hafa svona mikil fjárráð þá er það gott mál fyrir þá."



**LINDA THESBJERG**
Mér finnst það bara fínt, svo lengi sem húsið verður ekki flutt. Það væri sjónarsviptir að því. Annars hef ég aldrei komið þangað inn, veit bara að þetta þótti alltaf fínasta hótelið í bænum.

# Flaggskip hótela í Skandinavíu

D'Angleterre er eitt fjögurra fimm stjörnu hótela í Danmörku og eitt hið sögufrægasta. Það var reist árið 1755 og er jafnan kallað flaggskip hótela í Skandinavíu. Það hefur oft lent ofarlega á lista matgæðinga víða um heim yfir bestu veitingastaðina.

Hótelið skipar stóran sess í sögu Danmerkur, og þar voru meðal annars lögð drög að stjórnarskrá landsins árið 1849. H.C. Andersen var tíður gestur á hótelinu.

Margir heimþekktir einstaklingar hafa gist á hótelinu og sumir haldið sérstaklega upp á það. Meðal þeirra má nefna Winston Churchill, Bill Clinton, Grace Kelly, Michael Jackson, Walt Disney, David Rockefeller, Bill Gates, Henry Kissinger, Isabel Allende, Tinu Turner, og liðsmenn hljómsveitanna Rolling Stones, U2, Metallica og Red Hot Chili Peppers.

Þá hafa þjóðþekktir Íslendingar einnig haft dálæti á hótelinu. Halldór Laxnes vandi komur sínar þangað og Vigdís Finnbogadóttir gisti aldrei annars staðar þegar hún dvaldi í Danmörku sem forseti.

Fjögurra stjörnu hótelið Kong Frederik við Ráðhústorgið er vinsælt meðal íslenskra ferðamanna. Það hlaut nafnið árið 1898 en hótel og gistiheimili hafa verið rekin á reitnum frá 14. öld. Hótelið Front er nýtískulegra en hin tvö og stendur við Nýhöfn. **- sh**

**VERÐ Á NÆTURGISTINGU Á D'ANGLETERRE**

| | |
|---|---|
| Einstaklingsherbergi | 28.500 kr. |
| Tveggja manna herbergi | 33.000 kr. |
| Svíta | 64.000 kr. |
| Tveggja herbergja konungleg svíta | 252.000 kr. |




RX 350 sameinar glæsileika, fágun, gríðarmikið afl og einstakt öryggi. Hann er athvarf frá álagi hinna virku daga. Hann er hrein upplifun þar sem landið hættir að setja þér takmörk og víður sjóndeildarhringur opnar þér nýja möguleika. Komdu og gefðu Lexus RX 350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Niðurstaðan verður gagnkvæm virðing milli þín og RX 350, bíls sem er smíðaður til að standa undir ströngustu væntingum.

Verð frá: 5.520.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection

# TILE

## STÚTFULL BÚÐ AF



## GIGABYTE
### POSEIDON 2 TÖLVUTILBOÐ

- Intel Core 2 QUAD Q6600 - 8MB
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 22" WideScreen skjár 700:1, 5ms
- 256MB 8600GT SilentPipe2 skják.
- 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
- Logitech þráðlaust lyklaborð og mús
- Windows VISTA Home Premium

**149.900**

VE36 **5.750** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði

3 DAGA TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




## 22"LCD SKJÁR

Acer X222W er einn magnaðasti 22" skjárinn á markaðnum. Hér fara saman glæsileg hönnun og allar helstu nýjungar í skjátækni og útkoman er ótrúleg.

- 22" CrystalBrite LCD skjár
- 1000:1 skerpa tryggir myndgæðin
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA og DVI í HDMI Digital tengi
- Ótrúleg dýpt og háskerpu litir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**29.900**



## 500GB
**SPECIAL EDITION 16MB**

INOi margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

**23.900**

**19.900 MEÐ 320GB**

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast



## ACER 5520
### FERÐATÖLVA Á FRÁBÆRU VERÐI

- AMD Dual Core X2 TK53 1.7GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA HighBrite skjár
- 256MB Radeon X1250 HM896
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Microsoft VISTA Home Premium

Áreiðanleg og örugg TravelMate fartölva úr nýju línu Acer með Dasp harðdiskvörn, kortalesarsara, ofl. ofl.

acer

**79.900**

VE24 **4.330** Á MÁN | VE LÁN Í 24 MÁNUÐI



## Uppfærsla 1

- AM2 Sempron64 3200+
- GIGABYTE 690V móðurb.
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 512MB ATI X1200 skjást.
- 7.1 Dolby HD hljóðkort
- Gigabit netkort, 8x USB2

**14.900**



CREATIVE

## 1GB STONE MP3 SPILARI

Einn minnsti MP3 spilari í heimi, aðeins 18,5g með hleðslurafhlöðu og heyrnartólum.

**4.990**



CREATIVE FATAL1TY

Glæsileg Creative Fatal1ty leikja heyrnartól með 40mm Neodymium hátölurum og vönduðum hljóðnema

**6.990**




## 500GB eSATA hýsing

iMicro500 er algjör bylting í gagnaflutningi. eSATA er allt að 6x hraðvirkara en USB2 tenging

**14.900**

**11.900 MEÐ 320GB**



## GIGABYTE 8400GS

Öflugt skjákort frá GIGABYTE á ótrúlegu tilboðsverði , 256MB Silent Pipe kælitækni

GIGABYTE

**7.990**



## Uppfærsluturn 3

- Intel Core 2 Duo örgjörvi E2140
- GIGABYTE P31-S3L FSB1333
- 2GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB NCQ harðd.
- 256MB GeForce 8400GS skjákort
- 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 8x USB2
- GIGABYTE GZ hljóðlátur turn

**49.900**

VE12 **4.824** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði



BOÐ
FRÁBÆRUM TILBOÐUM
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
FARTÖLVUR FRÁ PACKARD BELL OG ACER Í MIKLU ÚRVALI
1GB MINNI
3.990
1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni
Tilboð aðeins í dag, meðan birgðir endast
320GB HARÐDISKUR
5.990
Athugið aðeins 1 stk. á mann
ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI
10 DVD DISKAR
990
Áprentanlegir Verbatim 16x DVD+R
IP4300 PRENTARI
9.990
Mest seldi prentari á Íslandi
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 2480 FARTÖLVA
46.900
HVERGI Á LÆGRA VERÐI
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu • Birt með fyrirvara um breytingar og villur

## „ORÐRÉTT“

### Steypubílum snúið við

**„Ég er staddur erlendis og veit bara ekkert um þetta mál.“**

MAGNÚS KRISTINSSON ATHAFNAMAÐUR UM AÐ SVEITARSTJÓRN BLÁSKÓGABYGGÐAR HAFI KOMIÐ Í VEG FYRIR ÁFORM HANS UM AÐ REISA ÞYRLUPALL VIÐ HÚS SITT Í REYKHOLTI.

Fréttablaðið 12. september.

### Júdas og Vodafone

**„Einhver hefur þurft að leggja töluvert mikið á sig til að finna þetta.“**

LINDA WAAGE, UPPLÝSINGAFULLTRÚI SÍMANS, UM AUGLÝSINGU SÍMANS ÞAR SEM NAFN VODAFONE KEMUR FYRIR Á SÍMA JÚDASAR.

Fréttablaðið 12. september.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BENEDIKT S. LAFLEUR, BÓKAÚTGEFANDI OG SJÓSUNDMAÐUR

## Með metsölubók í kollinum

„Ég er nú sestur að tímabundið hérna fyrir norðan og hugsa að ég verði hérna meira og minna í vetur,“ segir Benedikt S. Lafleur, sem kennir Akureyringum Sahaja-jóga í sjálfboðastarfi í vetur. „Þetta hefur gengið ágætlega fyrir sunnan. Jóga er lausn allra vandamála og svo er það ókeypis fyrir alla,“ segir Benedikt og hlær.

En Benedikt er einnig mikill áhugamaður um sjósund og hefur reynt að synda yfir Ermarsundið oftar en einu sinni. „Já, ég hef líka verið að synda í sjónum til að brýna viljann. Ég tók þátt í gjörningi á Akureyrarvöku og synti yfir fjörðinn. Svo reyndi ég við Drangeyjarsundið en það var of kalt til að fara alla leið, rétt um 9 gráður. Drangeyjarjarlinn, Jón frá Fagranesi fylgdi mér og sonur hans, Viggó, kvikmyndaði þetta. Við Jón Karl Helgason erum að gera heimildarmynd um sjósund á Íslandi.“



Benedikt var staddur í Davíðshúsi Stefánssonar skálds þegar Fréttablaðið sló á þráðinn. „Svo er ég með hugsanlega metsölubók eftir sjálfan mig í smíðum og hef verið að vinna að þýðingu á ýmsum verkum. Ég krækti mér til dæmis nýlega í útgáfuréttinn að bókum eftir Erich-Emmanuel Schmitt, sem hefur verið hjá Bjarti. Önnur bókin fjallar um Mozart og mun hljómdiskur fylgja með.“

Benedikt dansar einnig og vinnur að handriti að dansmynd. „Það er líka í samvinnu við Jón Karl, ásamt Katrínu Hall hjá Íslenska dansflokknum. Annars tekur maður því rólega hérna í blíðunni og logninu á Akureyri.“

## KRÆKIBER
### TREFJA- OG JÁRNRÍK



■ Krækiber hafa verið tínd hér á landi allt frá landnámi. Þau eru trefja- og járnrík. Þegar krækiber vaxa verða þau fyrst græn, síðan rauð og loks svört. Úr krækiberjum má búa til sultu og hlaup. Hlaupið þykir herramannsmatur en vandasamt er að búa það til. Einnig má gera krækiberjasaft úr berjunum. Sumir geyma saftina í kæli og drekka eitt staup á morgnana sér til heilsubóta. Úr krækiberjum má einnig brugga vín og líkjör. Krækiber eru harðgerðari en önnur ber og þau er hægt að tína langt fram eftir hausti.

## SJÓNARHÓLL
**ÍSLAND AF LISTA STAÐFASTRA ÞJÓÐA**

### *Hvílir margt þyngra á írösku þjóðinni*



**JÓHANN ALFREÐ KRISTINSSON HEIMDALLUR**

„Ég segi bara: Hvaða listi? Hvenær fórum við á þennan lista og hvenær fórum við af honum og hvaða máli skiptir það þegar fólk er að deyja í Írak á hverjum degi?“ segir Jóhann Alfreð Kristinsson, laganemi og stjórnarmaður í Heimdalli, um þá staðreynd að Ísland sé ekki lengur að finna á lista yfir 30 staðfastar þjóðir sem studdu innrásina í Írak árið 2003.

„Mér finnst þessi listi í hnattrænu samhengi ekkert skipta miklu máli heldur frekar að við reynum að láta eitthvað gott af okkur leiða þarna. Ég veit það ekki, var þetta ekki bara kokkað upp í Washington á sínum tíma með einhverju þöglu samkomulagi hérna uppi á Íslandi? Í öllu þessu Íraksmáli finnst mér þetta nú ekki vera stærstu tíðindin. Ég held að það sé margt sem hvílir þyngra á írösku þjóðinni en hvort við séum á einhverjum lista eða ekki.“

Jóhann segist ekki himinlifandi með að eini íslenski friðargæsluliðinn hafi verið kallaður heim. „Ég hefði ekki kippt mér upp við að hann hefði verið þarna áfram. Ég veit ekki betur en að við höfum verið að vinna gott starf þarna úti. En ef þetta fer fyrir brjóstið á fólki þá skiptir þetta svo sem ekki öllu máli.“

# Pála frænka komin í leitirnar

**„Ég vissi að hún ætlaði að blogga um þetta en átti nú ekki von á þessum viðbrögðum,“ segir Sigurpála María Birgisdóttir, lykilpersóna í pólitískum misskilningi sem reið yfir bloggheima á þriðjudag.**

Málavextir eru þeir að Sóley Tómasdóttir, varaborgarfulltrúi Vinstri grænna, greip til myndmálsins á bloggsíðu sinni þar sem hún gagnrýndi Samfylkinguna í kvenfrelsismálum. Líkti hún flokknum við Pálu nokkra frænku sína sem í barnæsku æfði sig aldrei á skíðum nema þegar stórmót voru fram undan.

Sjónvarpsmaðurinn vinsæli Egill Helgason greip þessi orð á lofti og túlkaði sem ómaklega árás á Önnu Pálu Sverrisdóttur, laganema sem gefur kost á sér til formanns Ungra jafnaðarmanna. Fleiri fylgdu í kjölfarið. Pétur Gunnarsson, fréttastjóri Eyjunnar, sagði þetta dæmi um að frænkur væru frænkum verstar og bloggarinn Tómas Hafliðason benti á að þarna væri hinn yfirlýsti femínisti Sóley að bregða fæti fyrir kynsystur sína.

Svo rammt kvað við að jafnvel Önnu Pálu, sem er alls óskyld Sóleyju og hefur aldrei æft skíðaíþróttir, var farið að gruna að verið væri að skjóta á hana. Bróðir hinnar réttu Pálu hjó loks á hnútinn og skýrði í athugasemdakerfi Sóleyjar hvernig í pottinn væri búið og Sóley sjálf sá sig knúna til að ítreka að hún hefði alls ekki átt við Önnu Pálu.

Nú er hin eina sanna Pála frænka komin í leitirnar. Fullu nafni heitir hún Sigurpála María Birgisdóttir og starfar á bókhaldssviði Fjársýslu ríkisins. Sigurpála tekur málinu vel og staðfestir að orð Sóleyjar eigi við rök að styðjast: hún hafi vissulega aðeins æft skíði þegar stórmót voru í nánd. Þess má geta að Sigurpála lenti í 20. sæti í stórsvigi níu ára stúlkna á Andrésarleikunum 1985. bergsteinn@frettabladid.is



**PERSÓNUR OG LEIKENDUR** Bloggfærsla Sóleyjar um skíðaiðkun Pálu frænku sinnar vakti úlfaþyt. Frá vinstri: Pétur Gunnarsson, Tómas Hafliðason, Anna Pála Sverrisdóttir, Sigurpála María Birgisdóttir, Egill Helgason og Sóley Tómasdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

## VIÐBRÖGÐ VIÐ BLOGGI SÓLEYJAR

**Tómt grín**

Sóley Tómasdóttir skrifar um framboð Önnu Pálu Sverrisdóttur til formennsku í Félagi ungra jafnaðarmanna á bloggi sínu og kemst að þeirri niðurstöðu að hvorki sé hægt að taka hana né flokk hennar alvarlega. Það vanti úthaldið. Þetta sé eiginlega bara tómt grín. Stjórnmálaskýring Sóleyjar er kostuleg – en felur meðal annars í sér að í Samfylkingunni séu ekki alvöru femínistar.

Egill Helgason - eyjan.is/silfuregils

**Kostuleg grein**

Það er alveg kostulegt að lesa síðuna hennar Sóleyjar um Pálu frænku sína, nú þegar Anna Pála er að bjóða sig fram til formennsku hjá ungum jafnaðarmönnum. Sóley skyldi þó ekki vera að bregða fæti fyrir konu?

Tómas Hafliðason - eyjan.is/tomasha

**Vond frænka**

Ég verð að segja að á einhvern súrrealískan hátt hefur mér þótt aðdáunarvert að fylgjast með því að Sóley efast aldrei um réttmæti þess að kona sé betur komin að því að fá stöðu og embætti en allir kallar sem við er að etja. En engin er regla án undantekningar. Nú er fundin konan sem sækist eftir áhrifum í óþökk Sóleyjar Tómasdóttur. Það er frænka hennar, Anna Pála, sem vill upp á dekk og verða formaður Ungra jafnaðarmanna.

Pétur Gunnarsson – eyjan.is/hux

**Ný frænka**

Ég sem hélt ég hefði eignast aðra frænku í Ráðhúsinu. Það reynist ekki vera rétt. En ég verð að játa að ég var ein af þeim sem féll í gildruna og hélt að Sóley beibí væri að skjóta á mig. Skildi reyndar alls ekki hver punkturinn ætti að vera og fannst þessi líking alveg smjörsteikt. Úr verður hinn besti brandari.

Anna Pála Sverrisdóttir – annapala.blog.is

Burt með seðilgjöldin

veita

Námsefni um einelti:

## Skólabörn fá gefins litabók

Börn sem hefja nám í grunnskóla í haust fá litabók um Ýmu tröllastelpu að gjöf frá Regnbogabörnum, fjöldasamtökum gegn einelti.



**ÝMA TRÖLLASTELPA**

Í litabókinni er að finna fræðsluverkefni um einelti og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara.

Fyrirtækið Prentmet gefur bókina til styrktar Regnbogabörnum og kemur hún nú út í nýrri og endurbættri útgáfu.

Í tilkynningu hvetja forsvarsmenn Regnbogabarna kennara til þess að vekja börnin til umhugsunar um einelti og munu þeir fylgja verkefninu úr hlaði með því að sækja grunnskóla landsins heim. - eb

# KAPPAKSTURINN MIKLI 2007

KAPPAKSTURINN MIKLI snýst ekki um hraða heldur sparneytni og mengun. Í akstrinum keppa vistvænustu bifreiðar landsins um það hver þeirra er sparneytnust og mengar minnst.

Í keppninni er bifreiðunum skipt í flokka eftir stærð. Bifreiðunum verður ekið fyrirfram ákveðinn hring á höfuðborgarsvæðinu í almennri umferð. Verkfræðinemar við HÍ aka bifreiðunum en skipt verður um ökumenn nokkrum sinnum á leiðinni til að draga úr áhrifum aksturslags einstakra ökumanna.

Keppt verður á þremur sviðum: minnstri orkunotkun, minnstum $CO_2$ útblæstri og ódýrasta hringnum. Bifreiðarnar koma frá 5 bílaumboðum og 3 bílar frá Orkuveitu Reykjavíkur. Ennfremur taka einstaka stofnanir og fyrirtæki þátt, s.s. Sorpa og Orkustofnun.

Markmið KAPPAKSTURSINS MIKLA 2007 eru að:

- Vekja athygli á mengun frá ökutækjum
- Vekja athygli á orkunotkun ökutækja
- Vekja athygli á beinum orkukostnaði ökutækja
- Vekja almenning til meðvitundar um valkosti og framtíðarlausnir

Orkuveita Reykjavíkur og VOR, sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, efna til KAPPAKSTURSINS MIKLA 2007.

KAPPAKSTURINN MIKLI 2007

ferð fram fimmtudaginn **13. september** og hefst **kl. 12:00** við eldsneytisstöð Atlantsolíu við Húsgagnahöllina á Bíldshöfða.

Úrslit og afhending verðlauna fara fram **sunnudaginn 16. september kl. 14:30** í Perlunni á sýningu á vistvænum bílum sem er opin 15. og 16. september frá kl. 12:00 - 17:00.

Orkuveita Reykjavíkur

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

VERKFRÆÐISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

metan

ATLANTSOLIA

DRIVING SUSTAINABILITY '07
www.driving.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 38886 09/07

## Svona erum við

> Einkaneysla heimilanna á föstu verðlagi, í milljónum króna




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

# Launamunur kynjanna hefur aukist

Ekki dregur úr launamun kynjanna að því er kemur fram í nýrri kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH). Félagsmálaráðherra óskar eftir samstarfi aðila vinnumarkaðarins í baráttunni gegn kynbundnum launamun og hefur lagt fram áform um aðgerðir í þá átt fyrir ríkisstjórnina.

**Hvað er kynbundinn launamunur?**
Ólík viðhorf til karla annars vegar og kvenna hins vegar og til hlutverka þeirra og stöðu í samfélaginu eru talin skýra kynbundinn launamun. Viðhorfin hafa áhrif á félagslegan mun á kynjunum, svo sem ólíkt starfsval, ólíkan vinnutíma og ólíka ábyrgð gagnvart fjölskyldu, sem gerir atvinnuumhverfi karla og kvenna almennt ólíkt. Ástæður launamunar eru því mismunandi en niðurstaðan er sú að konur eru á heildina litið með lægri tekjur heldur en karlar.




**Hvernig er launamunur mældur?**
Erfitt reynist að bera saman kannanir þar sem ólíkum aðferðum er oft beitt til að leiðrétta fyrir mismunandi aðstæðum kynjanna. Einfaldasta leiðréttingin á launamun karla og kvenna er að taka tillit til vinnutíma. Sá mælikvarði hefur verið kallaður launabil kynjanna, sem er meðaltímakaup eftir kyni. Talan gefur til kynna hve mikið konur vantar til að hafa sama tímakaup og karlar. Þessi viðmiðun er mikið notuð í alþjóðlegum samanburði.

**Hve mikill er launamunur kynjanna á Íslandi?**
Árið 2000 mældist launabil kynjanna 24 prósent hjá hinu opinbera og 27 prósent á almennum markaði. Það er í samræmi við tilhneigingu annars staðar í heiminum að launamunur sé meiri á almennum markaði en hjá hinu opinbera. Í niðurstöðu kjarakönnunar FVH fyrir árið 2007 hefur verið leiðrétt fyrir fleiri þáttum og tekið tillit til meðal annars menntunar, starfs, atvinnugreinar og aldurs. Sú könnun leiddi í ljós að launamunur hafði aukist úr 6,8 prósent árið 2003 í 8,8 prósent nú. **Heimild: Vísindavefurinn**

## SPURT & SVARAÐ
GJAFAEGG

### *Gefur öðrum tækifæri*


**GUÐMUNDUR ARASON**
Kvensjúkdómalæknir

Fyrir skömmu auglýsti par í Fréttablaðinu eftir gjafaeggi. Nokkrar konur brugðust við auglýsingunni. Guðmundur Arason er kvensjúkdómalæknir hjá Art Medica.

**Hvað þurfa konur að hafa í huga þegar þær íhuga það að gefa egg?**
Konur þurfa í fyrsta lagi að hafa í huga að þær eru að gefa egg til að hjálpa öðrum. Konur eiga ekki að gefa og hugsa um eigin hag eða hugsa um þetta sem framhald af sér. Fyrst og fremst er gjafinn að stuðla að hamingju og velferð annarra para.

**Er algengt að konur gefi egg?**
Konur gefa egg en ef við miðum við biðlistann þá eru ekki nógu margar konur sem gefa egg. Ef við berum okkur saman við Blóðbankann þá auglýsa þeir og minna fólk á að gefa blóð. Ef ekki er auglýst þá gleymir fólk að gefa blóð. Þannig að það þarf sífellt að minna á þetta. Til eru konur sem gefa vinkonum eða systrum egg en það má minna aðrar konur á þennan möguleika líka.


## Stofnfundur Melrakkaseturs Íslands

Fyrirhugað er að stofna einkahlutafélag um söfnun muna og sýningu á munum er tengjast **melrakka (tófu)**. Safnið verður til húsa í Eyrardalsbænum í Súðavík.

**Stofnfundurinn** verður haldinn þann 15. september nk. kl.14:00 í Samkomuhúsi Súðavíkur.


Ljósmyndari: Daniel Bergmann

Tilgangur félagsins er söfnun muna, utanumhald og sýning á munum er tengjast melrakka (tófu). Í því felst rekstur á sýningaraðstöðu í Súðavík og önnur skyld starfsemi.

Melrakkasetri er ætlað að vera fræðasetur um íslenska melrakkann þar sem safnað verður á einn stað þeirri þekkingu sem honum viðkemur í fortíð og nútíð. Þar mun verða á boðstólum fræðandi efni í máli og myndum um refi í náttúrunni, hérlendis sem erlendis, refarækt og refaveiðar.

Áhugasamir eru hvattir til að mæta og skrá sig fyrir hlut í félaginu. Hlutafé félagsins er að upphæð kr 2.000.000 kr og skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð 10.000 að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Nánari upplýsingar veitir: Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps í síma 456 4912 eða á netfangið: omar@sudavik.is.

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 3
420 Súðavík


# Vona að okkur hafi tekist vel til

**Tíu og hálfum milljarði króna verður varið til mótvægisaðgerða vegna aflasamdráttar næstu tvö fiskveiðiár. Sex og hálfur milljarður fer til nýrra verkefna og framkvæmda á samgönguáætlun fyrir rúma fjóra milljarða verður flýtt. Til viðbótar verða framlög til vísinda og rannsókna aukin.**

Aðgerðunum er ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum af samdrætti í aflamarki þorsks sem tilkynnt var um í byrjun júlí. Enn er á huldu hver og hvar áhrifin verða nákvæmlega og sumar ákvarðanir því hvorki stað- né tímasettar. Fjórir ráðherrar; Árni Mathiesen fjármálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra kynntu mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar á fundi með fréttamönnum í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra báru mestan þunga af starfinu og nutu meðal annars aðstoðar Byggðastofnunar sem í samvinnu við atvinnuþróunarfélög úti um land hafði samband við forsvarsmenn fjölda útgerða til að greina stöðuna. Þau samtöl leiddu í ljós að ólíklegt sé að til fjöldauppsagna komi á næstu mánuðum – útgerðarmenn muni bíða fram yfir áramót og sjá hvernig mál þróast. Þó er líklegt að skipum verði lagt fyrr og lengur á þessu fiskveiðiári en verið hefur og vinnsluhús muni loka fyrr og lengur en fyrri ár.

Aðgerðirnar skiptast í verkefni sem ætlað er að hafa áhrif strax og til lengri tíma og snúa ýmist að einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum. Áætlað er að til verði 500-600 ný störf eða námspláss og eru þá ótalin störf sem skapast vegna flýtingar framkvæmda. Meðal staða þar sem ný störf verða til eru Patreksfjörður, Ísafjörður, Bolungarvík, Hólmavík, Sauðárkrókur, Húsavík, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar.

Árni Mathiesen sagði vinnu við mótvægisaðgerðirnar hafa verið erfiða enda kringumstæðurnar erfiðar. Hagvöxtur sé víða og mikil þensla en erfiðleikar annars staðar. „Ég vona að okkur hafi tekist vel til,“ sagði Árni.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði reynsluna sýna að vaxtarsprotar kæmu upp þar sem hlúð væri að menntun og menningarmálum og því væri reynt að styrkja innviði samfélaganna sem vonandi skilaði sér inn í framtíðina. Hún sagði ríkisstjórnina ætla að tvöfalda rannsóknarsjóðina á kjörtímabilinu sem væri afar þýðingarmikið fyrir Ísland sem þekkingarsamfélag. Sérstaklega væri horft til hafrannsókna og þorskeldis.

Össur Skarphéðinsson sagði mótvægisaðgerðirnar nú þær öflugustu sem nokkur ríkisstjórn hefði nokkru sinni gripið til andspænis erfiðleikum. Hann sagði víst að ekki yrðu allir ánægðir og engin ein leið væri rétt við að útdeila liðsinni af þessu tagi. Um aukin framlög til Byggðastofnunar tók hann fram að liðsinni hennar við fyrirtæki yrði á faglegum forsendum. „Það eru engir tékkar sem berast í pósti. Hún reynir að teygja sig langt í gegnum lengingar lána og frestun afborgana en það er ekki um það að ræða að ríkisstjórnin sturti peningum í vonlaus dæmi.“

Jóhanna Sigurðardóttir kvaðst sérstaklega ánægð með þær aðgerðir sem beinast að konum og innflytjendum. „Ég held að fjölgun daga sem fiskvinnslur geta greitt fyrir vegna hráefnisskorts muni koma verulega til góða fyrir konur sem vinna í fiskvinnslu. Svo er ég sérstaklega stolt af þeirri byltingu sem verður á starfsemi fjölmenningarsetursins þar sem fjármagn er aukið um 150 prósent og störfum fjölgað úr einu og hálfu í sex.“


**ÁFORMIN OPINBERUÐ** Össur Skarphéðinsson vakti athygli blaðamanna á að stytt hefði upp í þann mund sem Árni Matiesen hóf upp raust sína á fundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Sagði hann það til marks um áhrifamátt fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### EINSTAKLINGAR
Reynt verður að skapa störf strax og ljóst er að til uppsagna kemur, meðal annars með verkefnum við byggingu innviða svo sem samgöngur og fjarskipti. Gert verður átak í viðhaldi opinberra mannvirkja og hrundið af stað áformum um tölvuskráningu gagna. Jafnframt verður boðið upp á menntunartækifæri sem gera fólki kleift að auka möguleika sína á vinnumarkaði.

### FYRIRTÆKI
Byggðastofnun verður styrkt svo að hún verði betur í stakk búin til að leysa vanda þeirra fyrirtækja í sjávarútvegi sem til hennar leita. Leitað verður til banka um að þeir sýni lántakendum í sjávarútvegi í erfiðleikum skilning. Auka á svigrúm vinnslufyrirtækja til að halda starfsfólki á launaskrá þó að hráefni skorti.

### SVEITARFÉLÖG
Brugðist verður við tekjumissi sveitarfélaga og hafnarsjóða með framlögum úr ríkissjóði.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is


## Gott en gæti verið enn betra


**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

„Mín fyrstu viðbrögð eru jákvæð því ríkisstjórnin er að setja nokkuð marga milljarða á hverju ári í allskonar verkefni,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og formaður Sambands sveitarfélaga. Hann telur margt gott í aðgerðaáætluninni þó að erfitt sé að gera sér grein fyrir nákvæmri stöðu. „Ég held þó að framlagið til sveitarfélaga þurfi að vera hærra út af tekjutapi þeirra enda er það mjög góð mótvægisaðgerð að bæta við framlög til sveitarfélaga og gera þau hæfari til að takast á við ýmis verkefni í sínum ranni.“

## Telur tillögurnar ómarkvissar


**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

„Mér sýnist að það sé enginn ákveðinn rammi í þessum tillögum sem markar það að þetta taki sérstaklega á þeim svæðum eða stöðum sem niðurskurðurinn bitnar harðast á,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Þetta er meiri viljayfirlýsing um það að einhverjum fjármunum skuli varið til þess að hafa einhver áhrif.“

„Ég sé ekki að það sé neitt í þessum tillögum sem kemur útgerðunum í erfiðustu stöðunni til hjálpar, eða sjómönnunum sem verða fyrir beinu tekjutapi. Það mætti til dæmis gera með því að fella niður auðlindagjald.“

## Finnst ýmislegt vanta upp á


**BIRKIR JÓN JÓNSSON**

„Þarna er margt um ágætar tillögur svona fljótt á litið,“ segir Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknar. „En hins vegar vantar ýmislegt upp á. Það sætir til dæmis mikilli furðu í ljósi yfirlýsinga til að mynda samgönguráðherra í aðdraganda síðustu kosninga að ekkert bóli á aðgerðum til að lækka flutningskostnað á landsbyggðinni, sem er aðgerð sem hefði skilað sér strax til fyrirtækja og íbúa í sjávarbyggðum,“ segir hann.

„Framganga einstakra ráðherra, meðal annars byggðamálaráðherra, hefur vakið væntingar hjá fólki og ég get ekki séð að þessi fyrirheit standi undir þeim væntingum.“

## MEÐAL AÐGERÐA

■ Milljarði verður varið til endurbóta og viðhalds fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins. Aðgerðin er ekki útfærð en það verður í höndum fjármálaráðherra að meta og ákveða hvað skuli gera með hliðsjón af þörf og atvinnuástandi á hverjum stað.

■ 750 milljónir renna til sveitarfélaga vegna tekjuminnkunar hafna og lægri skatttekna vegna fyrirsjáanlegs atvinnuleysis.

■ Námsframboð og náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum verður eflt og peningum veitt til þess í gegnum nýjan þróunarsjóð.

■ Vinnumálastofnun verður efld svo að hún geti mætt aukinni þörf fyrir stuðningsaðgerðir og vinnumarkaðsúrræði.

■ Atvinnuvanda kvenna verður mætt sérstaklega, meðal annars með styrkjum til frumkvöðlastarfsemi.

■ Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum verður styrkt til að koma til móts við fólk af erlendum uppruna sem missa mun störf sín.

■ Framboð og aðgengi að ráðgjöf og fræðslu á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar verður aukið á Höfn og í Vestmannaeyjum í gegnum Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

■ Gert er ráð fyrir 200 milljóna króna framlagi á næstu þremur árum til að auka starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni með það að markmiði að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi.

■ Nýir vaxtasamningar verða gerðir á Norðurlandi, að fjárhæð 180 milljónir á næstu þremur árum.

■ Nokkrir fjölbrautaskólar fá aukið fjármagn til að efla fjarnám.

■ Á vegum Þjóðskjalasafns er gert ráð fyrir að hefja grunnskráningu og endurskráningu á lítt eða óskráðum skjalasöfnum sem og stafræna gerð manntala. Með verkefninu er gert ráð fyrir að bæta aðgengi almennings, fræðimanna og opinberra stofnana að mikilvægum réttar- og menningarsögulegum heimildum. Er gert ráð fyrir að 20 störf skapist vegna verkefnisins sem unnin verða meðal annars í samstarfi við héraðsskjalasöfnin á Ísafirði, Sauðárkróki og Húsavík.

■ 160 milljónum verður veitt til stuðnings ferðaþjónustunni á næstu tveimur árum.

■ 36 milljónum verður varið til fjölgunar flugferða til Vestmannaeyja á næstu tveimur árum.

# Vill breytta fiskveiðistjórn


JÓN BJARNASON

„Fyrst og fremst þarf að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu,“ segir Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna. „Þessi niðurskurður á aflaheimildum sýnir að kerfið hefur brugðist. Á meðan ekki er tekið á því verðum við áfram í sömu súpunni,“ segir hann.

„Annars eru þessar efnahagsaðgerðir ágætar fyrir sitt leyti þótt þar sé ýmislegt sem maður hefði viljað sjá miklu fyrr og auk þess er erfitt að sjá hvernig þetta mun virka á móti fjárlögunum. Það sem slær mann mest er að sveitarfélögin sem verða fyrir mestu fjárhagstapi fá minna en búist var við.“

## TILLÖGUR AÐ MÓTVÆGISAÐGERÐUM VEGNA NIÐURSKURÐAR ÞORSKKVÓTA

**Beinar aðgerðir sem koma til framkvæmda á næstu þremur árum**

| | |
|---|---|
| Viðhaldsverkefni fasteigna ríkisins | 1.000 m.kr. |
| Fjárframlög til sveitarfélaga | 750 m.kr. |
| Viðbótarframlag vegna vegamála | 330 m.kr. |
| Frumgreinadeildir á Suðurnesjum og Vestfjörðum | 302 m.kr. |
| Verkefni tengd tillögum Vestfjarðanefndar | 278 m.kr. |
| Þjóðskjalasafn Íslands vegna grunnskráningar skjala | 240 m.kr. |
| Greiðslur til atvinnuleysistryggingarsjóðs vegna fiskvinnslufólks | 217 m.kr. |
| Náms- og starfsþjálfun vegna nýsköpunar og þróunar | 200 m.kr. |
| Sérsamningar við atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni | 200 m.kr. |
| Vaxtarsamningur við Þingeyjarsýslur og Norðurland vestra | 180 m.kr. |
| Styrking ferðaþjónustuverkefna á áhrifasvæðum niðurskurðar | 160 m.kr. |
| Jarðhitaleit | 150 m.kr. |
| Vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar | 60 m.kr. |
| Styrking Fjölmenningarseturs á Ísafirði | 58,5 m.kr. |
| Sérstakt átak vegna atvinnumála kvenna | 40 m.kr. |
| Stuðningur við flug til Vestmannaeyja vegna ferðaþjónustu | 36 m.kr. |
| Háskólasetrið á Hornafirði, meðal annars styrking Vatnajökulsþjóðgarðs | 32 m.kr. |
| Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Vestmannaeyjum | 28 m.kr. |
| Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Höfn | 28 m.kr. |
| Háskólasetur í Vestmannaeyjum vegna hafrannsókna | 20 m.kr. |
| Hafrannsóknastofnun á Ólafsvík | 20 m.kr. |
| Matís á Höfn | 20 m.kr. |
| Samvinnuverkefni Versins, Matís og Háskólans á Hólum | 20 m.kr. |
| Rannsóknir vegna eldis sjávardýra á Patreksfirði | 20 m.kr. |
| Háskólasetur í Bolungarvík | 20 m.kr. |
| Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd | 20 m.kr. |
| Vör – sjávarrannsóknarsetur á Ólafsvík | 20 m.kr. |
| Stykkishólmur – Háskólasetur | 20 m.kr. |
| Impra vegna námskeiðahalds fyrir athafnakonur | 20 m.kr. |
| Framlag til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra | 20 m.kr. |
| Flýting vegna nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð | 20 m.kr. |
| Fræðslusetur Vestfjarða vegna Suðurfjarða | 15 m.kr. |
| Framlag til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum vegna íþróttabrautar | 15 m.kr. |
| Framlag til Framhaldsskóla Austur-Skaftfellinga vegna fjarnáms | 7 m.kr. |

**Byggðastofnun**

| | |
|---|---|
| Aflétting lána við ríkissjóð | 1.200 m.kr. |

**Flýting framkvæmda**

| | |
|---|---|
| Vegaframkvæmdir (þegar kynnt) | 3.410 m.kr. |
| Akureyrarflugvöllur | 696 m.kr. |

**Önnur verkefni og aðgerðir**

| | |
|---|---|
| Aukaframlög til vísinda- og tæknimála | 1.120 m.kr. |
| Niðurfelling veiðigjalds | 500 m.kr. |
| Tenging Ísafjarðardjúps við raforkukerfið | 160 m.kr. |
| Framlag til Hafrannsóknastofnunar vegna togararalls | 150 m.kr. |



**Útgjöldin**
> Verð á 50 cl dós af pilsner í ágúst hvers árs. Miðað við verð á landinu öllu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN: STEFÁN MÁNI RITHÖFUNDUR**

## *Við erum bræður, ég og Rumsfeld*



„Verstu kaupin mín gætu verið rándýri leðurjakkinn sem ég keypti í London 1989, þá nítján ára gamall á leið á Monsters Of Rock tónleikana á Donington,“ segir Stefán Máni rithöfundur, sem meðal annars er þekktur fyrir glæpasöguna Skipið sem kom út fyrir síðustu jól og fékk afar góðar viðtökur.

„Þetta var geggjaður jakki sem passaði svo ekki á mig þegar ég var kominn heim á Klakann,“ heldur Stefán Máni áfram frásögn sinni af jakkakaupunum misheppnuðu. „Ég veit ekki hvað gerðist. Trúlega var ég eitthvað stressaður þegar ég mátaði hann.“

Styttra er síðan Stefán Máni fór miklu betur út úr viðskiptum en við leðurjakkakaupin fyrir átján árum, en það var þegar hann keypti bílinn sem hann segist elska.

„Bestu kaupin aftur á móti gerði ég fyrir einu og hálfu ári síðan þegar ég keypti minn fyrsta bíl. Þá keypti ég 99 módelið af Rav4 frá Toyota, samlitum í silfri og með litað gler í afturrúðum. Ég elska þennan bíl og er búinn að fara allt á honum því hann kemst allan djöfulinn þrátt fyrir að eiga að heita slyddujeppi. Við erum bræður, ég og Rumsfeld, en það heitir vinurinn!“

## HÚSRÁÐ

### KAFFIKORGUR Í BLÓMAPOTTA

■ *Skjöldur Eyfjörð hárgreiðslumaður lumar á góðu húsráði frá ömmu sinni.*



„Ég mæli með því að henda ekki kaffikorginum í ruslið heldur setja hann í blómapotta. Þá viðheldur maður moldinni í því korgurinn breytist í mold.“ Skjöldur segir þetta stórsniðugt fyrir þá sem eru mikið í því að umpotta. „Ég veit ekki hvort moldin verður eitthvað betri við þetta en hún verður að minnsta kosti ekki verri.“

■ **Sælgæti**

## Innköllun á Maltesers og Revels




Ákveðið hefur verið að innkalla sendingar af Maltesers og Revels-sælgæti í varúðarskyni þar sem örlítil hætta er á því að nokkrir pakkar í ákveðnum sendingum geti innihaldið örsmáar gúmmíagnir. Innköllunin varðar aðeins Milk Chocolate Maltesers og Revels með merkingunni best fyrir frá 16.12.07 til 06.01.08. Viðskiptavinir eru beðnir um að skila pökkum úr umræddum sendingum gegn endurgreiðslu í næstu verslun.

■ **Neytendur**

## Netbankinn greiðir mánaðarlega vexti

Netbankinn býður nú upp á nýjan reikning, Vaxtaauka, þar sem vextir eru greiddir út mánaðarlega. Vextir munu ráðast af upphæð innistæðu, verða frá 11,8 til 13,7 prósent. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn.

■ **Leikföng**

## Disney prófar leikföngin sín



Fyrirtækið Walt Disney tilkynnti á mánudaginn að það myndi láta kanna sínar eigin vörur í kjölfarið á þremur innköllunum hjá leikfangafyrirtækinu Mattel. Disney mun fá óháð fyrirtæki til að kaupa leikföng frá fyrirtækinu, gera eiturefnaprófanir á þeim og kanna hvort smáhlutir hafi tilhneigingu til að losna og valda hættu á köfnun hjá smábörnum.

UST Umhverfisstofnun Environment and Food Agency of Iceland

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

**Málstofa í tilefni af 20 ára afmæli Montrealbókunarinnar**

Umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun boða til málstofu föstudaginn 14. september í tilefni af 20 ára afmæli Montrealbókunarinnar. Málþingið fer fram á Hótel Loftleiðum og stendur frá kl. 9:00 til 12:00. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Montrealbókunin um verndun ósonlagsins var undirrituð 16. september 1987 í Montreal í Kanada og hefur þessi dagur verið valinn Dagur ósonlagsins. Montrealbókunin er talin vera árangursríkasti alþjóðasamningur sem gerður hefur verið á sviði umhverfismála og hafa nær öll ríki heims staðfest hana. Umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun efna því nú til málþingsins til að meta árangur sem af bókuninni hefur hlotist og framtíðarhorfur hennar.

**Erindi**
- Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra. *Aðgerðir stjórnvalda,stefnu, árangur og horfur vegna ósoneyðingar.*
- Gunnlaug Einarsdóttir, Umhverfisstofnun. *Eyðing ósonlagsins, Vínarsáttmálinn, Montrealbókunin og þróun reglna á Íslandi og í Evrópu.*
- Ellen Mooney, húðlæknir. *Áhrif eyðingar ósonlagsins á húð fólks.*
- Ársæll Arnarsson, augnlæknir. *Áhrif eyðingar ósonlagsins á sjón.*
- Halldór Björnsson, veðurfræðingur. *Tenging milli ósonlags og loftslagsbreytinga.*
- Sigrún Guðmundsdóttir, Umhverfisstofnun. *Varnir gegn skaðlegri sólgeislun.*
- Helgi Guðmundsson, Öryggismiðstöðinni.
- Jóhannes Kristófersson, Optimar.

**Pallborðsumræður**
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneytinu.
Jón Hjaltalín Ólafsson, húðlæknir.
Bryndís Skúladóttir, Samtökum iðnaðarins.
Kjartan Ólafsson, varaformaður umhverfisnefndar Alþingis.
Álfheiður Ingadóttir, iðnaðarnefnd Alþingis.
Ingibjörg Elsa Björnsdóttir, Landvernd.

**Fundarstjórn:** Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti

# Lítil verðsamkeppni í stóru leikhúsunum

**Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Leikfélag Akureyrar eru öll með sama miðaverð á almennar sýningar, eða 3.100 krónur. Samkeppnin kemur helst fram þegar keypt eru áskriftarkort. Miðaverð er þá ódýrast hjá Leikfélagi Akureyrar, en Borgarleikhúsið gerir best við öryrkja, aldraða og námsmenn.**



**Í LEIKHÚSINU** Leikfélag Akureyrar kemur best út úr verðsamanburði leikhúsanna, sérstaklega þegar miðað er við verð til 25 ára og yngri. Leikhúsin keppa ekki sín á milli í almennu miðaverði. NORDICPHOTOS/GETTY

Engin verðsamkeppni er hjá stóru leikhúsunum þremur, ef miðað er við almennt miðaverð, sem er 3.100 krónur.

Hins vegar er nokkur verðmunur þegar litið er til áskriftarkorta, það er þegar viðskiptavinir kaupa miða á nokkrar sýningar í senn.

Þannig kostar miðinn 1.975 krónur hjá Leikfélagi Akureyrar (LA) þegar keyptur er aðgangur að fjórum sýningum í senn á 7.900 krónur og dygði aurinn annars fyrir tveimur og hálfri sýningu.

Leikfélagið slær og samkeppnina út með afslætti sínum fyrir 25 ára og yngri og námsmenn. Þeir fá fjórar sýningar á 3.950 krónur, eða 987 krónur og 50 aura fyrir hvern miða. Öryrkjar og aldraðir fá ekki sérstakan afslátt af áskriftarkortum hjá LA.

Hjá Borgarleikhúsi kostar miðinn 2.080 þegar keypt er inn á fimm sýningar í einu á 10.400 krónur, kaupandi fær því um 1,7 sýningar í kaupbæti.

Þjóðleikhúsið selur dýrustu áskriftarkortin, því sýningin kostar 2.500 krónur þá keyptir eru fimm miðar á 12.500 krónur. Ein sýning er ókeypis, miðað við almennt verð.

Í Borgarleikhúsinu fá öryrkjar og aldraðir 700 króna afslátt á almennar sýningar. Námsmenn njóta nokkuð betri kjara og fá 1.200 króna afslátt, kaupi þeir miðann samdægurs.

Í Þjóðleikhúsi fá öryrkjar og aldraðir 600 króna afslátt af almennum miðum en námsmenn 500 króna afslátt. Hjá Leikfélagi Akureyrar fá 25 ára og yngri, námsmenn, öryrkjar og aldraðir einnig 500 króna afslátt af almennu miðaverði.

Miðaverð á söngleiki er 3.600 krónur hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu. Leikfélag Akureyrar sker sig einnig úr að þessu leyti en einungis 2.600 krónur kostar á söngleikinn Óvitann.

klemens@frettabladid.is

### MIÐAVERÐ Í STÓRU LEIKHÚSIN

| Leikhús | Almennt verð | Öryrkjar/Aldraðir | Áskriftarkort | Hver áskriftarsýning | Barnasýning |
|---|---|---|---|---|---|
| Þjóðleikhúsið | 3.100 | 2.500 | 12.500 (5 sýningar) | 2.500 | 2.400 |
| Borgarleikhúsið | 3.100 | 2.400 | 10.400 (5 sýningar) | 2.080 | 2.450 |
| Leikfélag Akureyrar | 3.100 | 2.600 | 7.900 (4 sýningar) | 1.975 | 2.600 |

Tveir etanólbílar hafa verið fluttir til landsins og verða teknir í notkun á mánudag:

# Engin bensíngjöld af etanóli

Fyrstu bílarnir sem geta gengið fyrir etanóli verða teknir í notkun hér á landi næstkomandi mánudag. Bílaumboðið Brimborg lét flytja 2.000 lítra af etanóli til landsins, og hefur verið ákveðið að eldsneytið beri ekki bensíngjöld, segir Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar.

Hann reiknar með að bílarnir verði seldir einhverjum sem eru áhugasamir um tilraunaverkefni af þessu tagi, en aðeins verður ein dæla við Olísstöðina við Álfheima. „Þetta er tilraunaverkefni hjá okkur, við viljum sjá hvernig er að setja þetta á dælurnar og dæla á bílana, og svo auðvitað hvernig bílarnir ganga á þessu,“ segir Egill.



**MAÍS** Etanól er meðal annars unnið úr maís. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hann segir innflutninginn líka til þess fallinn að ýta á stjórnvöld að ákveða hvort um einhverjar ívilnanir verði að ræða fyrir bæði eldsneytið og bílana. Nú sé komið í ljós að ekki verði lagt eldsneytisgjald á bílana, en verið sé að vinna í tollamálum vegna bílanna.

Markmiðið er að bílarnir verði ekki mikið dýrari en hefðbundnari bílar. Ekki er ljóst hvað eldsneytið mun kosta, en Egill segir markmiðið að það verði aðeins ódýrara en annað eldsneyti, enda eyði bílar aðeins meiru af þessu umhverfisvæna eldsneyti, þótt þeir mengi mun minna. - bj

# EKKI ÚTSALA!




Dekacryl 7 innimálning 10l

~~Áður kr. 2.990,-~~

**Kr. 2.990,-**



Austurrískt gæðaparket

~~Áður kr. 2.230,- pr. m²~~

**Kr. 2.230,- pr.m²**



Plastparket eik

~~Áður kr. 790,- pr. m²~~

**Kr. 790,- pr.m²**



Hvítar og gráar veggflísar 15x15 cm

~~Áður kr. 795,- pr.m²~~

**Kr. 795,- pr.m²**



Náttúrusteinn Mustang 30x60 cm

~~Áður kr. 2.190,- pr.m²~~

**Kr. 2.190,- pr.m²**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-16**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

## MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

**Kjarni málsins**
>Menntun háskólakennara námsárið 2006-2007




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**menntun**
*nám, fróðleikur og vísindi*

**FRÆÐIMAÐURINN:** LAUFEY ERLA JÓNSDÓTTIR HJÁ STOFNUN VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR

## *Höfundarnir koma í tíma í Háskólanum*



Háskóli Íslands (HÍ) og Bókmenntahátíð í Reykjavík eiga í samstarfi í tengslum við hátíðina sem nú er haldin í Reykjavík. Samstarfið felst í því að skólinn og forsvarsmenn Bókmenntahátíðar skipuleggja þrjá viðburði hátíðarinnar í sameiningu. Laufey Erla Jónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands, segir að atburðirnir þrír séu fyrirlestrar nóbelsverðlaunahafans J.M. Coetzee og kínverska rithöfundarins Jung Chang og málþing um þýðingar.

Laufey segir að Chang hafi meðal annars verið fengin til að halda fyrirlestur í skólanum vegna þess að í haust verður í fyrsta skipti kennd kínverska við Háskóla Íslands. „Okkur fannst því tilvalið að taka þátt í fyrirlestri Chang,“ segir Laufey en kínverskukennslan hefur hingað til farið fram á Akureyri.

Laufey segir að stór hluti samstarfsins við Bókmenntahátíð felist einnig í því að kennarar við Háskóla Íslands geta fengið höfunda sem eru gestir á hátíðinni í tíma til sín til að ræða við nemendur skólans. „Nokkrir kennarar hafa nýtt sér þetta í vikunni. Þetta er auðvitað frábært tækifæri fyrir kennara og nemendur skólans,“ segir Laufey.

Coetzee hélt fyrirlestur sinn í gær, Chang mun halda sinn fyrirlestur í sal eitt í Háskólabíói á föstudaginn klukkan kortér yfir þrjú og málþingið um þýðingar verður haldið í Odda í Háskóla Íslands á milli klukkan tíu og fjögur á laugardaginn. Laufey segir að allir séu velkomnir á atburðina.

Nánari upplýsingar um bókmenntahátíðina er að finna á vefsíðunni www.bokmennt-ahatid.is/.

■ **Námskeið SAMFOK**

## Leiðbeinir foreldrum í skólastarfi



Samband foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur, SAMFOK, heldur nú í september og október fjögur námskeið: Hvert er flutverk foreldraráða, Námskeið fyrir stjórnir foreldrafélaga, Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa og Námskeið fyrir stjórnir foreldrafélaga skóla á unglingastigi. Á öllum námskeiðunum verður lögð áhersla á að þátttakendur fái tækifæri til fyrirspurna og umræðna. Upplýsingar um dagskrá og tímasetningu námskeiðanna er að finna á vef SAMFOK, samfok.net.

■ **Afmælishátíð**

## Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði 10 ára

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala fagnar tíu ára afmæli sínu í dag. Dagskrá hefst kl. 14.00 í hátíðarsal Háskóla Íslands með ávarpi Herdísar Sveinsdóttur, formanns stjórnar. Þá munu Þóra Jenný Gunnarsdóttir, Ásrún K. Sigurðardóttir, Helga Sif Friðjónsdóttir og Elísabet Hjörleifsdóttir flytja erindi. Fundarstjóri er Helga Gottfreðsdóttir, ljósmóðir og lektor í HÍ. Dagskrá lýkur kl. 17.00.

■ **Afmæli og ráðstefna**

## Lyfjafræðideild í hálfa öld

Opið hús verður í Haga, húsi lyfjafræðideilda við Hofsvallagötu 53, á morgun föstudag frá kl. 15.00-17.00 í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því lyfjafræðinám hófst við Háskóla Íslands.

Þá verður haldin málstefna um lyfjafræði í hátíðasal Háskóla Íslands laugardaginn 15. september frá kl. 13.00 til 16.30. Fundarstjóri er Þórdís Kristmundsdóttir prófessor, sem jafnframt er formaður afmælisnefndar.

■ **Ráðstefna**

## Hugverkaréttur og samkeppnisréttur



Alþjóðleg ráðstefna um samspil hugverkaréttar og samkeppnisreglna verður haldin á morgun á Radisson SAS Hótel Sögu frá kl. 9.00 til 17.00. Ráðstefnan er haldin á vegum Nomos – ráðstefnufyrirtækis á sviði lögfræði, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og Útflutningsráð. Áhugasamir geta skráð sig á ráðstefnuna hjá Útflutningsráði.

# Formlegt námsmat ætti að gegna miklu hlutverki

**Samtök áhugafólks um skólaþróun stendur fyrir ráðstefnu um námsmat í framhaldsskólum á morgun. Meðal spurninga sem þar verður reynt að svara eru: Er tími formlegs námsmats liðinn? og Hvernig prófar kennari sem ekki vill prófa?**



**JÓN TORFI JÓNASSON** Spyr á ráðstefnunni hvort tími formlegs námsmats sé liðinn.

„Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir skólana að ræða hvaða augum þeir líta námsmatið. Aðalspurningin er þessi: Er námsmat viðhengi við skólastarfið, eitthvað sem kemur utan við og ofan á, eða er námsmatið innifalið eða hluti af kennslu og skólastarfi?“ segir Jón Torfi Jónasson, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands. Hann mun flytja erindi á ráðstefnunni þar sem hann veltir því fyrir sér hvort tími formlegs námsmats sé liðinn.

Jón Torfi tekur dæmi af samræmdu prófum í grunnskólum. „Samræmdu prófin geta verið hluti af starfi skólans, það er að maður veltir því fyrir sér hvernig nemendur eru að standa sig, á hverju þarf að taka og hvernig hægt er að bregðast við. Þannig verða samræmdu prófin heillegur hluti af starfsemi skólans og þá er hægt að safna upplýsingum til að nota þau. Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk eru hins vegar ekki hluti skólans í þessum skilningi.“

„Spurningin er: Eigum við að nota námsmat eftir á, eins og við notum það almennt nú, eða ætlum við að nota það til að safna upplýsingum um hvað megi laga, leiðrétta og þess háttar hjá einstaklingum, kennurum og skólum?“

Jón Torfi segist hins vegar ekki vera á því að breyta þurfi formlegu námsmati. „Ég held að það þurfi að gjörbreyta viðhorfinu til þess. Ég held að formlegt námsmat gegni litlu hlutverki eins og það er viðhaft en eðli málsins samkvæmt ætti það að gegna miklu hlutverki. Og svo er stóra spurningin: Hvað er formlegt námsmat?“

Ráðstefnan verður haldin í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðu Samtaka áhugafólks um skólaþróun á vefslóðinni skolathroun.is.

kristjan@frettabladid.is






**SYLVÍA GUÐMUNDSDÓTTIR** Ritstjóri námsvefjarins Æfum íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Námsvefurinn Æfum íslensku var opnaður nýlega:

# Aðstoði börn við íslenskunámið

Námsgagnastofnun opnaði nýlega vefinn Æfum íslensku. Vefurinn er fyrst og fremst ætlaður til að aðstoða börn frá ellefu ára aldri, sem hafa annað móðurmál en íslensku, við að læra málið. Sylvía Guðmundsdóttir, ritstjóri vefjarins, segir að krakkar sem nota vefinn þurfi að vera orðnir læsir og hafa einhvern grunn í íslensku.

Ætla má að slíkur vefur geti komið sér vel fyrir allan þann fjölda erlendra barna sem sest hafa að á Íslandi með foreldrum sínum á liðnum árum en dómsmálaráðuneytið gaf út tæplega fimmtán þúsund íslenskar kennitölur til útlendinga á síðastliðnu ári.

Sylvía segir að vefnum sé ætlað að efla málfærni nemandans og tilfinningu hans fyrir íslenskum beygingum. „Það er ekki bara verið að kenna nemandanum orð heldur er lögð áhersla á að kenna honum málfræði,“ segir Sylvía og bætir því við að reynt hafi verið að gera æfingarnar lifandi og skemmtilegar því á vefnum sé bæði notaður texti, hljóð og mynd.

Sylvía segir að vefurinn sé öllum opinn á vefslóðinni www.nams.is/aefum_isl/index.htm og skorar á Íslendinga að láta útlendinga vita af honum svo börn þeirra geti nýtt sér hann í íslenskunáminu.

- ifv

# ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!

SÉR-TILBOÐ!




**STURTUSKJÓL**
10 mm
hert öryggisgler

í mörgum stærðum

| | |
|---|---|
| 30 x 220 | 100 x 220 |
| 70 x 220 | 110 x 220 |
| 80 x 220 | 120 x 220 |
| 90 x 220 | |

E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi




hvítt háglans

**BAÐINNRÉTTING 75 sm**
Innifalið í verði: Handlaug, undirskápar, spegill, ljóskappi með ljósi, efriskápar og sökkulfætur.




**WLU 125 45 x 30 sm**
Fáanleg í eik og hvítu háglans



A-105 40 x 40 sm



GAVIN 42 x 42 sm



CAESAR 41 x 41 sm



KENT 30 x 30 sm 40 x 40 sm







Hvítt háglans / Eik 86x48 sm

## HANDLAUGAR OG BLÖNDUNARTÆKI



SCC-002 32 x 32 sm
SCC-003 26,5 x 26,5 sm



SCC-001 32 x 28,5 sm



TINA 40 sm

Mikið úrval blöndunartækja og innréttinga

## HANDKLÆÐAOFNAR krómaðir eða hvítir

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.869 **-1,00%**

**Fjöldi viðskipta:** 408
**Velta:** 4.537 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **MAREL** | 0,61% |
| **TRYGGINGAM.** | 0,44% |
| **EIMSKIPAFÉL.** | 0,25% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FLAGA** | 6,45% |
| **CENTURY AL.** | 5,56% |
| **EXISTA** | 2,39% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,88 +0,20% ... Bakkavör 63,50 -1,70% ... Eimskipafélagið 39,90 +0,25% ... Exista 30,70 -2,39% ... FL Group 24,95 -0,99% ... Glitnir 27,65 -0,90% ... Icelandair 26,20 +0,00% ... Kaupþing 1.090 -0,64% ... Landsbankinn 39,80 -1,24% ... Straumur-Burðarás 19,25 -1,03% ... Össur 101,50 -0,98% ... Teymi 6,09 -0,16%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Hvernig stofna á fjárfestingabanka**
Viðskiptaráð, en svo nefnist félag viðskiptafræðinema við Háskólann í Reykjavík, stendur í hádeginu í dag fyrir forvitnilegu þingi. Þangað kemur að norðan til að halda erindi Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri fjárfestingabankans nýja, Aska Capital. Þar svarar hann meðal annars spurningunni „Hvernig stofnar maður fjárfestingabanka?“ Illa innrættur gestur á göngum háskólans sem augu rak í auglýsingaspjald um fyrirlesturinn tautaði: „Ætli fyrsta skrefið sé ekki að fá sér vinnu hjá Kaupþingi.“ En svo skemmtilega vill til að Kaupþing er meðal styrktaraðila sem taldir eru upp á auglýsingu nemendafélagsins um þingið.



**Alls ekki öll frá Kaupþingi**
Athugasemd gestsins á skólagöngunum er ef til vill óþarflega meinleg því ekki er annað vitað en Þorvaldur Lúðvík hafi yfirgefið Kaupþing, þar sem hann var yfir eigin viðskiptum bankans, í mesta bróðerni áður en hann hélt til þess stóruhuga verkefnis að stofna eigin banka. Þar ræður hann rúmlega 11 prósenta hlut, stærstur 80 hluthafa. Starfsmenn eru þrjátíu og langt því frá að þeir hafi allir komið frá Kaupþingi þótt fjórir af sjö í framkvæmdastjórn bankans hafi áður verið þar starfandi. Þótt Saga Capital hafi formlega verið opnaður núna í ágústlok þá var hann stofnaður og helstu lykilstjórnendur ráðnir í lok síðasta árs.

## MARKAÐSPUNKTAR

Bandaríkjadalur hefur aldrei verið jafnveikur gagnvart evrunni og um þessar mundir. Í gær lækkaði gengi hans gagnvart evru sjötta daginn í röð. Fór það lægst í 1,3889 Bandaríkjadali fyrir hverja evru.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór í hæstu hæðir í gær. Verð á hráolíu stóð í 78,99 dölum á tunnu á fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum og hafði aldrei verið hærra.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti opnaði formlega í gær nýja skrifstofubyggingu Innovate, dótturfélags Eimskips í Leeds. Í fréttatilkynningu segir að byggingin sé umhverfisvænsta bygging Bretlands.

## Fer Kaupþing í kaffibransann?

Kaupþing er á meðal þeirra félaga sem lagt hafa inn óformlegt yfirtökutilboð í bresku kaffihúsa- og samlokukeðjuna Pret Á Manger. Þetta fullyrða breskir fjölmiðlar. Frestur til þess að leggja inn tilboð rann út á föstudag.

Fjárfestingarfélagið Bridgepoint Capital og McDonald's munu vera á meðal annarra mögulegra kaupenda. Ekki náðist í forsvarsmenn Kaupþings til staðfestingar á fréttinni.

Pret Á Manger rekur 160 útibú víðs vegar um Bretland. Velta félagsins í fyrra var 200 milljónir punda, sem samsvarar 26,5 milljörðum króna. **- hhs**

# Ávöxtun lífeyrissjóða yfir markmiðum

**Meðalávöxtun lífeyrissjóðanna var yfir 10 prósentum í fyrra. Reiknað er með 3,0 til 3,5 prósenta langtímaávöxtun. FME setur fyrirvara um samanburð á raunávöxtun.**

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2006 var mun hærri en reiknað var með. Meðaltalsraunávöxtunin var 10,2 prósent, en reiknað er með 3-3,5 prósenta ávöxtun til lengri tíma.

„Þetta er mjög góð ávöxtun hvernig sem á það er litið,“ segir Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, hagfræðingur hjá Greiningardeild Landsbanka Íslands. Hún segir ekki hægt að gera ráð fyrir svo góðri ávöxtun nema í uppsveiflu eins og verið hefur frá árinu 2003.

Mikill munur er á raunávöxtun lífeyrissjóðanna. Kristrún segir hluta af skýringunni mismunandi fjárfestingarstefnu sjóðanna. Þeir sjóðir sem ekki taki við frekari iðgjöldum heldur greiði eingöngu út fjárfesti í öruggum kostum, sem skili um leið verri ávöxtun.

Fjármálaeftirlitið setur fyrirvara við réttmæti samanburðar á raunávöxtun sjóðanna. Mismunandi samsetning á tegundum verðbréfa á milli lífeyrissjóða geti haft áhrif á árlega raunávöxtun, og sama eigi við þegar söluhagnaður sé innleystur við sölu á skuldabréfum fyrir lok líftíma þeirra. **brjann@frettabladid.is**

**RAUNÁVÖXTUN LÍFEYRISSJÓÐANNA**

| Sæti | Sjóður | Hrein raunávöxtun |
|---|---|---|
| 1 | Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 12,7% |
| 2 | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 12,6% |
| 3 | Íslenski lífeyrissjóðurinn | 11,9% |
| 4 | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 11,8% |
| 5 | Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 11,4% |
| 6 | Festa lífeyrissjóður | 11,1% |
| 7 | Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 11,1% |
| 8 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 10,9% |
| 9 | Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðar | 10,8% |
| 10 | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 10,5% |
| **Meðalraunávöxtun lífeyrissjóðanna** | | **10,2%** |
| 41 | Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar | -1,4% |
| 42 | Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands | -4,7% |

Heimild: Fjármálaeftirlitið

**Fagfjárfestasjóðurinn KB ABS 2, kt. 430506-8970, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar skuldabréfa sem OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur staðfest.**

Skuldabréfin eru að fjárhæð 400.000.000 kr. og voru gefin út þann 18. september 2006. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. er KBABS2 SBE. Bréfin verða skráð í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 14. september 2007. Skuldabréfin bera ekki vexti. Skuldabréfin endurgreiðast á gjalddaga, sem er 25. september 2007. Samkvæmt greiðsluskilmálum er endurgreiðsla skuldabréfanna að lágmarki 90% af höfuðstól hvers skuldabréfs að viðbættum 135% hækkun S&P BRIC 40 EUR hlutabréfavísitölunnar greitt í Bandaríkjadal. Hver eining skuldabréfanna er 5.000.000 kr. og því er fjöldi verðbréfanna sem á að skrá 80 talsins.

Lýsinguna er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík og á vefsíðu Kaupþings banka hf., www.kaupthing.is, í eitt ár frá birtingu hennar. Umsjónaraðili skráningarinnar er lögfræðisvið Kaupþings banka hf.

Reykjavík 13. september 2007

KAUPÞING

# Hagvöxtur meiri en talið var

**Landsframleiðsla jókst um 4,2 prósent í fyrra samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir 2,6 prósenta hagvexti.**

Hagvöxtur var töluvert meiri í fyrra en áður var talið. Nýjar bráðabirgðatölur frá Hagstofunni sýna að landsframleiðsla jókst að raungildi um 4,2 prósent árið 2006. Fyrri áætlun frá því í mars síðastliðnum gerði ráð fyrir 2,6 prósenta hagvexti. Tölurnar sýna 1.163 milljarða króna landsframleiðslu í fyrra. Það er 139 milljörðum eða 13,6 prósentum hærri fjárhæð en áður.

Meiri hagvöxt en áður var gert ráð fyrir má rekja til meiri fjárfestingar og samneyslu en reiknað var með. Útflutningur var einnig lítið eitt meiri. Á móti vegur að innflutningur var nokkru meiri og einkaneysla lítið eitt minni en áður var talið.

Vöxtur landsframleiðslu og einkaneyslu helst vel í hendur. Á árinu 2006 jókst einkaneysla um 4,4 prósent. Það nemur 59 prósentum af landsframleiðslu. Auk einkaneyslu eru það fjárfestingar sem drífa hagvöxtinn. Þær jukust um 19,8 prósent og námu 33,4 prósentum af landsframleiðslu. Það er hæsta hlutfall þeirra frá árinu 1975. Samneysla nam 24,5 prósentum.

Endurskoðaðar hagvaxtartölur ættu ekki að hafa áhrif á peningastefnu Seðlabankans segir í Vegvísi Landsbankans. Þar sem endurskoðunin til hækkunar hagvaxtarins sé einkum komin til vegna endurmats á fjárfestingum atvinnuveganna og hins opinbera sé að miklu leyti um vöxt framleiðslugetunnar að ræða. **- hhs**

## Stofnfjáreigendafundur hjá BYR-sparisjóði

Stofnfjáreigendafundur hjá Byr-sparisjóði verður haldinn miðvikudaginn 3. október næstkomandi á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 14.00.

Á fundinum verður lögð fram tillaga um sameiningu Byrs-sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs

Fundarboð og dagskrá verða send stofnfjáreigendum í samræmi við samþykktir sparisjóðsins.

**Sparisjóðsstjórn.**

BYR SPARISJÓÐUR

# Sveifla á mörkuðum

Gengi hlutabréfa hækkaði lítillega eftir sveiflukenndan dag á fjármálamörkuðum í Evrópu og í Asíu í gær. Dagurinn byrjaði ekki vel því hlutabréf virtust á niðurleið eftir lækkun á hlutabréfamörkuðum í Japan í kjölfar þess að Shinzo Abe, forsætisráðherra landsins, sagði óvænt af sér. Japansmarkaður var hins vegar undantekning í Asíu því gengi hlutabréfavísitalna hækkaði á sama tíma og Nikkei-vísitalan lækkaði um 0,5 prósent.

Greinendur segja að þrátt fyrir óróleika á hlutabréfamarkaði í Japan í kjölfar afsagnarinnar þá muni hún hafa góð áhrif á þróun hlutabréfaverðs til lengri tíma litið.

Hlutabréfamarkaðir á Norðurlöndunum fóru ekki varhluta af sveiflunum. Úrvalsvísitalan í Kauphöllinni lækkaði um eitt prósent og hlutabréfavísitölur í norsku kauphöllinni í Ósló og Kaupmannahöfn fóru niður um 0,1 prósent í báðum löndum. Vísitalan í Svíþjóð hækkaði hins vegar um 0,6 prósent á sama tíma. Gengi bréfa í Bandaríkjunum var á uppleið skömmu eftir opnun markaða ytra en fjárfestar þar þykja einkar bjartsýnir á að seðlabanki Bandaríkjanna komi til móts við þrengingar á fjármálamörkuðum með lækkun stýrivaxta. **- jab**



**FYLGST MEÐ ÞRÓUNINNI** Helstu hlutabréfavísitölur sveifluðust nokkuð á fjármálamörkuðum í gær.

# Flaggaði í Nordea

## Sampo lét vita af 5,4 prósenta eignarhlut í félaginu.

Sampo flaggaði nýverið 5,4 prósenta hlut í Nordea, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda. Aðeins einn hluthafi fer með stærri hlut í Nordea en Sampo, en það er sænska ríkið sem heldur utan um fimmtungshlut.

Sænska hægri stjórnin hefur boðað sölu á hlut sínum og má ætla að Sampo muni fylgjast grannt með gangi mála.

Markaðsvirði hlutarins er um 137 milljarðar króna.

Sampo, sem er að stærstum hluta í eigu Existu, situr á digrum sjóðum eftir sölu á bankastarfsemi fyrirtækisins. Talið er að fimm milljarðar evra liggi í sjóðum finnska fjármálafyrirtækisins um þessar stundir. **- eþa**



**STJÓRNENDUR EXISTU** Sampo er að stærstum hluta í eigu Exista, en stjórnendur félagsins kváðust líta á eign sína þar sem langtímafjárfestingu.




**ÚTSÖLULOK** Vísitala neysluverðs hækkaði um í 1,32 prósent í september. Útsölulok höfðu áhrif til hækkunar.

# Verðbólgan eykst í samræmi við spár

Tólf mánaða verðbólga mælist nú 4,2 prósent. Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,32 prósent milli mánaða, samkvæmt nýjustu mælingum Hagstofunnar. Það er í samræmi við spár greiningardeilda bankanna. Þær bjuggust við hækkun á bilinu 1,2 til 1,4 prósent.

Eins og vanalegt er vógu útsölulok þungt í hækkun vísitölunnar. Verð á fatnaði og skóm hækkaði til að mynda um 13,5 prósent. Þá hafði veruleg hækkun á fasteignaverði og hækkandi matvælaverð jafnframt áhrif til hækkunar.

Í Tilefni, útgáfu greiningardeildar Kaupþings, segir að hætta sé á að lækkun á gengi krónunnar að undanförnu hafi í för með sér talsverðan verðbólguþrýsting. Gengislækkun sé líkleg til að kynda undir frekari verðhækkunum á næstu mánuðum. Þá sé vinnumarkaðurinn enn yfirspenntur og því allt útlit fyrir að frekari kostnaðaráhrifa muni gæta í náinni framtíð. Verðbólguhorfur til skamms tíma hafi því versnað. **- hhs**

# FL Group lýkur yfirtöku um mánaðamót

## Fyrir endann sér á yfirtöku FL Group á Inspired Gaming Group. Fjármögnun vegna kaupanna er klár.

Viðræður FL Group um yfirtöku á breska leikjafyrirtækinu Inspired Gaming Group ganga snurðulaust fyrir sig samkvæmt heimildum og má ætla að yfirtökunni ljúki formlega um næstu mánaðamót. Gengið hefur verið frá fjármögnun vegna kaupanna.

Yfirtökutilboð FL Group hljóðar upp á 385 pens á hlut í Inspired Gaming Group og er markaðsvirði félagsins samkvæmt því 35,5 milljarðar íslenskra króna. FL Group á fyrir 18,9 prósenta hlut í Inspired Gaming Group, en á vordögum keypti FL Group tíu prósenta hlut í félaginu á 240,5 pens á hlut.

Inspired Gaming Group er skráð á AIM-markaðinn í Kauphöllinni í London, sem er sérsniðinn fyrir smærri og millistór fyrirtæki. Bréf í félaginu stóðu í tæpum 366 pensum á hlut um miðjan dag í gær og eiga því talsvert í land með að ná þeirri upphæð sem FL Group býður. Inspired Gaming Group selur leikjavélar og hugbúnað fyrir afþreyingar- og leikjamarkað. **-jsk**




**HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL GROUP** Fjármögnun vegna yfirtöku FL Group á Inspired Gaming Group er lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Mest hækkun í verslun á öðrum ársfjórðungi

Heildarlaunakostnaður hækkaði um 0,7 prósent í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu á öðrum ársfjórðungi, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Launakostnaður lækkaði hins vegar um 2,7 prósent í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, um tæp tvö prósent í samgöngum og flutningum og um 0,1 prósent í iðnaði.

Árshækkun heildarlaunakostnaðar frá öðrum ársfjórðungi ársins 2006 var á bilinu 6,5 prósent til 11,3 prósent. Mest var hækkunin í iðnaði, en minnst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu. **- jsk**




The Source of Wealth in Small States

# Uppspretta auðæfa í smáríkjum

Opin ráðstefna föstudaginn 14. september frá kl. 9:00 til 17:00 í hátíðarsal Háskóla Íslands á vegum Rannsóknaseturs um smáríki

**Fjallað verður um hvernig smáríki í Evrópu hafa breyst úr fátækum kotríkjum í auðug borgríki. Áhersla verður lögð á að skýra hvernig smáríkjum eins og Íslandi og Írlandi hefur tekist að byggja upp auð og hefja útrás til stærri og voldugri ríkja.**

Dagskrá:

09:00 **Opnunarávörp**

**Kristín Ingólfsdóttir**
rektor Háskóla Íslands
**Ólafur Ragnar Grímsson**
forseti Íslands
**Björn Rúnar Guðmundsson**
forstöðumaður í greiningadeild Landsbankans
Fundarstjóri: **Baldur Þórhallsson**
formaður stjórnar Rannsóknaseturs um smáríki


Kristín Ingólfsdóttir rektor HÍ


Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands


Björn Rúnar Guðmundsson forstöðumaður


Baldur Þórhallsson form. stjórnar Rannsóknaseturs

**Ireland's Experience**

**Ireland: The Road to Globalisation**
Alan Dukes, Director General, Institute for European Affairs
**The Internationalisation of the Irish Economy**
Frank Barry, Professor of International Business and Development, Trinity College Dublin
**Ireland's Celtic Tiger: The Social Impact of Economic Growth**
Paedar Kirby, Professor of International Politics and Public Policy at the University of Limerick, Ireland

Commentator: **Gunnar Ólafur Haraldsson**
Director, Institute of Economic Studies


Alan Dukes, Director General, Institute for European Affairs


Frank Barry, Prof. of International Business and Development


Paedar Kirby, Prof. of International Politics and Public Policy


Gunnar Ó. Haraldsson Director, Institute of Economics Studies

**Hádegisverðarhlé frá 11:45 til 13:00**

13:00 **Small States an Financial Centres**

**Liechtenstein's Ongoing Economic Success**
Georges Baur, Deputy Head of Mission, Mission of Liechtenstein to the EU
**The Celtic Tiger: Tax Cuts and Economic Reforms**
Brendan Walsh, Professor Emeritus, University College Dublin
**The Icelandic Economic Miracle, 1991-2007**
Hannes H. Gissurarson, Professor of Political Science, University of Iceland

Commentator: **Katrín Ólafsdóttir**
Associate Professor, Reykjavík University


Georges Baur, Dep. Head of Mission, Liechtenstein to the EU


Brendan Walsh, Prof. Emeritus


Hannes H. Gissurarson, Prof. of Political Science


Katrín Ólafsdóttir, Associate Professor, Reykjavík University

**Kaffiveitingar milli 14:30 og 14:45**


Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens


Reynir Harðarson, listrænn stjórnandi, CCP Games


Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturports


Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Caoz

14:45 **Útrás Promens**

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens

**Sköpunargleði í útrás**

**Reynir Harðarson**
listrænn stjórnandi, CCP Games
**Rakel Garðarsdóttir**
framkvæmdastjóri Vesturports
**Hilmar Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Caoz
**Sóley Stefánsdóttir**
grafískur hönnuður

Málstofustjóri: **Frú Vigdís Finnbogadóttir**
fyrrverandi forseti Íslands


Sóley Stefánsdóttir, grafískur hönnuður


Frú Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands


Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra

**Samantekt og ráðstefnuslit**

Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra

17:00 **Móttaka**

**Ráðstefnan hefst stundvíslega kl. 9:00 og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Húsið verður opnað kl. 8:30 og er kaffi og meðlæti í boði fyrir opnun.**

**Fyrri hluti ráðstefnunnar, frá 9:00 til 14:30, fer fram á ensku en eftir það á íslensku.**

Landsbankinn

Landsbankinn styrkir ráðstefnuhaldið

**Rannsóknasetur um smáríki**

www.hi.is/ams

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímamót í orkubúskapnum:

## Nýjar lausnir

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Tímamót: Bandarískur banki hefur nú eignast þriðjung í íslensku fyrirtæki sem er nærri þriðjungseigandi að Hitaveitu Suðurnesja. Þessi atburður varpar ljósi á þá staðreynd að ríkjandi skipulag orkumála er í uppnámi.

Á úthallandi vetri seldu ríkissjóður og nokkur sveitarfélög hluti í Hitaveitu Suðurnesja. Þar er um að ræða framleiðslu, einokun á almannaþjónustu, samkeppnisrekstur og varanleg auðlindaréttindi. Allir flokkar utan Frjálslyndir bera ábyrgð á þeim ákvörðunum, ýmist á Alþingi eða í sveitarstjórnum.

Enginn stjórnmálaflokkur hefur því í reynd litið á slíka sölu sem grundvallarmál eða stefnufrávik af þeirri stærðargráðu að á því bryti í samstarfi í ríkisstjórn eða bæjarstjórn. Fyrir vikið hefur erlent fyrirtæki í fyrsta skipti eignast virk óbein eignarréttindi í íslenskri orkuauðlind.

Íslendingar eru almennt opnir fyrir erlendri fjárfestingu og sjá ávexti hennar víða í velferðarsamfélaginu. Eigi að síður er ástæða til að staldra við þessi tímamót. Þau verða án þess að djúp umræða hafi farið fram um þær grundvallarhugmyndir sem rétt er að ráði skipulagi þessara mála. Nokkrar einfaldar staðreyndir blasa við:

Alþjóðlegt rekstrarumhverfi og ný viðfangsefni kalla á að hluti orkubúskaparins sé rekinn í hlutafélagsformi. Í samkeppnisrekstri innanlands og áhætturekstri erlendis þurfa þessi fyrirtæki að eiga aðgang að hlutafé. Einkarekstur er að sama skapi bæði eðlilegur og nauðsynlegur að ákveðnu marki.

Hitt er jafn augljóst að ýmis gagnstæð álitaefni eru uppi í þessum efnum. Sá hluti orkubúskaparins sem er einokunarrekstur í almannaþjónustu lýtur til að mynda öðrum lögmálum en samkeppnisreksturinn. Um eignarrétt útlendinga geta aukheldur gilt ólík sjónarmið eftir því hvort rætt er um auðlindirnar sjálfar eða orkuframleiðsluna.

Með öðrum orðum: Rök eru fyrir mismunandi lausnum eftir ólíku eðli og hlutverki orkufyrirtækja og einstakra þátta í starfsemi þeirra.

Í fyrsta lagi má skilja auðlindaréttindin, vatnsafl og jarðhita, frá framleiðslufyrirtækjunum. Stærstur hluti réttindanna er í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þau geta hæglega verið það áfram í sérstökum rekstrareiningum. Um framsalsrétt sveitarfélaga má setja svipaðar takmarkanir og borgarstjórinn í Reykjavík hefur nýlega lagt til varðandi Orkuveituna. Alþingi hefði þar með úrslitavald yfir framsali allra orkuréttinda í opinberri eigu.

Í annan stað þarf að greina einokun á almannaþjónustu frá samkeppnisrekstri. Eðlilegt væri að sveitarfélög bæru ábyrgð á einokunarrekstri eins og hitaveitum fyrst og fremst út frá neytendahagsmunum. Tillit til þeirra hagsmuna gæti leitt til verulegrar lækkunar á heitu vatni í Reykjavík.

Með slíkum aðskilnaði gæti samkeppnisrekstur á hinn veginn lotið almennum reglum um hlutafélög og viðtekna viðskiptahætti. Raforkuframleiðslan sjálf gæti fallið þar undir. Loks þyrfti að afnema sjálfvirkar eignarnámsheimildir vegna samkeppnisrekstrar.

Með róttækum skipulagsbreytingum af þessu tagi má koma til móts við þarfir fyrirtækjanna um nútíma rekstrarumhverfi. Um leið má búa betur um þá hnúta að auðlindir í opinberri eigu og einokunarbundin almannaþjónusta lúti eftir atvikum ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enginn heima

Fjárlaganefnd Alþingis brá sér í stutt ferðalag um Suðurnes. Á vef Alþingis kemur fram að markmiðið hafi verið að undirbúa vinnu við fjárlög 2008 og ætlaði nefndin meðal annars að taka hús á Flugmálastjórn, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli. Hætt er við að Gunnar Svavarsson hafi komið að tómum kofunum hjá þeim síðastnefnda; embætti sýslumanns á Keflavíkurflugvelli var lagt niður að nánast öllu leyti nema nafninu til um síðustu áramót. Vonandi hafa toll- og lögreglustjóri getað orðið nefndinni innan handar í staðinn.



### Stutt saga

Greint var frá því í gær að samkvæmt nýju yfirliti Fjármálaeftirlitsins eru vanskil einstaklinga í „sögulegu lágmarki“. Ekki litlar fréttir það. Heldur fjarar þó undan epíkinni þegar í ljós kemur að yfirlitið nær ekki nema rúm sex ár aftur í tímann. Deila má um hversu sögulegt það getur talist.

### Hvað má það kosta?

Bjarni Ármannsson hefur verið ráðinn stjórnarformaður orkufyrirtækisins Reykjavík Energy Invest, sem ætlar að verða „leiðandi á heimsvísu á sviði nýtingar jarðvarma“. Fyrirtækið fer því líklega í samkeppni við orkufyrirtækið Geysi Green Energy, sem er að hluta til í eigu Glitnis og Bjarni tók þátt í að stofna þegar hann var forstjóri bankans. Eins og leiðandi fyrirtæki á heimsvísu sæmir hlýtur REI að finna sér stórviðburð á Íslandi til að kosta. Ekki er loku fyrir það skotið að Bjarni fari líka í samkeppni við Glitni á þeim vettvangi. Hann gæti til dæmis freistað þess að fá Glitnismaraþoninu breytt í REI-kjavíkurmaraþonið.



bergsteinn@frettabladid.is

# Við bjargbrúnina



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Hagstjórn

Hagstjórnarstefna ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans hefur haldizt óbreytt nú í nokkur ár að sögn þeirra sjálfra. Hagstjórnarviðleitni þeirra hvílir á tveim meginforsendum. Ríkisstjórnin hefur í fyrsta lagi kappkostað að halda ríkisbúskapnum í þröngum skilningi nokkurn veginn hallalausum og greiða niður erlendar skuldir ríkisins. Hún hefur einnig stefnt að skattalækkun, eða réttara sagt að minnkandi skattheimtu af síhækkandi skattstofnum.

Þetta hefur hvort tveggja gengið eftir að öðru leyti en því, að ríkissjóður taldi sig í fyrra nauðbeygðan til að slá risavaxið lán í útlöndum til að tvöfalda gjaldeyrisforða Seðlabankans og ríflega það. Við þá lántöku jukust erlendar skuldir ríkisins á einu bretti um helminginn af öllum uppgreiðslum erlendra lána, sem ríkissjóður hafði áður innt af hendi. Hlutur ríkisútgjalda í þjóðarbúskapnum hefur aukizt undangengin ár og er nú nálægt meðallagi OECD-landanna, en var áður mun minni. Í annan stað hefur Seðlabankinn fyrir sitt leyti fylgt hávaxtastefnu, sem hefur leitt af sér síhækkandi útláns- og yfirdráttarvexti til að hemja kraumandi verðbólgu og halda gengi krónunnar langt yfir réttu marki.

### Röng stefna

Um þessa tvíbentu hagstjórnarstefnu er tvennt að segja: hún er röng, og hún hefur mistekizt. Ríkisstjórnin hefði að réttu lagi átt að reka ríkisbúskapinn með myndarlegum afgangi síðustu ár í ljósi þenslunnar í efnahagslífinu og ráðast í skipulagsbreytingar á fjármálum ríkisins. Hún gerði hvorugt. Fjármálaráðuneytið spáir umtalsverðum ríkissjóðshalla strax á næsta ári. Seðlabankinn hefði átt að hemja útlán viðskiptabankanna með því að beita bindiskyldu samkvæmt heimild í lögum og einnig með trúverðugum fortölum. Bankinn gerði hvorugt. Að vísu var þörf fyrir aukin útlán, og bankarnir brugðust við þeirri þörf, en fimmföldun útlána miðað við landsframleiðslu frá 1990 til 2005 keyrði um þverbak. Enda er tómt mál að tala um trúverðugar fortölur um aðhald af hálfu seðlabanka, sem er rekinn eins og lúxushvíldarheimili handa lúnum stjórnmálamönnum.

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa leitt efnahagslífið út á yztu nöf. Nýjar hagtölur Seðlabankans vitna um hættuna. Í tölum bankans um erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok júní 2007 kemur fram, að erlendar skammtímaskuldir þjóðarbúsins (með jöklabréfum) námu þá tíföldum gjaldeyrisforða Seðlabankans – og það þrátt fyrir röska tvöföldun gjaldeyrisforðans í fyrra með risalántöku ríkisins. Hlutfall erlendra skammtímaskulda af gjaldeyrisforðanum má helzt aldrei fara upp fyrir einn eins og allir hagstjórnendur vita, ef þeir eru verki sínu vaxnir. Málið er þetta: þjóð getur aldrei leyft sér að stofna til skammtímaskulda umfram þann gjaldeyri, sem geymdur er í seðlabankanum, því að þá vita erlendir lánardrottnar, að þjóðin getur ekki staðið í skilum á gjalddaga, séu lánin innkölluð með skömmum fyrirvara, og þá hlýtur gengi gjaldmiðilsins að falla og gengi hlutabréfa sömuleiðis. Þetta gerðist í Suðaustur-Asíu 1997. Þar var ríkisbúskapurinn í þokkalegu jafnvægi eins og hér og nú, en einkageirinn hafði ekki sézt fyrir, og því fór sem fór. Það virðist nú æ líklegra, að íslenzkt efnahagslíf sé á sömu leið. Einkageirinn er ekki óbrigðull.

Erlend matsfyrirtæki hafa sum varað við þessari hættu, til dæmis Lehman Brothers, eitt helzta fyrirtækið í bransanum. Önnur matsfyrirtæki virðast hafa horft í hina áttina. Matsfyrirtækin vinna fyrir bankana, sem þau meta, og þiggja greiðslur af þeim, svo að þeim er ekki að fullu treystandi til að fjalla hlutlaust um bankana. Þessu verklagi þarf vitaskuld að breyta.

### Saklausir vegfarendur

Bankar eru ólíkir flestum öðrum fyrirtækjum að því leyti, að þeir geta varpað vandamálum sínum yfir á saklausa vegfarendur, ef illa gengur. Bankar geta vikið sér undan ábyrgð á eigin gerðum ýmist með auknum vaxtamun (hærri útlánsvöxtum, lægri innlánsvöxtum), nema samkeppni á bankamarkaði loki þeirri leið, eða með því að leita á náðir ríkisins, sem telur sér iðulega skylt að bjarga innlendum bönkum til að forða frekari skaða eða jafnvel kreppu. Af þessum sökum er bankasaga heimsins stráð misráðnum lánveitingum, græðgi, glannafengnu braski og dýrum björgunaraðgerðum á kostnað skattgreiðenda. Slík björgunaraðgerð snúast ýmist um bein fjárútlát úr ríkiskassanum til að mylja undir banka, sem riða til falls, eða almennar aðgerðir svo sem aukna lánafyrirgreiðslu seðlabanka handa viðskiptabönkum og vaxtalækkun, sem ýtir undir verðbólgu og gengisfall, og þá fær almenningur að borga brúsann. Við þurfum öflugt fjármálaeftirlit til að fylgjast með bönkunum, og hlutlaust áhættumat að utan.

# Minning úr menntó

**UMRÆÐAN**

Leikskólamál



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Menntaskólinn við Hamrahlíð er þekktur fyrir eftirminnilegar „dimmisjón“-skemmtanir. Ein slík skemmtun er mér sérstaklega minnisstæð en þá tróð einn útskriftarhópurinn upp í gráum jakkafötum, hárið var vatnsgreitt og skyrturnar stífaðar. Allir í hópnum létu hringla valdsmannslega í lyklakippum enda um lykilfólk í samfélaginu að ræða. Þetta var lykilfólk í lykilstöðum með lyklavöld. Hópurinn hrópaði marga frasa sem okkur MH-ingum þóttu óstjórnlega fyndnir. Einn þeirra kætti okkur sérstaklega en frasinn hljómaði svo: „Einkavæðum leikskólana!“ Steríótýpan var sjálfstæðismaður, skotspónninn frjálshyggjan.

Atriðið féll sannarlega í kramið í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð, þótti fyndið og skemmtilega súrrealískt. Ekkert þótti fjarstæðukenndara en að einkavæða leikskólana, svo langt ganga menn nú aldrei...?! En ætli fleiri gamlir MH-ingar en ég séu að rifja þetta upp þessa dagana? Ætli mörgum stúdentum, sem hlógu sig máttlausa að dellunni sem vall upp úr „sjálfstæðismönnunum“ á dimmisjón vorið 1993, sé hlátur í hug í dag? Það sem einu sinni þótti fyndið og skemmtilega súrrealískt er að raungerast í Reykjavíkurborg.

Eftir að hafa haft lyklavöldin í rúmlega eitt ár sýnir Sjálfstæðisflokkurinn sitt rétta andlit. Sjálfstæðismenn standa frammi fyrir manneklu á leikskólum en í stað þess að bæta kjör þeirra sem þar starfa er vísað á „markaðslausnir“. Í stað þess að byggja upp smábarnadeildir og brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólagöngu er daðrað við hugmyndir um leikskólarekstur stórfyrirtækja. Leikskólar Reykjavíkurborgar eru hágæða skólar sem vekja athygli á heimsvísu fyrir sköpunargleði og fagmennsku. Þeir eru samfélagslega reknir sem tryggir að góður leikskóli stendur öllum börnum til boða, ekki bara sumum börnum sumra foreldra sem vinna hjá sumum fyrirtækjum. Það ber vott um uppgjöf og ábyrgðarleysi að halda því fram að jafn mikilvægri þjónustu sé betur fyrirkomið hjá einkageiranum.

Samfélag sem byggist á jöfnuði og jöfnum tækifærum fyrir öll börn er það samfélag sem við viljum búa íslenskum börnum. Og hagsmunir barna eiga ætíð að ráða för. Allar hugmyndir í átt til einkavæðingar leikskóla eru í besta falli skemmtilega súrrealískar og eiga vel heima á skólaskemmtunum. Ekki í alvörunni.

*Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*

**ÓÐUR TIL ÍSLANDS**
Ný prjónabók með fjölmörgum fallegum uppskriftum eftir Védísi Jónsdóttur er komin út hjá Ístexi.
TÍSKA 4



**SÆTUEFNIÐ ASPARTAM**
Deilt er um hvort efnið sé öruggt eða skaðlegt en fjöldi skýrslna og rannsóknir fagaðila sýna fram á miklar aukaverkanir.
HEILSA 2






Húsgagna Lagersala

Nú er stórkostlegt tækifæri til að gera góð kaup á húsgögnum til heimilisins.

Daglega nýjar vörur.



Erum í Dugguvogi 2
s: 557-9510




Það er óneitanlega svolítið töff að eiga kjól og regnhlíf í stíl. Falleg litasamsetning og skemmtilegt munstur.

# New York, New York

***Heimspekktar fyrirsætur og hönnuðir opinberuðu það sem er í vændum á tískuviku í „stóra eplinu“.***

Mercedes Benz tískuvikan í New York stóð frá fimmta þessa mánaðar en lauk í gær. Þar mátti sjá það sem koma skal frá heimspekktum sem og efnilegum hönnuðum, Calvin Klein, Marc Jacobs, Zac Posen og hinni kínversk ættuðu Bandaríkjakonu Önnu Sui, en stúlkan á myndinni klæðist einmitt hönnun eftir hana. Munstrið má rekja til glysrokks áranna þegar Bowie var upp á sitt besta, en litirnir minna á veðrið og litabreytingarnar á íslenskum himni þessa dagana. *-mhg*


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill

SEPTEMBER
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
kr. 299
Gildir í september 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY



SUBWAY í fínu formi
Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.
Nánari uppl. á www.subway.is



**REYKINGABANN** Niðurstöður rannsókna á áhrifum reykingabanns í Skotlandi sýna að markverður árangur hefur náðst hvað varðar betri heilsu almennings.











UPLEDGER INSTITUTE ISLAND

**Upledger Stofnunin á Íslandi heldur byrjendanámskeið í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 4.-7.október næstkomandi í Reykjavík.**

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is










# Öruggt eða skaðlegt?

Haraldur Manússon osteópati vill að aspartam verði tekið af markaði enda sé það skaðlegt aukefni.

***Osteópatinn Haraldur Magnússon hefur gagnrýnt notkun sætuefnisins aspartams harðlega í gegnum tíðina og segir efnið skaðlegt. Í gagnrýni sinni bendir hann á fjölda skýrslna og rannsókna fagaðila um efnið sem sýni fram á miklar aukaverkanir sem komi fram við neyslu aspartams.***

„Deilan um hvort aspartam sé öruggt eða skaðlegt virðist engan endi ætla að taka enda miklir hagsmunir í húfi," segir Haraldur og bætir við: „Þegar aspartam var fyrst sett á markað af lyfjafyrirtækinu Searle í Bandaríkjunum setti bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið á fót tvær nefndir til að rannsaka starfshætti Searle. Í ljós kom að fyrirtækið hafði falsað skýrslur og haldið undan rannsóknum sem sýndu fram á skaðleg áhrif efnisins sem fór þó á markað að því er virðist sökum pólitískra áhrifa frekar en vísindalegs stuðnings," segir Haraldur og nefnir sem dæmi eina rannsókn sem Searle hélt undan þar sem sjö öpum var gefið aspartam í 52 vikur með þeim afleiðingum að fimm fengu flogaveiki og einn dó.

„Innihald aspartams er fenylalanín, aspartiksýra og tréspíri en öll þessi efni geta haft skaðleg áhrif," segir Haraldur og nefnir dæmi: „Fenylalanín getur hindrað myndun gleðihormónsins serótóníns í líkamanum en lækkun á því er þekkt orsök þunglyndis og annarra geðrænna vandamála. Aspartiksýran hefur það hlutverk í líkamanum að vera taugaboðefni en þegar magn þess í líkamanum eykst, eins og við neyslu aspartams, oförvast taugafrumur og geta eyðilagst í kjölfarið. Um skaðsemi tréspírans þarf nú lítið að fjölyrða því flestir þekkja áhrif hans. Tréspírinn breytist í formalín í líkamanum og þar á eftir í maurasýru sem eru bæði þekkt eiturefni sem skemma taugakerfi og frumur og valda krabbameini."

Haraldur segir að í samantekt á 164 rannsóknum er vörðuðu öryggi aspartams sem gerð var af dr. Ralph G. Walton árið 1996 hafi komið fram að 100% rannsókna framkvæmdar af hagsmunaaðilum sýndu fram á engar aukaverkanir en nálægt 100% rannsókna hlutlausra aðila sýndu fram á aukaverkanir af neyslu aspartams.

Þá bendir hann á skýrslu frá bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitinu sem sýnir að yfir 90 mismunandi aukaverkanir hafa fundist af eituráhrifum aspartams og nefnir sem dæmi: höfuðverk, svima, skapgerðarbreytingar, ógleði, krampa og flog, magaverki og -krampa, sjónskerðingu, niðurgang og vöðva- og liðamótaverki.

„Aspartam finnst í fjölda vara hér á landi eins og gosdrykkjum, tyggjói, mjólkurvörum, ýmsum megrunarvörum og sorglega mörgum vörum sem eru markaðssettar fyrir börn," segir Haraldur að lokum.

*sigridurh@frettabladid.is*

# Norræn gigtarráðstefna

***Um þessar mundir stendur yfir norræn gigtarráðstefna á Íslandi.***

Þekking, meðferð og lífsgæði eru einkunnarorð á norrænni þverfaglegri gigtarráðstefnu sem hefst í Reykjavík í dag og stendur til 15. september.

Meðal þess sem fjallað verður um er nýjasta þekking á gigtarsviðinu og verkjameðferðir. Einnig mun Össur hf. kynna spelkur sem hafa nýlega verið markaðssettar og veita nýja möguleika í meðferð á slitgigt í hné. Hnéspelkan sem Össur hf. framleiðir dregur verulega úr verkjum og slagorð Össurar hf. á ráðstefnunni er verkjameðferð án lyfja. Nánari upplýsingar er að finna á: www.ossur.is/unloaderone.

*- rh*



Kynntir verða nýir möguleikar í meðferð á slitgigt í hné.




# Algjör draumafæðing

***Eydís Hentze er þriggja barna móðir og útskrifaður fæðingarþjálfi frá Mia Jyia Gilling Borgman í Kaupmannahöfn. Samfylgd verðandi mæðra við fæðingarþjálfa verður æ sjálfsagðari þáttur í meðgöngu og fæðingu kvenna um allan heim.***


Eydís Hentze, fæðingarþjálfi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Ég hafði hugsað mér að fara í ljósmóðurnám þegar ég kynntist fræðum fæðingarþjálfunarinnar og fannst ég knúin til að læra þau," segir Eydís sem lauk námi í fæðingarundirbúningi, fæðingarfræðum eðlilegrar og áhættuflokkaðrar meðgöngu og fæðingu, umönnun á sængurlegutímabili, fóstur- og nýburasálfræði, líkama- og sálarmeðferðarformi, líföndun, brjóstagjafaráðgjöf, þjálfun, næringaþerapíu og Rebozo-tækni.

„Ég veiti andlegan, líkamlegan og verklegan stuðning í starfi mínu í fæðingarhjálp og hefur verið tekið opnum örmum af verðandi foreldrum og ljósmæðrastéttinni. Ég held ítarleg námskeið þar sem þunguðum konum gefst kostur á að kasta gömlum hugmyndum um fæðinguna á glæ og skoða nýja hugmyndafræði," segir Eydís sem leggur mikið upp úr hlýlegu umhverfi, notalegu andrúmslofti og kappkostar hámarks dekur fyrir verðandi mæður.

„Nálgun mín er persónuleg svo ég geti stutt við andlegt ferli konunnar á meðgöngu, en mikið hefur vantað upp á að þær hafi getað sótt persónulegan stuðning. Við gerum tengslaæfingar fyrir barnið og fræðumst um hið virka tilfinningalíf sem barnið upplifir á meðgöngu, í fæðingu og sem nýburi. Hlutverk feðra er líka skoðað, þeir mæta með konum sínum og reynast afar fúsir og opnir í sinni umræðu," segir Eydís sem einnig fer ítarlega í gegnum fæðingarferlið; hvað gerist í líkamanum, hvaða vöðvar vinna verkið og hvað unnt sé að gera til að leyfa líkamanum að vinna ákjósanlegast í fæðingunni.

„Fæðingarþjálfi tekur á móti konum á hvaða tíma meðgöngunnar sem er, en flestum hentar best að koma eftir fyrstu tólf vikurnar. Ég hugsa alltaf um móður, föður og barn sem eina heild, en ferlið mætti kalla heildrænt þar sem öllum þáttum konunnar er sinnt; andlegu hliðinni, þeirri líkamlegu og barninu líka," segir Eydís sem einnig er til staðar þegar stærstu stundir lífsins renna upp.

„Þá kem ég inn sem aðstandandi og tek ekki stað ljósmæðra, en veiti leiðsögn í náttúrulegum og virkum fæðingum, heimafæðingum, sjúkrahússfæðingum og vatnsfæðingum og eins fylgi ég fjölskyldum í keisara. Í fæðingunni þekki ég orðið fjölskylduna náið; styrk hennar og hvaða hliðum þarf að sýna meiri aðhlynningu og hlýju. Konan fær þann stuðning sem hún þarf en saman notum við ýmsa tækni sem við höfum unnið með á meðgöngunni. Í flestum fæðingum kemur sá tímapunktur að konum finnst þær vera óyfirstíganlegar og eru tilbúnar að gera hvað sem er en á sama tíma þrá margar þeirra að upplifa verkjalyfjalausa fæðingu. Með ákveðnum aðferðum næ ég að halda þeim ásetningi og draumi með stuðningi og ráðadáð," segir Eydís sem stofnaði fyrirtækið Draumafæðingu eftir starf sitt sem fæðingarþjálfi í Danmörku.

„Í lok september hefst hjá mér hópnámskeið og enn er eitthvað laust, en ég býð einnig upp á einkatíma. Nokkru fyrir áætlaðan fæðingardag hitti ég svo foreldrana nokkrum sinnum, er með í fæðingunni frá upphafi til enda og veiti áframhaldandi stuðning og nærveru komi upp erfiðleikar eftir fæðingu."

Nánari upplýsingar og fróðleik um Draumafæðingu Eydísar Hentze er á www.draumafaeding.net. *thordis@frettabladid.is*

# Augun lesa til skiptis

***Vísindamenn hafa svipt hulunni af ráðgátunni um hvernig augu lesa setningu.***


Augun lesa sitt á hvað samkvæmt nýjum rannsóknum.

Áður héldu rannsakendur að bæði augun einbeittu sér að sama bókstaf orðs í einu, en breskir vísindamenn hafa komist að raun um að svo sé alls ekki alltaf. Raunar horfa augu okkar á ólíka stafi samtímis í helmingi tilvika, en einnig kom í ljós að mannsheilinn blandar saman tveimur aðskildum myndum til að öðlast skýra mynd af því sem augað sér.

Háþróað tæki gerði rannsakendum kleift að staðsetja nákvæmlega þann bókstaf sem augað hafði í brennidepli meðan það las fjórtán punkta letur í eins metra fjarlægð. Í stað þess að færast greiðlega yfir textann voru hreyfingar augnanna skrykkjóttar og beindust að ákveðnum stöfum eitt augnablik áður en lestri setningar var haldið áfram. Rannsakendur komust einnig að því að þegar augu festust meðan lesið var voru þau að horfa hvort á sinn bókstafinn. *- þlg*

# Árangursríkt bann

***Ein ítarlegasta rannsókn sem gerð hefur verið á áhrifum reykingabanns í Skotlandi gefur til kynna að markverður árangur hafi náðst í að bæta heilsufar almennings.***

Nú þegar Íslendingar eru að venjast reykingabanni á veitinga- og skemmtistöðum eru Skotar að uppskera laun þess að koma á slíku banni. Ný rannsókn á heilsufari Skota bendir til þess að reykingabann auki lífsgæði og fækki innlögnum á spítala.

Samanburður á níu spítölum leiddi í ljós að innlögnum vegna hjartaáfalla hafði fækkað um sautján prósent milli ára frá því bannið var innleitt í mars 2006. Gæði andrúmslofts á krám í Skotlandi eru nú sambærileg við andrúmsloftið utandyra og rannsóknin sýndi einnig að óbeinar reykingar höfðu minnkað um fjörutíu prósent meðal barna og fullorðinna norðan landamæranna.

Ítarlegri niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu í Edinborg sem skosk yfirvöld hafa skipulagt. *- hs*


Slæm áhrif óbeinna reykinga minnka með reykingabanni á opinberum stöðum.


Börn hafa gott af því að leika sér úti.

# Útileikir mikilvægir

***Heilsu barna fer hrakandi vegna minni möguleika á leikjum utanhúss. Óþarflega áhyggjufullum foreldrum, tölvuleikjum, sjónvarpsglápi og prófdrifnu menntakerfi er um að kenna.***

Þetta eru niðurstöður 300 virtra prófessora, geðlækna og sálfræðinga í Bretlandi í nýrri úttekt um heilsufar breskra barna, en hún þykir undirstrika nýja samantekt Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um að bresk börn séu þau óhamingjusömustu á meðal 21 iðnvædds ríkis. Hópurinn staðhæfir að hnignun frjálslegra útileikja hafi afar slæm áhrif á andlega heilsu barna og ógni sömuleiðis langtímaþroska ungs fólks. Þessi mikla hnignun í útileikjum síðustu fimmtán ár sé lykilþáttur í þeirri óhugnanlegu staðreynd að andlegri heilsu barna sé að hraka.

Aukinn umferðarþungi, hræðsla foreldra við mannrán og menntakerfi sem byggist um of á prófum vegur þungt á þeim vogarskálum. Einnig spilar stórt hlutverk öll sú vanabindandi skjáafþreying og áleitna markaðssetning sem á börnunum dynur. Kallar hópurinn á yfirgripsmikla og upplýsta umræðu um eðlislæga eiginleika barna og gildi leikja í heilbrigðu þroskaferli, því rétt eins og offita barna sé orðin faraldur í vestrænum heimi geti „rusleikir", eins og ruslfæði, dregið skelfilegan dilk á eftir sér fyrir komandi kynslóðir. Foreldrar þurfi að takast á við kvíða sinn þar sem hann skerði frelsi barna til að þroskast og dafna á heilbrigðan máta. *- þlg*





Vaknar þú oft á nóttunni?

Sæktu styrk í íslenskt náttúruafl!




SagaPro er náttúruvara úr íslenskri ætihvönn ætluð þeim sem þurfa oft á salernið á nóttunni.

*„Ég hefði ekki trúað að ein lítil SagaPro tafla úr ætihvönn fyrir svefn myndi breyta svo gersamlega lífi mínu úr 4 til 5 salernisferðum á hverri nóttu í eina eða enga. Ég óska öllum fullorðnum karlmönnum til hamingju með SagaPro og ekki síður eiginkonum þeirra".*

Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is



**Töskur** með krókódílamynstri verða vinsælar í vetur.

Belti og seðalaveski fyrir dömur og herra
*Mikið úrval - góð vara*
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

Sensitive ungbarnalína
Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna
**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa "sápulaus". Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.

Fæst í apótekum um land allt

# Óður til Íslands

***Ný prjónabók er komin út hjá Ístexi, full af uppskriftum eftir einn vinsælasta handprjónahönnuð Íslands, Védísi Jónsdóttur.***

„Það er ákveðin nostalgía í línunni, óður til Íslands og rómantískrar fortíðarhyggju. Samt færð í nútímabúning," segir Védís Jónsdóttir þegar hún er spurð hverjar áherslurnar séu í prjónahönnun hennar þetta árið. Hún nefnir sem dæmi peysur sem hún kallar Snæfellsjökul, Óróa og Land. „Ég er með kápur og stórar jakkapeysur þetta haustið sem henta vel íslenskum aðstæðum," bætir hún við. „Flíkurnar eru með fallegum sniðum, þó ég segi sjálf frá, en þó ekki þannig að flókið sé að prjóna þær."

Védís kveðst líka nýlega búin að hanna jakka úr léttlopa fyrir haustblað Vouge Knitting. *- gun*



Védís Jónsdóttir er einn virtasti prjónahönnuður landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Bernadette loksins í tísku



Einni stærstu tískukaupstefnu í heimi í fjöldaframleiddum kvenfatnaði lauk á sunnudag í París. Sýnd var tíska komandi sumars en nú styttist í tískusýningar og tískuviku hér í borg í lok mánaðar. Þarna sýndu að vanda hundruð framleiðenda auk þess sem sýningin Who´s next?, þar sem nýir og frumlegir hönnuðir láta ljós sitt skína, fór fram á sama tíma. Um leið streyma innkaupastjórar og tískufræðingar um alla borg í leit að einhverju ómissandi fyrir veturinn, aðrir, sérstaklega Asíubúar, reyna laumulega að taka myndir af flíkum sem þeir síðan stæla þegar heim er komið.

Nýjung þessarar tískukaupstefnu var sérstakt svæði þar sem sýnd voru föt fyrir „stórar stelpur", nokkuð sem algjörlega hefur verið til hliðar fram að þessu. Í undirheimum tískunnar er þetta stundum kallað með glotti á vör Bernadette Chirac-stærð, stærð 44 og yfir. Þrátt fyrir anorexíska kvenmynd tískunnar er það staðreynd að 36 og 38 eru alls ekki mest seldu stærðirnar í verslunum. Það er nefnilega þannig að franskar konur sem reyndar hafa fram að þessu verið heldur grennri og smágerðari en þær íslensku hafa farið upp um eina stærð á þrjátíu árum og ummál er fimmtán sentimetrum meira í dag en fyrir fimmtán árum. Samkvæmt opinberum rannsóknum er rúmlega 41% franskra kvenna í stærðum 44-56 og sú mest selda er stærð 40 sem 20% kvenna nota, yfir 16% eru í 42 og meira en 13% í 44. Einkennilegt þó í þessum heimi efnishyggju og gróða að fataframleiðendur hafi alls ekki haft rænu á að nýta þennan markað og uppfylla þörf markaðarins. Konur sem nota stærri stærðirnar segja að sá fatnaður sem þeim sé boðinn minni á kartöflusekki eða þá að ef þær versla í þeim fáu búðum sem sérhæfa sig í stærðum 44 og yfir eigi þær á hættu að mæta í boð í sama dressi og einhver önnur, og það meira að segja í París, svo lítið er framboðið í 44-56.

En nú eru þessar stærðir komnar til að vera á tískukaupstefnunni ef marka má forráðamenn hennar. Sama þróun varð bæði þegar umhverfisvænir hönnuðir sýndu þar fyrst sem og etnískir hönnuðir. Nú mæta þessir hönnuðir á hverja kaupstefnu og fjölgar ár frá ári. Stórar stelpur eru líklega komnar inn úr kuldanum og það til að vera. Og fyrir þá sem ekki vita notaði Marilyn Monroe stærð 46.

Auðvitað er aukið framboð á fötum í stærri stærðum (ég nota af ásettu ráði ekki orðið yfirstærðir) ekki ástæða eða afsökun fyrir því að hreyfa sig ekki eða borða minna af sykri og fitu.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*


Nýjar vörur
Nýtt kortatímabil
Sendum í póstkröfu
EURO SKO
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

C&C
Dömugallabuxur
3.990 kr
Litlar og stórar stærðir
C&C Faxafeni 14, 108 Reykjavík • Sími 554 0655
Opið
10-18 virka daga
11-16 laugardaga

Opnum laugardaginn 15.sept. kl. 10
að Kleppsmýrarvegi 8
*Opnunartilboð*
bót.is
bot.is. s: 533-5880 / 482-4241

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

*FLOTTIR KJÓLAR*
str. 36-56

Rita
Bæjarlind 6 - s. 554 7030

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

**Gömul húsgögn** gefa skemmtilegan svip í bland við ný og geta verið góð lausn fyrir fátæka námsmenn. Því er tilvalið að kíkja í Fríðu frænku á Vesturgötu og Góða hirðinn í Fellsmúla í leit að einhverju skrítnu, skemmtilegu og ódýru.



# Allt fyrir keramikföndrið

***Í Keramikgallery við Dalbrekku í Kópavogi má finna allt sem viðkemur föndri á keramik og postulíni. Stöllurnar Kristín Ottesen og Þórunn Hafdís, sem reka Keramikgallery, eru einu keramikframleiðendur landsins í dag.***



Stöllurnar í Keramikgallery eru einu keramikframleiðandur landsins og taka það skýrt fram að sjálfar séu þær þó alls engar listakonur. FRÉTTABLAÐIÐ/RAKEL

„Við erum með allt sem viðkemur keramik og postulíni, eins og liti, pensla og slíkt fyrir þá sem vilja föndra úr slíkum efnum," segir Kristín. Hún bætir því við að félagasamtök, saumaklúbbar, vinnustofuhópar og aðrir sem vilji föndra saman versli mikið við þær, enda megi segja að Keramikgallery sé nokkurs konar föndurbúð.

„Við höfum alltaf verið með keramik en erum nýfarnar að flytja inn postulín að auki," segir Kristín. „Sjálfar erum við engar listakonur heldur steypum við bara úr mótum sem við kaupum frá Ameríku," bætir hún við.

„Við erum með keramikbolla og -diska auk þess sem við erum með leir til að nota sem glerbrennslumót fyrir þá sem eru að vinna með glerlistina heima við. Keramikið er svo bara málað og lakkað og látið þorna, nema það sé leirtau því þá setur maður glerjung utan á það svo hægt sé að láta það í uppþvottavél," segir Kristín. Um 4.000 vörutegundir af keramik fást í galleríinu og nokkur hundruð af postulíninu. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni keramikgallery.is.

*sigridurh@frettabladid.is*



Í Keramikgallery má finna ýmsar skemmtilegar fígúrur til að mála á.


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!
20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 16. september
NÚ ER LAG AÐ GERA GÓÐ KAUP, VERÐIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ HAGSTÆÐARA!

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT

20% afsláttur til 16. september



Hlýtt og notalegt — NICE hvítt




Í takt við tímann — PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota





Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline
GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS
þú getur valið um 59 hurðagerðir og liti!



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

ÞITT ER VALIÐ!
Þú velur að kaupa ósamsetta innréttingu eða lætur okkur um samsetninguna. Önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska.
- fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af tækjum!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og SNAIGÉ og WESTINGHOUSE kæli- og frystiskápa. 20% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingum.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 15

Fríform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500
Velkomin í Fríform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

# ísmót 2007 úrslit

FIMMTUDAGUR 13. SEPTEMBER 2007














SI Samtök iðnaðarins

Félag íslenskra gullsmiða

Meistarafélag í hárgreiðslu

Félag íslenskra snyrtifræðinga

Klæðskera & Kjólameistarafélagið

LJÓSMYNDARA FÉLAG ÍSLANDS


ÍSMÓT 2007

Upplýsingar á www.si.is/ismot



Á köflum máttu gestir vart mæla af hrifningu þegar stórbrotin sýningaratriði Rudy Mostarda birtust hvert á fætur öðru á hátíðarkvöldinu.

## Ísmót 2007 – Íslandsmeistaramót þjónustuiðngreina innan Samtaka iðnaðarins

# Stemning á hátíðarkvöldi Ísmóts þegar





Hinn þekkti hársnyrtimeistari Joakim Roos var gestur Ísmóts 2007. Hártískusýning hans vakti mikla athygli og hér má sjá eitt módelið taka stakkaskiptum í meðförum hans á sviðinu.



Framtíðarhönnuðir í fatatísku landsmanna? Á myndinni má sjá þátttakendur í hönnunarkeppni nemenda á list- og verkmenntabrautum iðnskólanna.

**Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, er ánægður með hvernig til tókst á Ísmóti 2007.**

Undirbúningur fyrir Ísmót 2007 hefur staðið yfir síðan í nóvember á síðasta ári og í mars var skipuð tólf manna undirbúningsnefnd með fulltrúum aðildarfélaga Samtaka iðnaðarins. Nefndin hefur hist vikulega fram á síðasta dag, enda hefur keppni af þessari stærðargráðu ekki verið haldin áður á Íslandi.

„Þarna komu saman aðilar úr mjög ólíkum iðgreinum, sem eiga það þó sameiginlegt að veita persónulega þjónustu,“ segir Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins og bætir því við að Ísmót 2007 hafi verið frumraun sem tókst.



„Það heyrist á útlendingum úr þessum geirum í Evrópu og Ameríku að vel er fylgst með straumum og stefnum á Íslandi,“ segir Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Sýningin var mjög vel sótt. Sýnendur lögðu mikið upp úr því að taka vel á móti gestum, sem gáfu sér tíma til að þiggja ráðgjöf og þjónustu.“

Að sögn Brynjars var keppnisgögnum skilað inn í suma hluta mótsins, í öðrum fór keppnin fram á staðnum og myndaðist oft gríðarleg spenna í loftinu. Ekki var stemningin síðri og þá sérstaklega á Hátíðarkvöldinu, sem haldið var á sunnudagskvöld, en þá voru úrslitin kunngjörð og verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn.

„Það er ekki laust við að tilfinningarnar hafi borið einstaka keppendur ofurliði þegar nöfn þeirra voru tilkynnt,“ segir Brynjar, en hans bíður það verk að skipuleggja næstu hátíð í samstarfi við fagfélögin. „Við ráðgerum að þetta sé bara byrjunin og ætlum að halda þessu áfram, þannig að nóg er á döfinni.“

- rve

365
Útgáfufélag: 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími: 512 5000
Ritstjóri: Roald Eyvindsson Ábyrgðarmaður: Hrannar Helgason
Blaðið er unnið í samstarfi við Samtök iðnaðarins.



Ítalski hársnyrtimeistarinn Rudy Mostarda fór á kostum í viðamikilli hártískusýningu á hátíðarkvöldi Ísmóts.

# úrslit voru kynnt



Hátíðarkvöld Ísmóts var galakvöld ársins og komust færri að en vildu. Hér má sjá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Svein Hannesson, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, ásamt fríðu föruneyti.



Verðlaunastyttur Ísmóts þykja einstaklega vel hannaðar og bera faglegu handbragði meistara í málmsteypu og smíði fagurt vitni.





Listsköpun í hári nr. 114. Höfundur: Sigrún K. Ægisdóttir hársnyrtimeistari. Hársaga. Módel: Matthildur Matthíasdóttir.

MYND/ERLING Ó. AÐALSTEINSSON



Listsköpun í hári nr. 116. Höfundar: Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir og Harpa Ómarsdóttir hársnyrtimeistarar. Unique hár og spa. Módel: Margrét Anna Einarsdóttir.

MYND/UNNUR ÓLÖF MATTHÍASDÓTTIR



Listsköpun í hári nr. 115. Höfundur: Þórdís Eva Þórólfsdóttir hársnyrtir. Hársnyrtistofan Strúktúra. Módel: Alma Sigríður Þórólfsdóttir.

MYND/FINNBOGI MARINÓSSON/DAGSLJÓS

# Listsköpun í hári

**Í samvinnu við fagfólk annarra þjónustuiðngreina innan SI kepptu fjórir hársnyrtimeistarar um besta heildarútlit módels í keppninni „Listsköpun í hári" (Avant Garde of the Year). Í keppnisreglum mótsins var viðfangsefnið gefið frjálst og er ljóst á innsendum verkum keppenda að hársnyrting er sannkölluð tískulistgrein.**

Stigagjöf dómnefndar og niðurstaða úr símakosningu almennings réði úrslitum á mótinu en eftirtaldir voru tilnefndir til verðlauna:

### LISTSKÖPUN Í HÁRI NR. 114
Sigrún K. Ægisdóttir hársnyrtimeistari, Hársögu, Reykjavík

### LISTSKÖPUN Í HÁRI NR. 115
Þórdís Eva Þórólfsdóttir hársnyrtir, Hársnyrtistofunni Strúktúru, Akureyri

### LISTSKÖPUN Í HÁRI NR. 116
Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir og Harpa Ómarsdóttir hársnyrtimeistarar, Unique hár og spa, Reykjavík

**Sigur af hólmi bar Sigrún K. Ægisdóttir hársnyrtimeistari á Hársögu fyrir sköpunarverk sitt nr. 114. Jónína S. Snorradóttir, formaður Meistarafélagsins í hárgreiðslu, og Joakim Roos gestafyrirlesari, kynntu úrslitin á hátíðarkvöldi Ísmóts.**

# Hársnyrtir ársins

Á ÍSMÓTI 2007 var keppt um titilinn „Hársnyrtir ársins" á vegum Meistarafélagsins í hárgreiðslu í samvinnu við SI og aðildarfélög þess í þjónustuiðngreinum. Auk keppninnar kynnti félagið starfsemi sína í Höllinni og stofur innan félagsins tóku vel á móti gestum. Hársnyrtistofur í Meistarafélagi í hárgreiðslu er að finna á vefnum Meistarinn.is.

Alls tólf hársnyrtar, meistarar og sveinar, kepptu um titilinn en dæmt var út frá litunar- og klippitækni og vali á litum og hárgreiðslu. Stigagjöf dómnefndar og niðurstaða úr símakosningu almennings réði úrslitum á mótinu en eftirtaldir meistarar voru tilnefndir til verðlauna:

### HÁRSNYRTING NR. 103
Ívar E. Sigurharðarson hársnyrtimeistari, Hársnyrtistofunni Strúktúru, Akureyri

### HÁRSNYRTING NR. 104
Sigrún K. Ægisdóttir hársnyrtimeistari, Hársögu, Reykjavík

### HÁRSNYRTING NR. 111
Hulda Hafsteinsdóttir hársnyrtimeistari, Hársnyrtistofunni Medullu, Akureyri

**Titilinn „Hársnyrtir ársins" hlaut Sigrún K. Ægisdóttir hársnyrtimeistari á Hársögu fyrir hársnyrtingu nr. 104, en það voru þau Jónína S. Snorradóttir, formaður Meistarafélagsins í hárgreiðslu, og Joakim Roos gestafyrirlesari sem kynntu úrslitin á hátíðarkvöldi Ísmóts.**



Keppandi nr. 103. Höfundur: Ívar E. Sigurharðarson hársnyrtimeistari. Hársnyrtistofan Strúktúra. Módel Bryndís Helga Ólafsdóttir.



Keppandi nr. 111. Höfundur: Hulda Hafsteinsdóttir hársnyrtimeistari. Hársnyrtistofan Medulla. Módel Karen Nóadóttir.

# Snyrtifræðingur

**Á ÍSMÓTI 2007 var keppt um titilinn „Snyrtifræðingur ársins" á vegum Félags íslenskra snyrtifræðinga í samvinnu við SI og aðildarfélög þess í þjónustuiðngreinum. Auk keppninnar kynnti félagið starfsemi sína og snyrtistofur innan félagsins tóku vel á móti gestum í Höllinni undir yfirskriftinni „Heilsueyjan Ísland". Stofur í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna á vefnum Meistarinn.is.**



Frá vinstri: Rósa Þorvaldsdóttir, Ágústa Kristjánsdóttir og Sigríður Gróa Sigurðardóttir, snyrtifræðingur á Akranesi.

Alls tíu snyrtifræðingar tóku þátt en keppt var á staðnum í þremur greinum: Litun og plokkun, andlitsmeðferð og handsnyrtingu með lökkun.

**SIGURVEGARI Í LITUN OG PLOKKUN:**
Sigríður Gróa Sigurðardóttir, Akranesi.

**SIGURVEGARI Í ANDLITSMEÐFERÐ:**
Ágústa Kristjánsdóttir, Snyrtistofunni Ágústu, Reykjavík.

**SIGURVEGARI Í HANDSNYRTINGU MEÐ LÖKKUN:**
Rósa Þorvaldsdóttir, Snyrtimiðstöðinni Lancome, Reykjavík.

**Hinn eftirsótta titil „Snyrtifræðingur ársins" hlaut Ágústa Kristjánsdóttir snyrtifræðingur, Snyrtistofu Ágústu í Reykjavík, en hún**



**Sigurvegarinn. Keppandi nr. 104. Höfundur: Sigrún K. Ægisdóttir hársnyrtimeistari. Hársaga. Módel Edda.**
MYND/ERLING Ó. AÐALSTEINSSON



**Sigrún Kristín Ægisdóttir á sigurstundu.**

# Vöffluklippingin vann

„Ég býst ekki við að sjá margar konur svona um höfuðið, enda hentar klippingin ekki í daglegu lífi,“ segir Sigrún Kristín Ægisdóttir hárgreiðslumeistari um framlag sitt í flokknum Listsköpun í hári, greiðslu sem líkist vöfflu með hitajárni og skilaði henni verðlaunum á Ísmóti.

Mikil vinna fór í greiðsluna og hárúði eingöngu notaður til að halda henni uppi, sem styður þá fullyrðingu að greiðslan verði sjaldséð. Gagnstætt klippingunni sem Sigrúnu vann einnig fyrir, í flokknum Hársnyrtir ársins.

„Markmiðið var að skila inn mynd af hversdagslegri klippingu sem gæti orðið vinsæl. Ég valdi stutta klippingu, form og lit sem klæða fyrirsætuna, og er viss um að hún verði áberandi.“

Sigrún er ánægð með sigurinn og vill hvetja sem flest hárgreiðslufólk til að taka þátt í keppnum. Þátttaka hafi heilmikið að segja. *- rve*

# ársins



**náði samanlagt hæsta skori á mótinu.** Það voru þær Hildur Ingadóttir, formaður Félags íslenskra snyrtifræðinga, og Ronelle Iten, aðalritari CIDESCO, sem kynntu niðurstöðu dómnefndar á hátíðarkvöldi Ísmóts.

Sjá viðtal við Ágústu Kristjánsdóttur, snyrtifræðing ársins, á bls. 15.



**Ágústa Kristjánsdóttir, á Snyrti-stofuÁgústu, hlaut hæsta skor á Ísmóti eftir að hafa keppt í öllum þremur greinum snyrtifræðinga. Hér má sjá módelið í höndum Ágústu á keppnissvæðinu.**



# Nordic Youth Skills – Ungliði ársins

ÍSMÓT var gestgjafi fyrstu samnorrænu ungliðakeppni hársnyrta undir yfirskriftinni „Nordic Youth Skills 2007“. Keppnin var skipulögð af Norrænu hárgreiðslumeistarasamtökunum, í samvinnu við Meistarafélagið í hárgreiðslu og SI, en hún var eingöngu ætluð ungu norrænu hársnyrtifólki, 28 ára og yngra.

Alls kepptu átta ungliðar til úrslita en dómnefnd var skipuð innlendu og erlendu fagfólki. Keppendur voru:

- Anita Flemmos frá Noregi
- Anna Katrín Hafsteinsdóttir, hársnyrtinemi á Hársögu
- Edda Baldursdóttir, hársnyrtisveinn á Hárný
- Halla María Þórðardóttir, hársnyrtinemi á Hár- og snyrtihúsinu Ónix
- Sanne Bruselius frá Danmörku
- Tarja Korjus frá Finnlandi
- Ulla Britt Heidin frá Svíþjóð
- Þorbjörg Bergþórsdóttir, hársnyrtinemi á Hár- og snyrtihúsinu Ónix

Ulla Britt Heidin frá Svíþjóð varð hlutskörpust í keppninni og hlaut af því tilefni veglega verðlaunastyttu Ísmóts.

Íslenski ungliði ársins varð Halla María Þórðardóttir, hársnyrtinemi á Hár- og snyrtihúsinu Ónix, en hún náði hæstu stigagjöf meðal íslensku keppendanna. Fast á hæla hennar fylgdi svo Þorbjörg Bergþórsdóttir, einnig hársnyrtinemi á Hár- og snyrtihúsinu Ónix. Það var Gunilla Anderson Gustafsson, fulltrúi Norrænu hárgreiðslumeistarasamtakanna, sem tilkynnti úrslitin á hátíðarkvöldi Ísmóts.



Mynd frá keppnisstemningu Nordic Youth Skills í Höllinni.



Mynd af verðlaunahárgreiðslu sænska keppandans, Ullu Britt Heidin.






Halla María Þórðardóttir telur að reynslan af Ísmótinu komi til góða í hárgreiðslukeppni í Hollandi árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hestamennskan kom sér vel

„Það var rosalega gaman að vinna. Sérstaklega þar sem ég ætlaði mér það ekkert sérstaklega, heldur langaði bara til að vera með,“ segir Halla María Þórðardóttir, hársnyrtinemi á Hár- og snyrtihúsinu Ónix, sem varð hlutskörpust íslenskra keppenda á Nordic Youth Skills 2007.

Halla viðurkennir að þátttakan í keppninni hafi tekið örlítið á taugarnar, meðal annars þar sem íslensku keppendurnir hafi ekki haft nema viku til að undirbúa sig fyrir mótið, á meðan undirbúningur þeirra erlendu hafi staðið yfir í langan tíma. Reynsla úr hestamennsku hafi komið henni til góða.

„Eina keppnin sem ég hafði áður tekið þátt í er litakeppni, þar sem ég varð í öðru sæti, en hún var miklu minni,“ segir Halla. „Það hjálpaði að ég hef verið að keppa í hestum. Þar venst maður því að einbeita sér að því sem maður er að gera og láta umhverfið ekki trufla sig.“

Keppendurnir þurftu að sýna listir sínar á staðnum og þar skipti góð tímasetning höfuðmáli. „Við höfðum hálftíma til að greiða dúkkunni í götutískustíl,“ segir Halla. „Tuttugu mínútur til að breyta henni í brúðargreiðslu. Dæmt var eftir bæði skipti. Svo var hlé gert og eftir það var hárið blásið og dæmt aftur. Ég endaði á að greiða kvöldgreiðslu, þótt hún sé ekki kennd fyrr en á lokaárinu í náminu. Samt náðist þetta.“

Halla segir sigur sem þennan góðan meðbyr inn í hárgreiðslubransann, þar sem fyrir liggur að ljúka námi og taka þátt í keppni í Hollandi á næsta ári. „Ég veit ekki mikið um þessa keppni. Býst samt við að hún verði svipuð og Ísmótið. Þannig að reynslan á örugglega eftir að hjálpa mér.“

- rve

# Ljósmynd ársins

Á ÍSMÓTI 2007 var keppt um titilinn Ljósmynd ársins á vegum Ljósmyndarafélags Íslands í samvinnu við SI og aðildarfélög þess í þjónustuiðngreinum. Auk keppninnar kynnti félagið starfsemi sína í Höllinni og ljósmyndastofur innan félagsins tóku vel á móti gestum. Fagljósmyndara og ljósmyndastofur í Ljósmyndarafélagi Íslands er að finna á vefnum Meistarinn.is.

Alls 52 myndir bárust í keppnina í eftirfarandi flokkum: Portrett, Landslag, Arkitektúr og Auglýsinga- og iðnaðarljósmyndun. Stigagjöf dómnefndar og niðurstaða úr símakosningu almennings réði úrslitum á mótinu en eftirtaldir meistarar og verk þeirra voru tilnefnd til verðlauna:

- Portrett-ljósmynd nr. 177 - Erling Ó. Aðalsteinsson
- Auglýsinga- og iðnaðarljósmynd nr. 194 og 196 - Lárus Karl Ingason
- Landslagsmynd nr. 202 - Matz Wibe Lund

Tvær ljósmyndir urðu hnífjafnar að stigum og ákvað dómnefnd að veita þeim báðum titilinn „Ljósmynd ársins" á Ísmóti 2007. Annars vegar var það portrettmyndin „Feðgar," nr. 177, tekin af Erlingi Ó. Aðalsteinssyni á Ljósmyndastofu Erlings og hins vegar auglýsingamynd fyrir Zo-on, nr. 194, tekin af Lárusi Karli Ingasyni hjá Ljósmynd. Hinn landsþekkti fagljósmyndari Magnús Hjörleifsson kynnti úrslitin á hátíðarkvöldi Ísmóts.



Sigurvegari. Keppandi nr. 177. Feðgar. Höfundur Erling Ó. Aðalsteinsson ljósmyndari. Ljósmyndastofa Erlings.



Fullt hús fagljósmyndara var á hátíðarkvöldi Ísmóts. Sigurvegararnir, Lárus Karl Ingason, til vinstri, og Erling Ó. Aðalsteinsson, til hægri, ásamt fulltrúa Ljósmyndarafélags Íslands, Magnúsi Hjörleifssyni.



Keppandi nr. 196. Auglýsingamynd fyrir francas.is. Höfundur: Lárus Karl Ingason ljósmyndari. Stofa Ljósmynd.



Keppandi nr. 202. Landslag. Höfundur: Mats Wibe Lund ljósmyndari.



Sigurvegari. Keppandi nr. 194. Auglýsingamynd fyrir Zo-on. Höfundur: Lárus Karl Ingason ljósmyndari. Stofa Ljósmynd.

# Sómir sér vel í stofunni

Tvær mannverur úti í óblíðri náttúrunni eru viðfangsefni ljósmyndarans Lárusar Karls Ingasonar en sú mynd færði honum verðlaun í flokknum Auglýsingamynd ársins 2007.

„Þetta er auglýsingamynd sem ég vann fyrir bækling á vegum Zo-on og sýnir tvær mannverur á gangi úti í vondu veðri, sem á aftur að endurspegla styrk fatnaðarins," útskýrir Lárus, sem hefur að baki áralanga reynslu af auglýsinga- og portrettljósmyndun og hefur hlotið alþjóðlega athygli fyrir störf sín.

Auk verðlaunanna hlaut Lárus tilnefningu fyrir aðra auglýsingamynd sem hann myndaði fyrir veiðivefinn francas.is og er því hæstánægður með árangurinn.

„Það var fínt og ánægjulegt að fá alla þessa viðurkenningu. Þetta er klapp á bakið," segir hann. „Þar sem ég veit að maður er alltaf dæmdur út frá síðasta verki keyrir sigurinn mann áfram. Svo styrkir þetta vonandi fyrirtækin sem ég vann fyrir í trúnni um að þau séu að gera rétt."

Spurður um hvort hann hafi



Lárus hefur starfað sem ljósmyndari í fjölmörg ár og man tímana tvenna, til dæmis hvaða áhrif stafræna byltingin hafði eins og hann kallar hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

fundið afrakstri erfiðisins, verðlaunagripnum, mátulegan stað, segir Lárus annað ekki hafa komið til greina. „Hann er nú að því er heita má á arinhillunni heima, þar sem hann sómir sér vel. Þetta er sannarlega góð áminning um að það er til einhvers að vinna á móti sem þessu." *-rve*

# Feðgar þóttu flottastir

Erling Ólafur Aðalsteinsson ljósmyndari, hjá Ljósmyndastofu Erlings, sendi inn fimm myndir á Ísmót 2007. Þar á meðal var mynd af nýbökuðum föður með nokkurra daga gamlan son sinn í fanginu, sem dómnefndin útnefndi mynd ársins í flokki portrettmynda.

„Foreldrarnir komu fyrst í myndatöku til mín þegar móðirin var ófrísk og ætluðu að koma aftur eftir að hún hafði fætt," segir Erling. „Ég bað þau um að gera það sem fyrst eftir fæðingu, eða þegar þau treystu sér til. Þau gerðu það og við áttum notalega stund í stúdíóinu. Tókum heilan helling af myndum."

Erling segist hafa viljað koma til skila nálægðinni á milli föðurins, Fernando Ruiz, og sonarins, Hannesar, á myndunum. Hann gaf sér góðan tíma til að vinna þær og naut þar dyggrar aðstoðar sambýliskonu sinnar, Sillu Páls, fördunarmeistara með meiru, sem hefur starfað við hlið helstu ljósmyndara landsins síðustu ár.

Eins og fyrr sagði fór að lokum svo að dómnefndin útnefndi myndina þá bestu í flokki portrettmynda og því virðist ætlunarverk Erlings hafa heppnast.



Erling býður upp á mánaðarmyndatökur. Þá koma mæður í bumbumyndatöku, síðan með barnið nýfætt og mánaðarlega fyrsta árið. Úr verður albúm mynda frá fyrsta ári barnsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er mjög mikilvæg viðurkenning fyrir mig," segir hann um sigurinn. „Staðfesting á því að fólki finnist maður vera að gera góða hluti. Mér finnst persónulega svo gaman að mynda fólk og gleðja það þegar það sækir myndirnar, að helst vildi ég ekki þurfa að rukka fyrir þær. Maður hefur þó ekki um annað að velja." *-rve*




TÍSKUTEYMI-2: Kvenleg og sterk.



TÍSKUTEYMI-7: Ævintýralegur draumur.

# Tískuteymi ársins

**Innan Samtaka iðnaðarins og aðildarfélaga í þjónustuiðngreinum starfa hundruð fagmanna við hársnyrtingu, snyrtingu, gullsmíði, klæðskurð, kjólasaum og ljósmyndun. Auk þeirra eru innan SI nokkur þekkt fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á fatnaði og fylgihlutum ýmiss konar.**

Þótt margt virðist í fljótu bragði ólíkt með þessum þjónustuiðngreinum er eitt mikilvægt atriði sem sameinar krafta, hugvit og menntun þessa fagfólks í eina heild: Óskin um gott útlit og aukna vellíðan einstaklingsins sem til þess leitar. Tískuteymi-SI endurspegla þessa ósk þegar þau koma saman til að veita viðskiptavinum heildræna ráðgjöf og þjónustu.



Berglind og teymi hennar hugðu að hverju smáatriði.

Á Ísmóti 2007 kepptu sjö tískuteymi um titilinn Tískuteymi ársins. Stigagjöf dómnefndar og niðurstaða úr símakosningu almennings réði úrslitum á mótinu en eftirtalin þrjú teymi voru tilnefnd til verðlauna:

- Tískuteymi-1 á vegum Berglindar Ómarsdóttur, Kjólum og klæði
- Tískuteymi-2 á vegum Eddu Hrannar Atladóttur, Leðuriðjunni Atson
- Tískuteymi-7 á vegum Selmu Ragnarsdóttur, Listauka

**Titilinn „Tískuteymi ársins“ hlaut teymi nr. 1 fyrir framlag sitt „Runaway Bride 07.07.07.“ en í því eru:**

- Klæðskeri: Berglind Ómarsdóttir, Kjólum og klæði
- Hársnyrtir: Magnús Þór Reynisson, Hjá Jóa og félögum
- Snyrtifræðingur: Berglind Alfreðsdóttir, Comfort snyrtistofu
- Gullsmiður: Helga Jónsdóttir, Gullkúnst Helgu
- Ljósmyndari: Ágústa Kr. Bjarnadóttir, Barna- og fjölskylduljósmyndum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kynnti úrslitin á hátíðarkvöldi Ísmóts. Nánar er fjallað um hvert teymi á si.is/ismot.

# Klæðskeri ársins

**Á ÍSMÓTI 2007 var keppt um titilinn „Klæðskeri og/eða kjólameistari ársins“ á vegum Klæðskera- og kjólameistarafélagsins (KK) í samvinnu við SI og aðildarfélög þess í þjónustuiðngreinum. Auk keppninnar kynnti félagið starfsemi sína í Höllinni en félagsmenn er að finna á vefnum Meistarinn.is.**

Keppni KK var hluti af keppni Tískuteyma-SI á mótinu og réði stigagjöf dómnefndar og niðurstaða úr símakosningu almennings úrslitum en eftirtaldir meistarar voru tilnefndir til verðlauna:

- Berglind Magnúsdóttir, klæðskeri og kjólameistari, Klæðskerahöllinni
- Berglind Ómarsdóttir klæðskeri, Kjólum og klæði
- Selma Ragnarsdóttir, klæðskeri og kjólameistari, Listauka



Hér má sjá þær stöllur Berglindi Ómarsdóttur og Hólmfríði Ólafsdóttur baksviðs eftir verðlaunaafhendinguna.

**Titilinn „Klæðskeri ársins“ hlaut Berglind Ómarsdóttir klæðskeri, Kjólum og klæði, en það var Hólmfríður Ólafsdóttir úr stjórn Klæðskera- og kjólameistarafélagsins sem kynnti úrslitin á hátíðarkvöldinu.**



TÍSKUTEYMI ÁRSINS - TÍSKUTEYMI-1. THE RUNAWAY BRIDE 07.07.07 Klæðskeri Berglind Ómarsdóttir, Kjólum og klæði. Hársnyrtir Magnús Þór Reynisson, Hjá Jóa og félögum. Snyrtifræðingur Berglind Alfreðsdóttir, Comfort snyrtistofu. Gullsmiður Helga Jónsdóttir, Gullkúnst Helgu. Ljósmyndari Ágústa Kr. Bjarnadóttir, Barna- og fjölskylduljósmyndum





Berglind var í vafa um hvort hún ætti að vera með á mótinu en sló til og stýrði tískuteyminu til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Ætlaði að hætta við

Óhætt er að segja að Berglind Ómarsdóttir, klæðskeri hjá Kjólum og klæði, hafi ekki farið tómhent heim af Ísmóti 2007, þar sem hún uppskar tvenn verðlaun og eina viðurkenningu. Minnstu munaði þó að hún yrði af öllu saman.

„Ég er alsæl með þetta," segir Berglind hress í bragði, sem vann í flokkunum Klæðskeri ársins og Tískuteymi ársins, ásamt því að fá viðurkenningu úr minningarsjóði Indriða Guðmundssonar klæðskera fyrir bestan árangur á Ísmóti 2007. „Ég átti alls ekki von á sigrinum, þótt mér hafi óneitanlega þótt skemmtilegt að vinna."

Berglind viðurkennir þó að hún hafi allt fram á síðustu stundu verið í vafa um hvort hún ætti að vera með á mótinu. „Ég kom frá Bandaríkjunum þremur dögum áður en skila átti fötunum fyrir myndatöku og ætlaði að hætta við, þar sem ég var ekki byrjuð. Svo lá ég andvaka alla nóttina vegna valkvíða. Undir morgun hafði ég hins vegar ákveðið að vera með og hellti mér út í þetta."

Systir Berglindar brá sér í hlutverk fyrirsætu og henni tókst á síðustu stundu að safna saman mannskap í tískuteymið. Þá var hins vegar svo lítill tími til stefnu að sækja varð um eins dags skilafrest.

„Ég sé aldeilis ekki eftir að hafa tekið þátt í þessu," segir Berglind. „Miðað við allt sem gekk á varð sigurinn einhvern veginn enn meiri. Svo þótti mér vænt um viðurkenninguna, þar sem Indriði kenndi mér á sínum tíma." *- rve*

# Fulltrúar sigurteymis

„Keppnin var einstaklega glæsileg í alla staði og ekki síður skemmtileg. Við vonuðum að okkur gengi vel en áttum alls ekki von á sigri. Þetta var alveg æðislegt."

*- Magnús Þór Reynisson, hárgreiðslumaður hjá Jóa og félögum.*





„Við stukkum á þetta og einhvern veginn gekk allt saman upp. Ég er ánægð með sigurinn og sé ekki eftir að hafa tekið þátt í þessu. Fyrir mitt leyti er þetta líka góð kynning þar sem ég var að opna nýja stofu."

*- Berglind Alfreðsdóttir, snyrtimeistari og naglafræðingur hjá Comfort snyrtistofu.*



„Mér finnst þetta vera frábært teymi og heildarmyndin mjög góð."

*- Helga Jónsdóttir gullsmiður, Gullkúnst Helgu.*



„Þetta er náttúrlega allt öðruvísi en það sem ég fæst vanalega við, krafðist ekki grettna eða brandara til að fá börn til að brosa. En svo vill til að formaður Ljósmyndarafélagsins er eigandi stofunnar og hann plataði mig til að aðstoða Berglindi. Sigurinn var góður en kom á óvart, sérstaklega þar sem teymið okkar var á síðustu stundu."

*- Ágústa Kr. Bjarnadóttir, ljósmyndari hjá Barna- og fjölskylduljósmyndun.*

# Skartgripur ársins – fyrir dömur og herra

Á Ísmóti 2007 var keppt um titilinn „Skartgripur ársins“ á vegum Félags íslenskra gullsmiða í samvinnu við SI og aðildarfélög þess í þjónustuiðngreinum. Auk keppninnar kynnti félagið starfsemi sína í Höllinni og tók vel á móti gestum en félagsmenn þess er að finna á vefnum Meistarinn.is.

Alls 38 skartgripir bárust í keppnina. Stigagjöf dómnefndar og niðurstaða úr símakosningu almennings réði úrslitum á mótinu en eftirtaldir meistarar og verk þeirra voru tilnefnd til verðlauna:

**Í flokknum**
**„Skartgripur ársins fyrir dömur“:**

• Skartgripur nr. 139 - Dýrfinna Torfadóttir gullsmíðameistari, Stillholti Akranesi
• Skartgripur nr. 155 - Páll Sveinsson gullsmíðameistari, Jóni & Óskari, Reykjavík



Dömuskartgripur nr. 155. Hvítagullshringur. Höfundur Páll Sveinsson gullsmíðameistari. Stofa Jón & Óskar



Herraskartgripur nr. 158. Karlkyns kúluhringur í silfri. Höfundur Kjartan Örn Kjartansson gullsmíðameistari. Stofa OR hlutagerðarfélag.
MYND/UNNUR ÓLÖF MATTHÍASDÓTTIR

**Í flokknum**
**„Skartgripur ársins fyrir herra“:**

• Skartgripur nr. 136 - Dýrfinna Torfadóttir gullsmíðameistari, Stillholti Akranesi
• Skartgripur nr. 158 - Kjartan Örn Kjartansson gullsmíðameistari, OR hlutagerðarfélagi, Reykjavík

**Dýrfinna Torfadóttir gullsmíðameistari kom, sá og sigraði í báðum flokkum fyrir gripi sína nr. 136 og nr. 139 og hlaut fyrir vikið veglegar verðlaunastyttur Ísmóts 2007.** Það var Halla Bogadóttir, gullsmiður og fulltrúi Félags íslenskra gullsmiða, sem kynnti úrslitin á hátíðarkvöldinu.



Sigurskartgripur Dýrfinnu fyrir herra kallast fjara og skírskotar til fjöru Íslands og hreinleika sjávar.



Sigurskartgripur Dýrfinnu fyrir dömur kallast Vertu þú sjálf eftir þínu höfðu – skapandi kvenskart.

# Úr hálsmeni í hattaprjón

**Dýrfinna Torfadóttir gullsmiður bar sigur úr býtum með skartgrip ársins fyrir dömur og herra á Ísmóti 2007.**

„Mér fannst þessi keppni mjög góð og þeir voru með mjög góða fagdómara í keppninni en það finnst mér skipta miklu máli,“ segir Dýrfinna Torfadóttir gullsmiður um Ísmót 2007, en hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga, bæði einkasýningum og samsýningum, og hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar.

Sjálf segist hún vera keppnismanneskja og stefni líkt og aðrir á sigur. „Maður keppti nú í íþróttum hérna áður fyrr og fer alltaf með því hugarfari að sigra. Samt bjóst ég ekki við þessu því það er svo mikið af góðum gullsmiðum. Ég var búin að setja tvo aðra í fyrsta sætið.“



Dýrfinna Torfadóttir

Þá finnst Dýrfinnu ekki hvað síst mikilvægt að gullsmiður utan af landi skuli hafa unnið til verðlauna, þar sem landsbyggðin vilji oft verða útundan í keppnum sem þessum. Sjálf fæddist hún í Reykjavík en ólst upp á Ísafirði og bjó þar eftir að námi lauk, þar til hún fluttist til Akraness haustið 2001.

En hvernig skyldi hugmyndin að kvenskartgripnum hafa kviknað? „Hugmyndin að baki sigurgripnum tengist heitinu á honum sem er „Vertu þú sjálf“. Skartgripurinn er breytilegur og þú getur breytt honum úr hálsmeni í hattaprjón, bindisnælu eða hvað sem þér dettur í hug. Þú getur því verið þú sjálf og það fer bara eftir þínu eigin hugmyndaflugi hvernig þú notar hann. Skartgripurinn hæfir því öllum á öllum aldri.“

Að sögn Dýrfinnu er herraskartið líka breytilegt þar sem bindisnælan er með segli svo hún skemmir ekki flíkina og hægt er að færa hana yfir á hattinn, jakkalafið og fleira.

„Næst á dagskrá er að fjöldaframleiða sigurgripina svo þeir verða brátt fáanlegir. Ég tek þó fram að enginn gripur er eins þar sem enginn hugsar eins.“

Margt fleira er á döfinni. Dýrfinna kemur til með að flytja stofu sína frá safnasvæðinu að Görðum yfir í Stillholt á Akranesi. Stofuna opnar hún ásamt Finni Þórðarsyni 29. september, sem verður meira í líkingu við gallerí í verslun. Á næsta ári heldur hún síðan sýninguna 55° norður í Sívala turninum í Kaupmannahöfn.

*hrefna@frettabladid.is*



## TILDRA 209

Hönnuður Pétur B. Lúthersson. Hannaður árið 2002. Í boði eru tveggja og þriggja sæta sófar og stólar. Velja má um leður eða tauáklæði.
Verð með leðri:
Þriggja sæta sófi 295.900 kr., tveggja sæta sófi 230.000 kr. og stóll 158.400 kr.



## KJARVAL

Hönnuður Sveinn Kjarval
Hannaður í kringum 1953.
Stóllinn er úr eik.
Hann fæst með leðri, kálfskinni eða taui.
Verð frá 69.700 kr.



## TREE

Hönnuðir Michael Young og Katrín Pétursdóttir
Hannaður árið 2000
Fatastandur úr birki, einnig til litaður hvítur eða svartur.
Verð frá 48.400 kr.

# ÍSLENSK HÖNNUN

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



## TAKE AWAY LJÓS

Hönnuður Sigurður Gústafsson
Hannað árið 2000
Ljósið er ofið úr fíbergleri og má nota sem vegg-, loft eða gólflampa.
Verð 8.700 kr.

## 001 BORÐ

Hönnuður Ólöf Jakobína Ernudóttir. Hannað árið 1999.
Borðið er með stálgrind og fæst í ýmsum viðartegundum.
Verð 144.000 kr.



## JAKI

Hönnuður Erla Sólveig Óskarsdóttir
Hannaður árið 1997
Stálgrind, alklæddur með leðri.
Verð 48.400 kr.



# Stofur ársins – í þremur iðngreinum

Í fyrsta sinn á Íslandi var efnt til samkeppni meðal fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins þar sem keppt var um titilinn „Stofa ársins" í tiltekinni iðngrein.
Keppnin var að þekktri erlendri fyrirmynd og var fyrirtækjum boðið að skila inn ákveðnum upplýsingum á skýrsluformi um reksturinn, ímynd þess, markaðssetningu, samskipti, nýsköpun og framtíðarsýn.

Að þessu sinni bárust alls 24 umsóknir frá fyrirtækjum úr snyrtiiðn, hársnyrtiiðn og gullsmíði.

Sérstakri dómnefnd var falið að meta innsend gögn en hún gat einnig óskað eftir frekari gögnum og/eða heimsótt fyrirtækin.

Í hverri grein tilnefndi dómnefnd þrjú fyrirtæki til úrslita en þau voru sem hér segir:

Tilnefning: Hársnyrtistofa ársins
• Hárný, Nýbýlavegi 28, Kópavogi
• Hársaga, Hótel Sögu og Austurstræti, Reykjavík
• Unique hár og spa, Borgartúni 29, Reykjavík

Tilnefning: Snyrtistofa ársins
• Laugar Spa snyrti- og nuddstofa, Sundlaugarvegi 30, Reykjavík
• Snyrtimiðstöðin – Lancome, Kringlunni 7, Reykjavík
• Snyrtistofan Ágústa, Hafnarstræti 5, Reykjavík

Tilnefning: Skartgripaverslun ársins
• CARAT – Haukur gullsmiður, Smáralind, Kópavogi
• Gull & Silfur, Laugavegi 52, Reykjavík
• Gullkúnst Helgu, Laugavegi 13, Reykjavík

Að lokinni vandlegri yfirferð komst dómnefnd að niðurstöðu um hvaða stofur sköruðu fram úr og skyldu hljóta þessa eftirsóttu viðurkenningu á Ísmóti 2007. Eru þær kynntar hér á næstu síðum með umsögn dómnefndar.

Mikil eftirvænting ríkti meðal gesta á hátíðarkvöldinu þegar Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, kynnti úrslitin.


Snyrtistofan Ágústa, Hafnarstræti 5, Reykjavík.

# Unique hár og spa – hársnyrtistofa ársins

Dómnefnd valdi Unique hár og spa, Borgartúni 29 í Reykjavík, stofu ársins í flokki hársnyrtistofa.

Dómnefndin horfði þar einkum til spennandi og nútímalegar hönnunar og stefnumótunar þar sem unnið er með vörur sem í dag eru háþróaðar og falla vel að óskum viðskiptavina sem eru meðvitaðir um umhverfi sitt og vellíðan.

Stjórnendur stofunnar hafa skýra framtíðarsýn og markmið þar sem alþjóðlegt samstarf, straumar og stefnur, vega þungt.

Gott skipulag er á mannauðs og gæðamálum, góð samskipti eru bæði innan fyrirtækisins sem og við viðskiptavini og notkun upplýsingatækni til fyrirmyndar.

Markviss umhverfisstefna er til staðar, fagleg áhersla er lögð í stjórnun og rekstri.


Unique hár og spa er að Borgartúni 29 í Reykjavík.


Unique hár og spa var valin hársnyrtistofa ársins.


Dómnefnd telur stjórnendur stofunnar hafa skýra framtíðarsýn.


Snyrtimiðstöðin – Lancome, Kringlunni 7, Reykjavík.


Hárný, Nýbýlavegi 28, Kópavogi.


Laugar Spa snyrti- og nuddstofa, Sundlaugarvegi 30, Reykjavík


Gull & Silfur, Laugavegi 52, Reykjavík.


Unique hár og spa, Borgartúni 29, Reykjavík.




## Hársnyrtistofa ársins til Hollywood

Meistarafélagið í hárgreiðslu tilnefnir Hársnyrtistofu ársins á Ísmóti 2007 til viðurkenningar og verðlauna á alþjóðlegu verðlaunahátíðinni Global Salon Awards sem fram fer í Hollywood í júní á næsta ári.


CARAT – Haukur gullsmiður, Smáralind, Kópavogi.


Hársaga, Hótel Sögu og Austurstræti, Reykjavík.





# Kemur iðninni á hærra plan

Unique hár og spa vann til verðlauna sem Hársnyrtistofa ársins. Eigendur stofunnar eru Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, Jógvan Hansen og Jóhanna María Gunnarsdóttir.

„Mér fannst Ísmótskeppnin ótrúlega viðamikil og stórkostleg keppni. Sýningarbásarnir voru glæsilegir og aðkoman virkilega flott. Það var mikill íburður í öllu og þetta leit út fyrir að vera komið til að vera. Keppnin var því mjög fagmannleg,“ segir Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, einn eigenda Unique hár og spa.

Það eina sem Sæunni þótti miður var að Ísmótinu sjálfu skyldi ekki hafa verið fylgt betur eftir með meiri fjölmiðlaumfjöllun þar sem þetta var að hennar mati stórglæsilegt mót. En hvaða þýðingu hefur sigurinn?

„Sigurinn hefur mikla þýðingu fyrir okkur,“ segir Sæunn Ósk. „Þetta er hvatning til að halda okkar stöðu og gera okkar besta til að verða betri. Að útbúa skýrslu um fyrirtækið var mikið aðhald í rekstri og hvati til að koma hlutum í verk sem legið höfðu í farvatninu. Einnig vil ég taka fram að titillinn er ekki síður fyrir starfsfólkið okkar, sem er í raun stofan. Síðan geta nemarnir sagt frá því að þeir hafi lært á stofu sem hafi unnið titil.“

Sæunn leggur enn fremur áherslu á hversu mikil hvatning er í því fólgin að fá fagverðlaun fyrir starf sitt. „Það er mikið talað um að kynna iðnmenntunina meira og hversu mikilvæg hún sé og mér finnst keppni af þessu tagi koma iðninni á hærra plan. Skýrslan sem við gerðum um fyrirtækið var metin af fagaðilum úr atvinnulífinu og var því reksturinn í heild tekinn fyrir.

Það er í mörg horn að líta við rekstur hárgreiðslustofu og við eigendurnir höfum varla orðið tíma til að standa á gólfinu og klippa. En það er líka gaman að reka fyrirtæki. Við erum öll frekar ung og ánægjulegt að fá staðfestingu á því að við séum að gera góða hluti og að fyrirtækið sé á réttri leið.“ *hrefna@frettabladid.is*



Eigendur stofunnar: Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, Jógvan Hansen og Jóhanna María Gunnarsdóttir.



Meistaratakar.



Það er nóg að gera á hárgreiðslustofu Unique og er starfsfólkið iðið.




# Snyrtistofan Ágústa – snyrtistofa ársins

Dómnefnd valdi Snyrtistofuna Ágústu, Hafnarstræti 5 í Reykjavík, stofu ársins í flokki snyrtistofa.

Dómnefndin horfði þar einkum til fagmennsku, langrar forystu, aðlaðandi hönnunar, hlýleika og traustvekjandi starfsemi.

Við rekstur stofunnar hefur verið lögð áhersla á að fylgjast vel með og vera leiðandi í nýjungum. Áhersla hefur alltaf verið á fagmennsku, góða þjónustu og áreiðanleika.

Stofan er björt og notaleg og mikið lagt upp úr því að viðskiptavininum líði vel meðan á meðferð stendur.

Faglega er staðið að markaðssetningu stofunnar, samskiptum við viðskiptavini og mannauðsmálum.

Framtíðaráform og framtíðarsýn stofunnar ber vitni um framhald árangursríks rekstrar og að stofan verði áfram í fararbroddi.











# Carat – Haukur gullsmiður skartgripaverslun ársins

Dómnefnd valdi Carat - Hauk gullsmið, Smáralind í Kópavogi, skartgripaverslun ársins í flokki gullsmiða.

Dómnefndin horfði þar einkum til nútímalegrar hönnunar með fáguðu yfirbragði, fagmennsku og gæða.

Unnið er markvisst starf í markaðsmálum og markaðsáætlun vel útfærð.

Fyrirtækið er vel staðsett og aðgengilegt og vel er hugsað um viðskiptavini og starfsmenn.

Stöðug hugmyndavinna er í gangi, vöruþróun er stunduð, vörur smekklega settar fram og starfsmenn sýnilegir við vinnu sína.








# Fagmennska í fyrirrúmi

Ágústa Kristjánsdóttir, fótaaðgerða- og snyrtifræðingur, var valin snyrtifræðingur ársins og stofa hennar, Snyrtistofa Ágústu, snyrtistofa ársins á Ísmóti 2007.

„Þessi keppni hefur mikla þýðingu. Þetta minnir á okkur og hvað við erum að gera en stundum gætir misskilnings á því hvað það raunverulega er og hvað fer fram á stofunum.“

Þetta segir Ágústa Kristjánsdóttir, fótaaðgerða- og snyrtifræðingur um Ísmót 2007, þar sem hún varð hlutskörpust í flokkunum Snyrtifræðingur ársins og Snyrtistofa ársins.

„Fagið sem slíkt fær líka umfjöllun en þú gengur að því sem vísu að ef þú ert að fara á stofu sem er í Samtökum iðnaðarins þá sé þar fólk með réttindi sem stundar löggilda iðngrein,“ heldur hún áfram. „Því miður er það svo að til eru staðir þar sem fólk



Ágústa að störfum á stofu sinni, Snyrtistofu Ágústu, sem hún hefur rekið síðan árið 1990. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

starfar án þess að vera komið með fullgild réttindi.“

Ágústa telur auk þess keppni af þessu tagi kalla á nýjungar og efla á margan hátt, ásamt því að auka fagmennskuna í geiranum.

En hvernig tilfinning skyldi fylgja því að vera valin



Ágústa hampaði tvöföldum titli á Ísmóti 2007, sem hún segir hafa verið vel skipulagt og glæsilegt í alla staði.

snyrtifræðingur ársins og að eiga jafnframt snyrtistofu ársins?

„Það var frábært að vinna keppnina. Það voru margar stofur sem tóku þátt í henni og því mikils virði að bera sigur úr býtum. Þetta var mikil viðurkenning fyrir fyrirtækið, starfsfólkið og mig sem stjórnanda, rekstraraðila og fagmann.“

Ekki þótti Ágústu síður ánægjulegt að vera kosin snyrtifræðingur ársins. „Við kepptum í þremur greinum – handsnyrtingu, plokkun og litun og andlitsbaði – og samanlögð stig úr þessum greinum gáfu titilinn snyrtifræðingur ársins. Ég sigraði í andlitsbaðinu sem mér fannst sérlega ánægjulegt þar sem ég hef verið að fjalla um í félaginu að það væri gaman að útbúa „andlitsbað ársins“ samanber „kaka ársins“. Þarna gafst mér því tækifæri til að koma mínu andlitsbaði á laggirnar.”

Ágústa hefur síðustu ár verið að þróa „andlitsbað ársins“ en það er öðruvísi en hefðbundið andlitsbað. Notaðir eru bæði heitir og kaldir steinar og hendur og fætur eru líka meðhöndluð.

„Ég undirbjó mig sérstaklega í andlitsbaðinu fyrir keppnina. Ég hugsaði mikið um hvernig best væri að framkvæma þetta á þessum eina og hálfa tíma sem ég hafði til umráða þannig að ég pældi heilmikið í því. Ég þurfti að skipuleggja þetta og undirbúa vel svo ég hefði örugglega allt til alls og að þetta gengi upp á réttum tíma.“

Ágústa auglýsir því brátt með stolti „andlitsbað ársins“ á snyrtistofu sinni og á það eflaust eftir að vekja mikla lukku.

*hrefna@frettabladid.is*

# Fagfólk og fjölbreytni

Skartgripaverslunin Carat í Smáralind var valin skartgripaverslun ársins.

Haukur Valdimarsson, gull- og silfursmíðameistari í Carat, var að vonum ánægður með sigurinn. „Við erum stolt af því að hafa verið valin skartgripaverslun ársins. Með þessu er verið að verðlauna útlit og umgjörð búðarinnar, vöru og framsetningu og eins það sem snýr að markaðsmálum, markaðsstefnu og kynningarstarfsemi fyrirtækisins. Þetta hvetur okkur áfram að vanda okkur og halda áfram að þjónusta vel okkar viðskiptavini.”

Haukur segir enn fremur að það hafi komið skemmtilega á óvart að sigra. „Við fórum í þetta með opnum huga og fyrst og fremst til að vera með. Þetta er náttúrulega viðurkenning fyrir okkur og líka jákvætt fyrir viðskiptavini okkar.”

Haukur telur að öll kynning sé af hinu góða og að ef rétt er að staðið sé keppni á borð við Ísmót mikils virði. „Fólk fær aðra sýn á hlutina og sér breiddina í þessu og hvað það er mikið til af hæfu fólki við störf. Ef ég nefni gullsmiðina og okkar sýningu á Ísmót þá voru hátt í fjörutíu hlutir til sýnis og fólk sá þá fjölbreytnina. Mismunandi efni eru notuð og margar útgáfur þannig að þetta var virkilega spennandi og ég held að fólk hafi upplifað það þannig.“

Hauki fannst keppnin vera skemmtileg tilbreyting. Í aðdraganda keppninnar fór hann að prófa sig áfram með nýja hluti og fór til dæmis að nota stál sem hann hefur ekki gert mikið af áður og ætlar að innleiða það í búðina.

*hrefna@frettabladid.is*



Haukur Valdimarsson gullsmiður að störfum. FRETTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Kolbrún Tinna Kvaran ásamt Selmu Ragnarsdóttur, formanni Klæðskera- og kjólameistarafélagsins.

# Hönnunarkeppni nemenda

Á ÍSMÓTI 2007 efndi Klæðskera- og kjólameistarafélagið, í samvinnu við SI og aðildarfélög þess í þjónustuiðngreinum, til hönnunarkeppni fyrir nemendur á list- og verkmenntabrautum framhaldsskólanna. Yfirskrift og þema keppninnar var „Tímavélin“ en leitað var að bestu útfærslu nemenda á fatnaði þar sem efnistök voru sótt úr fortíð eða ímyndaðri framtíð.

Tíu nemendur tóku þátt, þar af níu frá Iðnskólanum í Reykjavík og einn frá Iðnskólanum í Hafnarfirði. Nemendur í hársnyrtiiðn og snyrtifræði slógust í hópinn með keppendum og módelum þeirra og efnt var til glæsilegra sviðssýninga fyrir dómnefnd og gesti í Höllinni.

Í lok mótsins voru eftirtaldir nemendur tilnefndir til verðlauna:




Útfærsla Kolbrúnar Tinnu Kvaran, nema við Iðnskólann í Reykjavík, á fatnaði nútímans í Tímavélinni - hönnunarkeppni nemenda á Ísmóti 2007. Hún er sjálf fyrirsæta.

### RÓM - EGYPTAR

**Hönnuður:** Hrafnhildur Ýr Rafnsdóttir, nemi við Iðnskólann í Reykjavík

**Módel**: Tinna Rún Kristófersdóttir

### NÚTÍMINN

**Hönnuður** Kolbrún Tinna Kvaran, nemi við Iðnskólann í Reykjavík

**Módel**: Hún sjálf

### FRAMTÍÐ OG BEAT

**Hönnuðir**: Svava Magdalena Ómarsdóttir, nemi við Iðnskólann í Reykjavík, og Erla Dís Arnardóttir, nemi við Iðnskólann í Hafnarfirði

**Módel**: Edda Katrín Ragnarsdóttir

Viðurkenningu og verðlaun dómnefndar hlaut Kolbrún Tinna Kvaran, nemi við Iðnskólann í Reykjavík, fyrir framlag sitt „Nútíminn“. Það var Selma Ragnarsdóttir, formaður Klæðskera- og kjólameistarafélagsins, sem kynnti úrslitin á hátíðarkvöldinu.

# Sætur sigur

Kolbrún Tinna Kvaran, nemi í klæðskeranámi í Iðnskólanum í Reykjavík, bar sigur úr býtum í Hönnunarkeppni nemenda á list- og verkmenntabraut á Ísmóti 2007. Hún var að vonum ánægð með sigurinn og fannst keppnin takast vel.

„Ég var bara mjög montin með þetta. Flestallir í keppninni tóku þátt með stuttum fyrirvara þegar það kom áskorun frá Félagi klæðskera. Það var mjög spennandi að vinna þetta á stuttum tíma og koma þessu frá sér þannig að þetta virkaði.

Þemað var tímavélin og þá reyndi maður að hugsa eitthvað því tengt og skrifa smá texta. Ég reyndi nú bara að hafa þetta í nútímanum og vera samkvæm sjálfri mér.“

Þar sem Kolbrún Tinna er að stíga sín fyrstu skref sem klæðskeri þá segir hún keppnina skipta sköpum fyrir sig. „Það er frábært að við skulum geta komið saman



Kolbrún Tinna Kvaran sigurvegari í hönnunarkeppni nemenda á list- og verkmenntabraut. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

og séð hvað aðrir eru að gera. Gott að kynnast öðrum nemendum og skapa sér tengslanet.

Auk þess búum við í litlu landi þar sem allir þekkjast og því er gott fyrir mig innan geirans að geta sagt að ég hafi unnið á Ísmóti,“ segir Kolbrún Tinna enn í skýjunum yfir góðum árangri.

*- hs*


GIVENCHY
ange ou démon
THE NEW FEMININE FRAGRANCE
www.parfumsgivenchy.com
ange ou démon
GIVENCHY

## Húsaviðhald

**Prýði sf**
**Sprunguviðgerðir, steypum tröppur og flotum. Þakásetningar, rennur og niðurföll. Gluggaviðgerðir og smíði. Málun glugga. Öll almenn trésmíðavinna. Tilboð og tímavinna. Áratuga reynsla. s. 864 7449 & 854 7449 & 565 7449**

**HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN Sími 892-1565**

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

**Viðhaldsverk**
**Tökum að okkur viðhald allra fasteigna, utanhúss sem innan. Viðhaldsverk s. 869 3934.**

**Húsaviðhald**
**Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu og flísalögnum. Upplýsingar í síma 695 4661.**

**Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...**
Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrífum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

**Magnhús ehf**
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S. 892 7260 & 567 0530.**

**Stífluþjónustan ehf**
**S.5542255: 8965800**
**Stíflulosun-Röramyndun**
**www.stiflutjonustan.is**

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir**
Þjónustum fyrirtæki og einstaklinga. Komum á staðinn. Microsoft vottun. 11 ára reynsla. Miðnet ehf. Ríkharður S. 615 2000.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristallkúla með leiðsögn að handan
**562 8211**

**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Hanna 908 6040**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

**Spákona**
Spái í spil, ræð drauma og fl. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

Kristjana spámiðill. Þeir sem til mín vilja leita. Pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

## Rafvirkjun

**Aðeins löggiltir rafverktakar mega taka að sér vinnu við raflagnir**
**sart**
www.sart.is

**RafList**
**Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, viðhaldsvinna,**

**og faglegg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 861 9116.**

## Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
**Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.**

Sandblástursfilmur í heimahús. Uppl. í s. 661 3646. Fagmenn í filmum!

# HEILSA

## Heilsuvörur




Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



LEIRKRÚSIN Ný námskeið að hefjast Opið verkstæði alla daga S: 564 0607 www.leir.is



**Losum okkur við fitupúkana !**
**Þriðjudaginn 18.september eða miðvikudaginn 19.september kl: 19:00 til 21:30.Hið vinsæla og áhrifaríka námskeið Þorbjargar næringarþerapista. Hnitmiðað og markvisst farið í gegnum 4 vikna púkaprógramm frá A til Ö. Detox, aukin orka, betri svefn, blóðsykurinn í jafnvægi, fallegri húð og kílóin fjúka á heilsusamlegan hátt! Ein kvöldstund frá kl: 19:00 til 21:30 í Heilsuhúsinu Lágmúla. Einnig veittur góður afsláttur á matvöru og bætiefnum í Heilsuhúsinu. Verð 4.900 kr Bókun á námskeiðið síma 692 8489 eða á tobba@10grunnreglur.com**

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Fallegt sófasett til sölu!**
Fallegt og vel með farið 4ra ára gamalt sófasett til sölu. Sófi 200x90. Stólar 100x90. Breidd 85. Verð 40 þús. S. 661 7230.



**Ný sending væntanleg!**
Rýmum fyrir nýjum vörum. 20% afsláttur af völdum áklæðum. Glæsileg spönsk stóla og sófaáklæði - mikið úrval - Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.



**Ný sending væntanleg!**
Rýmum fyrir nýjum vörum. 20% afsláttur af völdum áklæðum. Glæsileg spönsk rúmteppi! Mikið úrval! Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.

## Heimilistæki

**Rainbow Ryksugur Gott verð!**
Til sölu eru notaðar Rainbow ryksugur. Yfirfarnar af umboði. Ábyrgð. Uppl. í s. 567 7773 á daginn og 893 6337 kvöld og helgar.

## Barnavörur

Bráðvantar tvíbura kerruvagn líka hjólakerru fyrir 2 börn. S. 566 7393/8989093

## Dýrahald

**Hundaskóli-Heimsenda-Hunda**
Grunnnámskeið hefst 19 september. Næsta syningarnámskeið hefst 25 september nánari uppl. og skráning á hundaskoli.net og í síma 897 1992.

Rúml. 10 mán rauð Pomeranian tík til sölu. Æðislegur karakter Ættb. frá Íshundum. Hefur verið sýnd. uppl. 863 8596

## Ýmislegt

Falleg eldhús innrétting úr beyki frá Invita. Massíft beyki í hurðum, gaggenau tæki geta fylgt með, helluborð og ofn, einnig AEG uppþvottavél og stálvaskur. S.864 4417

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 80.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Til leigu 90 fm. íbúð á hvaleyrarbraut 22 Hfn. Einnig mjög gott 130 fm. iðnaðarhúsnæði á sama stað. S. 820 4059.

Til leigu 160 fm einbýlishús í Borgarheiði, Hveragerði. Stór afgirtur garður. Mjög gott hús. V. 130 þ./mán. Uppl. í s. 820 4059

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu einbýlishús póstn 109 með/húsgögnum 6 svefnherb. uppl 8937211

3ja herb. íb. til leigu v/Hringbrautina með húsgögnum. Laus strax. Uppl. í S. 820 0961.

Falleg 3 herb. íbúð í hlíðunum til leigu. Uppl. í s. 821 0844

## Húsnæði óskast

Óska eftir studio eða 2ja herb. íbúð í Rvk. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið, reyklaus. s. 896 8568.

**Reglusamt par með hund leitar að 2 herbergja íbúð**
**Reglusamt par utan að landi, með hund leitar að 2 herbergja íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið, Greiðslugeta 70-100 þús. íbúðinn verður að vera snyrtileg og helst með sérinngangi. Meðmæli ef óskað er. Áhugasamir endilega hafið samband í sima 868 1509 Guðlaugur.**

Einstæð móðir óskar eftir 3ja herbergja íbúð í Hafnarfirði sem allra fyrst. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Skilvísi og reglusemi heitið. Uppl. í s. 698 9122.

Fyrirtæki vantar tvær 3ja herb. íbúðir/hús eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax fyrir erlenda starfsmenn. Snyrtimennsku og skilvísum greiðslum heitið. S. 820 7062 & 820 7060.

Vantar 3-4 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem allra fyrst. Greiðslugeta 100-120 þ. á mán. S. 898 0612 Aðalsteinn

Óskum eftir 3ja herb íbúð í eða við 101. Ása 8675619 asamaria@hive.is Begga 6169185

## Sumarbústaðir

Varmahlíð, Skagafjörður. 60 fm bjálkahús öll skipti koma til greina. http://mbl.is/mm/fasteignir/fasteign/?eign=260057

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca. 250 & 350 fm atvinnuhúsnæði með stórum innkeyrsluh. í Hfj. Uppl. í s. 860 0866.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Pantið tímanlega fyrir húsvagninn**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

## Bílskúr

Til leigu bílskúr í vesturbæ Kópavogs, 25 fm. s. 8497209

## Gisting

Haustdagar í Biskupstungum. Notaleg sumarhús í fallegu umhverfi, laust um helgina. Uppl. í s. 698 9874 eða eyjasol@internet.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

## SUMARHÚS / LÓÐIR

www.101grimsnes.is



SUMARHÚSALÓÐIR Á BESTA STAÐ Í GRÍMSNESI

EIGNALÓÐIR, KJARRIVAXIÐ LAND, FAGURT ÚTSÝNI YFIR SOGIÐ OG FJALLAHRINGINN.

AÐEINS 45 MÍN. FRÁ REYKJAVÍK

- HITAVEITA
- RAFMAGN
- KALT VATN
- INTERNET
- NÁTTÚRUFEGURÐ

Búgarður ehf. - Sími: 898 0801
www.101grimsnes.is

MOSFELLS BAKARÍ

### Mosfellsbakarí
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

MOSFELLS BAKARÍ

### Mosfellsbakarí
**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

SIAM
TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

### Síam - Hafnarfirði
**Óskum eftir þjónustufólki í sal á veitingastaðnum Síam í Hafnarfirði. Um er að ræða kvöldvinnu frá 18-22, aðallega fimmtudaga-sunnudaga. Vinsamlegast sækið um á www.siam.is/atvinna. Allar nánari upplýsingar veitir Guðrún í síma 861 6586.**

REYKJAVÍK PIZZA COMPANY

### Reykjavík Pizza Company
Vantar aukafólk í flestar stöður á skemmtilegan veitingastað. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Léttur og góður starfsandi. Snilld með skóla. Upplýsingar í síma 664 8075 milli kl. 14:00 - 18:00. Ólafur.

SÓLON
kaffi & bistro

### Kaffi Sólon
**Kaffi Sólon óskar eftir að ráða vana menn í eldhús. Frekari upplýsingar á staðnum frá kl. 14-17 eða á netfangið solon@solon.is**

### Nonnabiti
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18, reyklaus. Uppl. í s. 898 5956 & 899 1670 eða á staðnum.**

### Aðstoðarverslunarstjóri/sölumaður
**Viljum ráða röskan og drífandi mann sem sölumann og aðstoðarverslunarstjóra til starfa sem fyrst í vel þekktri verkfæraverslun. Við leitum eftir stundvísum og heiðarlegum manni með góða forystuhæfileika til starfa hjá traustu og vaxandi fyrirtæki. Við bjóðum góð laun, árangurstengd fyrir réttan mann með metnað til að auka og efla söluna hjá versluninni. Sæmileg tölvukunnátta og þokkalegt vald á ensku nauðsynlegt. Uppl. um fyrri störf og meðmæli sendist á tölvupósti vl@simnet.is sem allra fyrst.**

Szukasz pracy?

Nasza oferta jest bezpłatna.

Zarejestruj się w portalu Vinna.is

Oferty pracy dla pracowników magazynowych, kierowców, prace przy produkcji i inne.

Informacje w języku polskim na stronie www.vinna.is



vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

aktu taktu

### Aktu Taktu
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

JOLLI

### Söluturninn Jolli Hafnarfirði
Leitar eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Skemmtileg vinna á frábærum vinnustað. Tilvalin vinna fyrir skólafólk. Umsóknareyðublöð á staðnum.

### Sölu/Þjónustufulltrúi.
**Spennandi starf og góðar tekjur við markaðssetningu nýrra bíla. Símasala/fyrirtækjakynningar. Also wanted US/English native for Buying Dept. Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna**

### RÆSTING OG STUÐNINGUR VIÐ ÍBÚA FÉLAGSMIÐSTÖÐIN NORÐURBRÚN
**Okkur vantar starfsmann í hlutastarf.
Um framtíðarstarf er að ræða og þarf starfsmaður að geta byrjað sem fyrst.
Leitum að starfsmanni:**
- **sem talar íslensku**
- **helst með reynslu af því ræstingum**
- **sem er sveigjanlegur og góður í samstarfi**

**Nánari upplýsingar gefur Sigríður í síma 5686960**

### ELDHÚS - STARF AÐRA HVERJA HELGI FÉLAGSMIÐSTÖÐIN NORÐURBRÚN
**Ert þú að leita að starfi um helgar ?
Í boði er vinna aðra hverja helgi lau/sun frá 9.30-15.00.
Um framtíðarstarf er að ræða og þarf starfsmaður að geta byrjað sem fyrst.
Hádegisverður þarf að sendur.
Starfsmaður þarf:**
- **að tala íslensku**
- **geta unnið sjálfstætt**
- **helst að hafa reynslu af vinnu í eldhúsi**

**Nánari upplýsingar gefur Sigríður í síma 5686960**

### Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði
**Óskar eftir að ráða góðan smið eða húsasmíðameistara sem verkstjór. Verður að hafa góða stjórnunarhæfileika
Uppl. í s. 820 7060 & 820 7062.**

serrano

### Serrano Hringbraut Fullt Starf - Mánaðarlaun 170-190.000
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á Serrano á Hringbraut. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 170-190.000 kr.
Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano í síma 899-8947.**

### Bakaríið Hagamel 67
**Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi.
Ekki yngri en 16 ára.
Íslenskukunnátta nauðsynleg
Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.**

### Atvinna Atvinna
**Óskum eftir að ráða brosmilt fólk til starfa á kassa og afgreiðslu í verslun. Um hálft eða fullt starf er að ræða. Laun samkomulag.
Upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum eða í síma 820 8003.**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

### Kornið Bakarí
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á Tjarnarvöllum frá kl. 12-18.30. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

### Skalli Hraunbæ aukavinna
**Vantar hresst og dulegt starfsfólk í aukavinnu 1-2 kvöld í viku frá kl. 19-24 og aðrahvora helgi.
Lámarksaldur 18 ára.
Uppl. í s. 567 2880 alla virka dag til kl. 17.**

### Ísbúðin Áfheimum
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöldvinnu virka daga
Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.
Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn cyrus@simnet.is**

Starfsmann með bílpróf vantar Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

### Símadömur óskast
Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við spennandi símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar. Vinsaml. leitið frekari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

### American style Hafnarfirði
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í kvöld- og helgarvinnu og einnig í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu í fjörðinn og sæktu um á americanstyle.is

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnátta er skilyrði. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

### Holtabakarí Grafarholti
Auglýsir eftir stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa virka daga og um helgar. Uppl. í s. 863 5950, Ingibergur.

### Málarar.
Traust fyrirtæki vantar góða málara. Uppl. í s. 840 7690 milli kl. 10-12.

### Söluturn
Söluturnarnir Vikivaki Laugavegi og Barónsstíg óska e. að ráða fólk á næturvaktir um helgar. Uppl. veitir Högni í s. 896 1933.

Meiraprófsbílstjórar óskast á suðvestur horninu. Um er að ræða flutningabíla með tengivagn. Einnig vantar bílstjóra út á land. Áhugasamir sendi póst á oskar@ift.is

Óska eftir gröfumanni í vinnu vegna mikilla verkefni, áhugasamir hafa samband í s. 891 8338.

Óska eftir 4ja öxla bílstjóra og trailer bílstjóra vegna aukinna verkefna. Uppl. í s. 891 8338.

### Vantar strax!!
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir í s. 860 2971.

Przyjme do pracy pomocnika ciesli nie palacy !!! 892 4624.

Trésmiður eða laghentur maður óskast helst eldri maður. Sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 892 4624.

SÖLUMAÐUR Í VERSLUN Í GLÆSIBÆ ÓSKAST STRAX. EKTA KVENMANNSSTARF, EKKI YNGRI EN 20 ÁRA, REYKLAUS. UPPL. Í SÍMA 865-6774, ALDA EÐA SENDA UMSÓKN Á aldalars@mi.is

### Járnamenn
Óskum eftir járnamönnum sem geta unnið sjálfstætt, mikil vinna í boði. Uppl. í s. 897 1995 & 866 1083.

Óskum eftir að ráða trésmiði eða smiðsvana menn. Uppl. í s. 693 2872.

## Atvinna óskast

Handlaginn 35 ára maður óskar eftir vinnu. Er með meirapróf, vanur vélaverkstæði, útkeyrslu og lagerstörfum. Uppl. í s. 844 0478.

## Vetrargeymsla í Skagafirði
Erum með geymsluhúsnæði fyrir hjólhýsi, tjaldvagna og fleira í vetur.
**Tekið á móti í sept.**
***Áhugasamir hafið samband í síma 823 1059.***

**Glæsilegar íbúðir á góðu verði!**

**www.nesbyggd.is**

Frum

Nesbyggð
Nesbyggð ehf | Stapahraun 5 | 260 Reykjanesbær
Sími 421 2700 | Fax: 421 2765
www.nesbyggd.is

## TIL SÖLU

**Frábærir skór í skólann !**
Gull og silfur strigaskór, stærðir 22-37.



LelliKelly
Valmiki
Kringlunni
Stúlkur og stælgæjar
Glæsibæ

**EUROCONFORTO**
*Heilsuskórnir hafa slegið í gegn á Íslandi*
SMELLPASSA Í SKÓLANN!
12 fallegir litir
Stærðir 35-43
Verð 4.700 kr.



*Útsölustaðir:*
*Xena - Glæsibæ - Spöngin - Borgarnesi*

# FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN

## NÝR VEITINGASTAÐUR ÓSKAR EFTIR FÓLKI:

**VAKTSTJÓRI Í SAL **
**ÞJÓNAR Á KVÖLDIN **
**AÐSTOÐ Í SAL **

Góð laun, fríðindi og skemmtilegur vinnustaður í boði fyrir rétta fólkið.

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Reynisson í síma 663 9595 og agust@fiskmarkadurinn.is

**FISKMARKAÐURINN**
**AÐALSTRÆTI 12 | SÍMI 578 8877**

---

Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf.
Góð laun í boði.

Upplýsingar í síma 860 0761

---

**allt** atvinna
Alla sunnudaga

---

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

**Leitað er eftir:**
- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135
Barónsborg, Njálsgötu 70, sími 551-0196
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Brákarborg, Brákarsundi 1, sími 553-4748
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
Furuborg, við Áland, sími 553-1835
Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560
Hamraborg, Grænuhlíð 24, sími 553-6905
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360
Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Reynisholt, Gvendargeisla 13, s. 5175560
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Öldukot, Öldugötu 19, sími 551-4881
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810

**Sérkennsla/ atferlisþjálfi**
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680
Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140

**Yfirmaður í eldhús**
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380

**Aðstoðarmaður í eldhús**
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
Hamraborg, Grænuhlíð 24, sími 553-6905
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---




**Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!**
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gadget) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

---

## Framkvæmdastjórn 365 miðla ehf. leitar að móttökuritara í fullt starf

Leitað er að manneskju sem hefur þjónustulund, og er stundvís og nákvæm.

**Starfssvið:**
- Móttaka og símavarsla
- Undirbúningur funda og kynninga
- Skjalavarsla
- Ferðabókanir
- Önnur almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af skjalavistun
- Almenn tölvuþekking
- Grunnfærni í notkun Power Point og Excel

Nánari upplýsingar veitir:
Ólafía B. Rafnsdóttir starfsmannastjóri 365 í síma 512 5000.
Umsóknir skal senda á olafia@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

## SENDIBÍLSTJÓRI - FRAMTÍÐARSTARF

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða sendibílstjóra.
Við leitum að samviskusömum og skipulögðum einstaklingi með mikla þjónustulund. Vinnan felst aðallega í sendiferðum með pappíra og með minni sendingar.

Umsóknir og upplýsingar:
Ragnar Stefánsson 590-2000, ragnar@benni.is

Bílabúð Benna

*Bílabúð Benna ehf er 30 ára þjónustufyrirtæki bíláhugamannsins.*
*Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða.*
*Bílabúð Benna ehf er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SaangYong.*

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

das HRAFNISTA

## Verkstjóra í borðsal

Hrafnista í Reykjavík óskar eftir verkstjóra í borðsal.
Verkstjórinn hefur umssjón með stjórnu og mannahaldi. Tölvukunátta nauðsynleg.

Upplýsingar gefur Magnús Margeirsson í síma 693-9530 Netfang: maggim @hrafnista.is
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu hrafnistu www.hrafnista.is




- **Austurver**
  Afgreiðsla á kassa
  Starfsfólk í almenn verslunarstörf kvöld- og helgar
- **Furugrund**
  Afgreiðsla í kjötborði
- **Hafnarfjörður**
  Umsjón með ávaxta- og grænmetisdeild
- **Rofabær**
  Afgreiðsla í kjötborði
  Áfylling virka daga
- **Hamraborg**
  Kjötstjóri
- **Hverafold**
  Afgreiðsla í kjötborði
  Áfylling virka daga

***Nóatún býður upp á sveigjanlegan vinnutíma fyrir fólk á öllum aldri***

*Nánari upplýsingar gefur Guðríður H. Baldursdóttir í síma 585-7000 eða í netfangi gudridur@kaupas.is*
*Sæktu um á www.noatun.is eða sendu umsókn á Kaupás hf. Bíldshöfða 20, 110 Rvk bt. Starfsmannastjóra.*

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## FRÁ FJÖLBRAUTASKÓLANUM Í BREIÐHOLTI

**Skemmtilegt og gefandi starf í fjölbreyttu starfsumhverfi. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti óskar eftir að ráða stuðningsfulltrúa í hlutastarf.**

Starfið felst í að aðstoða hreyfihamlaða nemendur skólans í kennslustundum og við heimanám. Umsækjandi þarf að vera orðinn 20 ára og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Laun samkvæmt stofnanasamningi FB og SFR.

**Upplýsingar um stöðuna veita**
Ólöf Helga Þór, námsráðgjafi, ohth@fb.is, og
Ágústa Björnsdóttir, námsráðgjafi aub@fb.is.

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
**www.fb.is**

TILKYNNINGAR

## Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands

**auglýsir eftir umsóknum um styrk**

Úr 5. gr. skipulagsskrár Rannsóknarsjóðsins:

"Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður."

Umsóknarfrestur er til 1. október 2007 og skulu umsóknir sendar Öldrunarráði Íslands, Hverahlíð 20, 810 Hveragerði.

Frekari upplýsingar veitir Gísli Páll Pálsson, formaður stjórnar ÖÍ í síma 480 2000

**Stjórn Öldrunarráðs Íslands**

allt tilboð
Alla föstudaga

## Auglýsing um óverulegar breytingar

**á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 til 2024 og svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu ásamt umhverfisskýrslum.**

**Óverulegar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 til 2024 og svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Dýjakrókar og Vatnsendakrikar.**
Í tillögunni felst að vatnstöku verður hætt í landi Garðabæjar og brunnsvæði við Dýjakróka lagt af. Við breytinguna mun hluti svæðis sem nú er flokkað sem grannsvæði Dýjakróka verða fjarsvæði annarra brunnsvæða. Umrætt svæði liggur innan lögsögu Garðabæjar, Kópavogsbæjar og Reykjavíkur og nær að áhrifasvæði Kaldárbotna í landi Hafnarfjarðar. Í Vatnsendakrikum stækkar jafnframt brunnsvæði um 23.9 ha til vestur á kostnað grannsvæðis. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um okaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

**Óveruleg breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 til 2024. Kjóavellir- Hesthúsabyggð.**
Í tillögu að breyttu aðalskipulagi á Kjóavöllum felst að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 fyrir "Kópavog austur". Breytingin nær til nýrra byggðasvæða á Kjóavöllum (svæði 16) Í tillögunni felst að tölur um stærð atvinnuhúsnæðis þ.m.t sérhæfðar byggingar í Kópavogi og Garðabæ eins og þær eru birtar í töflu 3.2 á bls. 48 í greinargerð Svæðisskipulagsins breytast, þannig að stærð verslunar- og þjónustuhúsnæðis í Kópavogi (svæði 16) stækka um 6.500m2 og sérhæfðar byggingar um 29.000m2. Heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Kópavogi (svæði 16) stækkar því úr 199.000m2 í 234.000m2 árið 2024. Í Garðabæ mun sambærileg breyting fyrir Garðabæ austur (svæði 17a) verða sú að stærð verslunar- og þjónustuhúsnæðis stækkar um 6.000m2 og sérhæfðar byggingar um 32.500m2. Heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Garðabæ stækkar því úr 359.000m2 í 397.500m2. Tillagan er sett fram á uppdráttum, töflum og greinargerð ásamt umhverfisskýrslu. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

**Skipulagsstjóri Garðabæjar.**
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**
**Skipulagsstjóri Reykjavíkur.**

**STELLA MCCARTNEY FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1971**

*„Ég get sagt það í einlægni að þessi iðnaður hefur ekki gert mig öörugga með útlitið, nema kannski þyngdina. Ég vona að fötin mín endurspegli það. Þau eru gerð með vellíðan í huga.“*

***Fatahönnuðurinn Stella McCartney er dóttir fyrrverandi Bítilsins Pauls McCartney og Lindu McCartney. Stella hefur náð langt í tískuheiminum sem fatahönnuður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. SEPTEMBER 1965

## Bítlarnir gefa út Yesterday



Á þessum degi árið 1965 gáfu Bítlarnir út lagið Yesterday. Lagið kom út á plötunni Help og fór í efsta sæti vinsældalistans í Bretlandi þremur mánuðum eftir að platan kom út. Í Heimsmetabók Guinness segir að ekkert annað lag hafi verið flutt jafn oft og af jafn mörgum tónlistarmönnum frá því það kom út og er talið að Yesterday sé til í meira en þrjú þúsund útgáfum.

Höfundar Yesterday eru sagðir þeir John Lennon og Paul McCartney, eins og reyndar flestra laga hljómsveitarinnar, en þetta lag var samið af Paul einum. Í ævisögu McCartneys kemur fram að hann hafi samið allt lagið í draumi eina nótt á heimili þáverandi unnustu sinnar, Jane Asher og fjölskyldu hennar. Þegar McCartney vaknaði, flýtti hann sér að píanóinu, kveikti á upptökutæki og lék allt lagið áður en hann gleymdi því. Sjálfur segir McCartney að hann hafi haft áhyggjur af því að hann hafi verið að dreyma lag einhvers annars. Í heilan mánuð segist hann hafa farið á milli tónlistarmanna til að athuga hvort einhver kannaðist við lagið en sannfærðist loks um að þetta væri hans eigið verk.

Lagið Yesterday hlaut fjölda verðlauna á sínum tíma og sat lengi á hinum ýmsu á vinsældalistum. Meðal þeirra tónlistarmanna sem spreytt hafa sig á laginu má nefna Frank Sinatra, Ray Charles, Wet Wet Wet, Placido Domingo og Boyz II Men.

**MERKISATBURÐIR**

- **1894** Frídagur verslunarmanna er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í Reykjavík.
- **1971** Uppreisninni í Attica-fangelsinu í Bandaríkjunum lýkur. 43 létust í átökunum.
- **1980** Tveir ungir menn klífa norðvesturvegg Skessuhorns í Skarðsheiði, sem var talinn ókleifur.
- **1981** Borgarfjarðarbrú er vígð. Brúin er 520 metrar og stóðu framkvæmdir í sjö ár.
- **1992** Guðrún Helgadóttir fær norrænu barnabókaverðlaunin fyrir bókina Undan illgresinu.
- **1993** Yitzhak Rabin og Yasser Arafat, leiðtogar Ísraels og Palestínu, hittast í Hvíta húsinu og gera með sér friðarsamning.

NÍRÆÐUR: JÓN ÞÓRARINSSON TÓNSKÁLD

## Góð leikfimi að ganga stiga

Jón Þórarinsson tónskáld, sem fagnar níræðisafmæli í dag, er nýfluttur með konu sinni, Sigurjónu Jakobsdóttur, úr eldrimannablokk á Aflagranda á 2. hæð í Hlíðunum. „Að ganga stiga er góð leikfimi,“ segja þau hressilega en viðurkenna að nábýli við börn og barnabörn hafi haft áhrif á íbúðarvalið. Innandyra er allt eins og hjá ungu fólki, opið og stílhreint og í einu horni stofunnar er lestrarskjár með stórum tölum. „Ég er að dunda mér við að ráða sudoku-þrautir,“ segir Jón og skýrir stafastærðina með því að sjónin sé orðin döpur.

„Ég missti sjónina hastarlega fyrir tveimur árum,“ segir hann. „Var austur á landi í ágúst 2005 og keyrði þar um allt, upp að Kárahnjúkum og niður á firði. En í lok september lagði ég inn ökuskírteinið því þá sá ég ekki orðið mun á lit götuljósanna.“ Bætir síðan við: „Það eru engin tímamót að eiga afmæli en það eru tímamót að missa sjónina og þurfa að læra margt upp á nýtt og breyta öðru.“

Jón fæddist austur á Héraði og ólst upp á Seyðisfirði. Fimmtán ára fór hann í Menntaskólann á Akureyri en eftir stúdentspróf 1937 lá leiðin suður í Tónlistarskólann og til starfa hjá Ríkisútvarpinu. Í ársbyrjun 1944 fór hann í frekara tónlistarnám til Bandaríkjanna og var við Yale-háskóla í fjögur ár hjá þýskum kennara, Paul Hindemith.

Enn vinnur Jón einhverja stund flesta daga á Þjóðskjalasafninu. Hann hefur fengist við ritun íslenskrar tónlistarsögu undanfarin ár og söfnun heimilda til hennar. Sjálfur hefur hann líka mótað þá sögu með eigin verkum. Fyrir utan að semja þekkt lög eins og Fuglinn í fjörunni á hann að baki störf á tónlistardeild útvarpsins og sem frumkvöðull og síðar framkvæmdastjóri Sinfóníunnar auk þess að kenna í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Á árunum 1968-79 var hann dagskrárstjóri í lista-og skemmtideild sjónvarpsins og þegar rifjað er upp hversu íslensk dagskrárgerð var þá með miklum blóma samsinnir hann því. „Við vorum með heilmikið af leiknu efni og skemmtiþætti alls konar enda fullt af ungu og áhugasömu fólki sem vann baki brotnu af ótrúlegri bjartsýni. Þetta var nýstárlegur vettvangur og ég tel að þarna hafi hið raunverulega vor í íslenskri kvikmyndagerð hafist.“

Jón ætlar að taka á móti gestum sem vilja heilsa upp á hann í Sunnusalnum á Hótel Sögu í tilefni afmælisins. Þar verða börnin hans sjö og barnabörnin en margir skólafélagar og samferðamenn hafa helst úr lestinni. „Mér hefur stundum fundist upp á síðkastið að það séu allir vinir mínir horfnir af þessum heimi,“ segir hann. „Meira að segja ýmsir sem ég vann með hjá sjónvarpinu þótt ég væri með þeim elstu þegar ég hóf störf þar.“ **gun@frettabladid.is**



**TÓNSKÁLDIÐ** Jón hefur gaman af að fara á tónleika þó heyrnin hafi sljóvgast. „Ég ímynda mér það sem upp á vantar,“ segir hann.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jónsdóttir**

áður til heimilis í Víðilundi 13, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 17. september kl. 13.30.

**Jón Trausti Guðjónsson** — **Þórdís Guðmundsdóttir**
**Gunnsteinn Guðjónsson**
**Anna Kristín Guðjónsdóttir** — **Jón Gísli Grétarsson**
**Jóhann Guðjónsson**
**Magnús Guðjónsson** — **Sigríður Jóhannesdóttir**
**Ingvar Guðjónsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skúli Guðnason**

Grænumörk 2, Selfossi,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 15. september kl. 14.00.

**Valgerður Guðnadóttir og fjölskylda.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erna Halldórsdóttir Kolbeins**

kennari, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Skjóli,

sem lést að morgni 5. september, verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 14. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS, Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga.

**Halldór Torfason** — **Védís Stefánsdóttir**
**Ragnheiður Torfadóttir** — **Gunnar Ingi Hjartarson**
**Lára Torfadóttir** — **Hafsteinn Pálsson**
**Ásthildur Gyða Torfadóttir** — **Kristberg Tómasson**
**Erna Torfadóttir** — **Geir Sæmundsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Ástkær systir mín, mágkona og frænka,*

**Guðlaug Torfadóttir**

líffræðingur, Hofakri 3, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju í dag, fimmtudaginn 13. september kl. 15.

**Kristín S. Gilson** — **Henry L. Gilson**
**Valgerður Jónsdóttir** — **Guðni Hannesson**
**Kristbjörn Jónsson**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigþrúður Pálsdóttir**

ljósmóðir, Frá Eyjum í Kaldrananeshreppi, Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 9. september. Jarðarförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 14. september kl. 13.00.

**Halldór Hjálmarsson,**
**Steinunn Halldórsdóttir,** — **Einar Steingrímsson,**
**Hjálmar Halldórsson,**
**Rún Halldórsdóttir,**
**Páll Halldórsson,** — **Stella Óladóttir,**
**Örn Halldórsson,** — **Ingibjörg Bryndís Sigurðardóttir,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðursystir okkar,*

**Sigríður Ólafsdóttir,**

Dvergasteini, síðast til heimilis á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést 7. september. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 14. september kl. 14.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elín Hannesdóttir,**
**Helgi Hannesson,**
**Guðmundur Þór Hannesson.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**




# 90 ára afmæli

**Jón Þórarinsson**
**tónskáld.**

**Af því tilefni mun hann taka á móti gestum í Sunnusal Hótel Sögu, á afmælisdaginn, fimmtudaginn 13. september, á milli kl. 17.00 og 19.00.**





**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is





**MÆLING HEIMSINS** EFTIR **DANIEL KEHLMANN**

# STÓRFENGLEGT MEISTARAVERK

## SKEMMTILESTUR AF BESTU GERÐ

**Mæling heimsins** er sambland af vísindasögu og lygasögu. Bókin er skrifuð af stórhug og er skemmtilestur af bestu gerð, full af litlum athugunum sem kitla hugann svo mann langar mest til að hrópa af fögnuði. **Mæling heimsins var næst mest selda skáldsaga heims árið 2006.**

BJARTUR




MILLJÓN EINTÖK SELD Í ÞÝSKALANDI

DYNAMO REYKJAVÍK





# STUÐ MILLI STRÍÐA Nestistími, smókpása og skreppitími

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** HVETUR ÍSLENSK FYRIRTÆKI TIL AÐ ENDURSKOÐA STEFNUSKRÁ SÍNA



Djöfulli er veðrið ömurlegt. Ömurlegt segi ég! Ekkert nema rigning og rok og svartnættið við það að gleypa allt og alla. Það er ekki langt í að dagsljósslamparnir, sem halda deildinni minni gangandi í vinnunni, verði eina ljóstýran í myrkinu.

Ég sé fram á vetur baðaðan geislavirkum, grænum ljóma, þar sem ótæpileg kakódrykkja og hálsbrjóstsykursát koma talsvert við sögu.

En bíðið við! Þetta þarf nú ekki að verða alslæmt. Maður getur nú alltaf brugðið sér frá, þó ekki sé nema í fáeinar mínútur, til að sækja sér ilmandi kaffibolla eða kíkja í Kringluna. Yfirleitt þarf nefnilega ekki meira en magafylli eða verslunarpoka til að lyfta sálartetrinu upp þegar ástandið er sem verst.

Við Íslendingar höfum nefnilega tileinkað okkur alveg sérstaka taktík til að takast á við skammdegið, álagið og önnur ömurlegheit. Við skreppum frá og það með reglulegu millibili yfir daginn. Svona alveg eins og Spánverjar taka síestu, nema bara oftar og í mun skemmri tíma í senn. Enda lítur einhvern veginn svo miklu betur út að taka nokkrar stuttar pásur heldur en eina langa letipásu.

Útlendingar hafa meira að segja orð á þessu þegar þeir koma til landsins, skilja barasta ekkert í öllu þessu skreppelsi á okkur. Ekki frekar en af hverju við sjúgum upp í nefið í staðinn fyrir að snýta okkur í vasaklút eða tölum á innsoginu eins og slæmir astmasjúklingar.

Eiginlega finnst mér að fyrirtæki ættu bara að setja það á stefnuskrána að starfsmenn fái svona fimm góða skreppitíma yfir daginn, sem þeir geta varið að vild. Í staðinn má alveg stytta hádegismatinn. Íslendingar eru hvort sem er alltaf að flýta sér svo mikið að þeir nota hann aldrei allan.

Svo ég tali nú ekki um sparnaðinn sem hlytist af því að slökkva á öllum dagsljósunum, að minnsta kosti hérna í vinnunni. Hver þarf á slíku að halda þegar hann getur skroppið aðeins frá.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR

# FIMMTUDAGSTILBOÐ

BÓNUS

# FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR AÐEINS

# 298 KR KG



6000 FUGLAR Í BOÐI

Holta-kjúklingur

BÓNUS **LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA**

**AFGREIÐSLUTÍMI** MÁNUD.-FIMMTUD. 12.00 - 18.30 HEIMASÍÐA BÓNUS ER: **BONUS.IS** AÐALSÍMI BÓNUS: **588 8699**

**Kl. 20.00**
*Í kvöld verður á Bókmenntahátíð upplestur í Iðnó kl. 20. Þar koma fram höfundar ævisögu Maós, þau Jon Halliday og Jung Chang, Morten Ramsland og Kim Echlin og íslensku skáldin Þórdís Björnsdóttir og Jón Kalman Stefánsson. Hafi menn heppnina með kann að vera að Jón lesi úr væntanlegri skáldsögu sinni.*


JÓN KALMAN

# menning

menning@frettabladid.is

## Tími náttúrunnar

Í dag, 13. september, opnar Eggert Pétursson sýningu sína 100 myndir í galleri i8.


EGGERT PÉTURSSON.

Um er að ræða sýningu á nýjum verkum eftir Eggert sem eru unnin á þessu ári. Viðfangsefni myndanna eru íslenskar plöntur og eru þær sýndar í tvennu lagi.Annars vegar hanga 50 ferningslaga myndir innan rétthyrnings þar sem lesa má tíma sumarsins frá vori til hausts í línum niður eftir veggnum eftir blómgunartíma plantnanna. Hins vegar hanga 50 rétthyrningslaga myndir í einni línu andspænis á hinum þremur veggjum salarins og aftur má lesa tíma sumarsins eftir línunni frá vinstri til hægri.

„Þetta er í raun innsetning frekar en málverkasýning. Á meðan á sýningunni stendur skapa þessar hundrað myndir tvö verk. En myndirnar geta líka staðið einar og sér. Þannig að það er svolítið á reiki hvort hér er um að ræða eitt verk, tvö verk eða hundrað verk,“ segir Eggert.

Á meðan sýningin stendur yfir verður prentað bókverk sem birtir myndir sýningarinnar í raunstærð, í heild eða að hluta. „Þetta er ekki bók um verk mín heldur frekar bókverk sem hugsað er sem hluti af sýningunni. Bókin sýnir ekki smækkaðar útgáfur af verkunum á sýningunni heldur hluta af verkunum.“

Bókverkið kemur ekki út fyrr en undir lok sýningarinnar. „Ég hef gert hundrað búta sem eru til sölu og eiga eftir að fara hver í sína áttina með væntanlegum eigendum. Aðrir sýningargestir sem ekki eignast myndir fara heim með upplifun sína og minningar. Bókverkið getur geymt eitthvað af þeirri upplifun.“ -vþ

# Skýr og truflandi höfundur

**Nóbelsverðlaunahafinn John Maxwell Coetzee hélt fyrirlestur í yfirfullum hátíðasal Háskóla Íslands í gær. Coetzee, sem fæddist í Suður-Afríku árið 1940 en býr nú í Ástralíu, er gestur Bókmenntahátíðar í Reykjavík. Rúnar Helgi Vignisson, sem þýtt hefur tvær af bókum Coetzee, segir að bækur hans séu skýrar og truflandi.**


**J.M. COETZEE OG RÚNAR HELGI** Fyrirlestur nóbelsverðlaunahafans í gær var byggður á nýútkominni bók hans. Coetzee er fyrsti rithöfundurinn sem hlotið hefur Booker-verðlaunin tvisvar sinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

„Það skín út úr texta Coetzee að hann veit nákvæmlega hvað hann er að gera. Hann skrifar hnitmiðaðan stíl og lesandinn fær strax traust á orðum hans. Öll froða og óþarfa orð eru klippt burt. Auk þess eru hugmyndirnar sem liggja að baki bókum hans oft snjallar. Flétturnar í þeim virðast vera einfaldar á yfirborðinu en þegar að er gáð afhjúpa þær svo margt um það samfélag sem þær gerast í,“ segir Rúnar Helgi en önnur af bókunum sem hann hefur þýtt eftir Coetzee, Disgrace (Vansæmd), var kosin besta skáldsaga frá Bretlandi og löndum Breska samveldisins síðustu 25 ára í blaðinu Guardian í vetur. Í bókardómi um Disgrace á sínum tíma var sagt að bókin væri svo nöturleg að það væri eins og að borða ösku að lesa hana.

Bókin fjallar um David Lurie, hvítan miðaldra háskólakennara í Höfðaborg í Suður-Afríku, sem missir æruna og starf sitt eftir að hafa sofið hjá nemanda sínum. Lurie flytur til lesbískrar dóttur sinnar á sveitabæ úti á landi, Skömmu síðar brjótast þrír þeldökkir menn inn til þeirra og ræna þau. Þeir kveikja í Lurie og læsa hann inni á klósetti. Mennirnir raðnauðga dóttur Luries meðan hann liggur þar í sárum sínum. Dóttirin verður þunguð eftir nauðgunina. Lurie þarf svo að sætta sig við, eftir að hafa misst æruna fyrir siðabrot í Höfðaborg, að dóttir hans vill ekki láta rannsaka glæpinn og refsa ofbeldismönnunum jafnvel þó að hún viti hverjir þeir eru: nágranni hennar hafði skipulagt árásina því hann vill þröngva henni til að giftast sér vegna þess að hann ásælist eignir hennar. Í staðinn mun nágranninn vernda hana gegn frekari árásum í framtíðinni. Dóttirin vill búa áfram í þessu frumstæða bændasamfélagi og beygir sig því undir þær reglur sem gilda þar.

„Bækur hans eru truflandi og hreinskilnin er mikil; sumir lesendur þola það ekki. Hann er þekktur fyrir það hversu miskunnarlaust augnaráð hans er því hann dregur ekkert undan; meira að segja þegar hann lýsir foreldrum sínum í endurminningabókum sínum tveimur, Boyhood og Youth. Ég sárvorkenndi mömmu hans í þeim bókum og ekki fegrar hann alkóhólistann föður sinn,“ segir Rúnar.

Coetzee var þó á öðrum nótum í fyrirlestrinum í gær sem var byggður á nýútkominni bók hans, Diary of a Bad Year. Erlendir gagnrýnendur hafa sagt að í bókinni sé að finna húmor sem ekki hefur áður verið í bókum Coetzee. Bókin fjallar um roskinn ástralskan rithöfund sem fær það verkefni að skrifa ritgerð í bók sem heitir Strong Opinions. Rithöfundurinn fer í kjölfarið að velta fyrir sér uppruna ríkisins og sambandi þess við borgarana. Áheyrendur sem hlustuðu á Coetzee lesa upp úr bókinni í Iðnó á sunnudaginn og í hátíðasalnum í gær hlógu stöku sinnum yfir upplestrinum, klöppuðu vel í lokin og var ljóst að þeim líkaði lesturinn. ingifreyr@frettabladid.is


**TÓNLIST** Carl Nielsen. Draum Gunnars á Hlíðarenda má heyra í kvöld í túlkun tónskáldsins.


**TÓNLIST** Jón Þórarinsson. Völuspá hans verður flutt í kvöld.

## Norrænt kvöld

Í kvöld verða norræn verk á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands: flutt verður Völuspá Jóns Þórarinssonar. Kviðan er hans viðamesta verk, samið í tilefni Þjóðhátíðarinnar 1975. Söguðraumur Carls Nielsen tónsetur atvik úr Njálu og Tapiola Sibeliusar lýsir heimkynnum finnsks skógarguðs. Þá verður 5. sinfónía danska tónskáldsins Rued Langgaard flutt. Þetta er samnorrænt kvöld.

Það er finnski Esa Heikkilä sem leiðir sveitina en að tónleikunum koma einnig Selkórinn undir stjórn Jóns Karls Einarssonar og Ágúst Ólafsson söngvari. Heikkilä stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í þriðja sinn en hefur einnig unnið með hljómsveitum á Bretlandseyjum, í Eistlandi og í Belgíu við góðan orðstír.

Árið 1907 samdi Carl Nielsen (1865-1931) tónaljóðið Sögudraum, sem lýsir draumförum Gunnars á Þjórsárbökkum. „Ég held að þetta sé eitt af mínum uppáhaldsverkum,“ sagði Nielsen um Sögudrauminn að frumflutningi loknum. „Gunnar á Hlíðarenda var stórfenglegg persóna og langt á undan sinni samtíð.“ Sögudraumur Nielsens er sjaldan fluttur en var áður leikinn á tónleikum SÍ í Þjóðleikhúsinu 1965 og 1970. Verk Jóns Þórarinssonar (f. 13. september 1917) sækir einnig efni sitt í forna texta. Jón er eitt ástsælasta tónskáld þjóðarinnar og flestir þekkja söngperlur hans, Fuglinn í fjörunni og Vögguljóð á hörpu. Völuspá var frumflutt á Arnarhóli á Þjóðhátíð 1974 undir stjórn tónskáldsins. Síðan hefur SÍ leikið hana á tónleikum undir stjórn Karsten Andersen árið 1977 og hljóðritað undir stjórn Petri Sakari árið 1997 í tilefni af áttræðisafmæli tónskáldsins.

Jean Sibelius (1865-1957) samdi fjölda tónverka sem byggjast á finnskri goðafræði, og nægir þar að nefna Lemminkäinen-svítuna og Kullervo. Tapiola var síðasta stóra hljómsveitarverkið sem Sibelius lauk að fullu við og hefur Sinfónían flutt verkið fjórum sinnum.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur verk eftir Rued Langgaard (1893-1952), eitt merkasta tónskáld Dana fyrr og síðar. Hann naut lítillar velgengni meðan hann lifði, var feikilega afkastamikill og samdi m.a. 16 sinfóníur, en flest verka hans voru aldrei flutt meðan hann lifði og hann var utangarðs í dönsku tónlistarlífi alla tíð. Langgaard skildi eftir sig meira en 400 tónsmíðar.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 19.30 og verður útvarpað beint frá flutningi þeirra á Rás 1 Ríkisútvarpsins. - pbb


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele heimilistækin.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is






9.900 — Stólar, hvítir með eikarfótum
4200510



21.519 — Stóll á snúningsfæti
4200494



4.890 — **Designa** - stóll, hlynur / beyki
4200394/93



169.800 — Hornsófi / tungusófi, svartur
4200458/59



209.900 — **Vibieffe** - sófi, grár
4200767



115.900 — Sófi, 3ja sæta, svartur, Bycast leður
4200215



189.000 — Tungusófi, svartur, Bycast leður
4200221

Innréttingar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Hönnunarsetur

**EGG ER STÓRVERSLUN**
- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

EGG
SMÁRATORGI



SINNEP

Atli Ingólfsson

# Þroskatól

Í grunnskólum á að kenna tónmennt. Það stendur í námsskrá. Samt eru dæmi um að skólum takist illa eða alls ekki að sinna þessari kennslu. Kannski hugga menn sig við að þetta sé þó bara aukagrein. Heyr á endemi!

Í árþúsundir var tónlist sökkullinn í menntun ungmenna, í bland við lestur og reikning auðvitað. Ég veit ekki hvenær þetta breyttist eða hver breytti því og af hverju.

Má ég árétta hér eitt og annað sem kemur þessu við?

1) Fyrstu skólaárin eiga að byggja upp námsfærnina, leggja grunninn. Lestur, málþroski og rökhugsun skipta hér miklu. Þetta verður að kenna. Þar fyrir utan held ég að markmið grunnnáms sé aðeins eitt: Að þjálfa samhæfingu hugar og atferlis. Það opnar þær rásir sem síðan eru lífæðin í hverju því sem maðurinn tekur sér fyrir hendur. Til er fag sem sérstaklega fæst við þetta: Tónlist. Engin önnur grein býr yfir sama jafnvægi vitsmuna og athafnar, skynjunar og skilnings, sjálfstæðis og samvinnu.
2) „Vissulega þarf að gera veg listnáms sem mestan.“ Svo mælir fagurgalandi atkvæðaveiðarinn. Hægan! Málið snýst ekki um listir. Og þótt tónlistin sé þroskameðalið snýst það ekki heldur um tónlist. Við erum að tala um menntun barnanna okkar. Mér gæti verið slétt sama um tónlist almennt, það vill bara svo til að hún hefur þennan eiginleika sem er einstakur og sem börnin þarfnast.
3) Vörumst að bókgera um of fög eins og tónlist og íþróttir. Íþróttafræði getur ekki komið í stað íþrótta eða fróðleikur um tónlist í stað söngs. Tónlist er fyrst og fremst iðja og hún eykur menntun og vellíðun barnanna.
4) Eða halda einhverjir að tilgangur tónmennta sé umfram annað fræðsla, svona til að gera börnin þátttakendur í menningunni síðar meir? Eru þá íþróttir kenndar til að auka aðsókn á völlinn? Nei, tónmennt er fyrir börnin, ekki menninguna. Þau þurfa fyrst og fremst að uppgötva þá tónlist sem þau sjálf búa yfir. Manneskja sem hefur fengið góða menntun þarf nefnilega ekki að læra að listir skipta máli, hún finnur það.
5) Ég er ekki að segja að önnur listmennt sé aukaatriði í náminu heldur einfaldlega að hún kemur ekki í stað tónlistarinnar. Tónmenntin er reyndar til góðs fyrir allar aðrar listir.
6) Ef stjórnvöld standa aðgerðarlaus meðan tónmenntakennsla hopar í skólunum er það forkastanleg vanræksla, ekki á tónlistarnámi, ekki á listnámi eða menningu, heldur á MENNTUN.

*Atli Ingólfsson er tónskáld og starfar í Reykjavík. Hann mun skrifa vikulega pistla um tónlist og tónmennt í Fréttablaðið í vetur.*

SÓLRÚN BRAGADÓTTIR SIGURÐUR FLOSASON
DÍVAN og jazzmaðurinn
TÓNLEIKAR
Laugarneskirkju
mið. 26. sept. kl. 20:30
Forsala: midi.is

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
15.9. 07 kl.20:00
18.9. 07 kl.14:00
19.9. 07 kl.14:00
20.9. 07 kl.14:00
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Bláir skuggar
SIGURÐUR FLOSASON
TÓNLEIKAR
FÍH salnum Rauðagerði
Fös. 21. sept. kl. 20:30
Forsala: midi.is
PÉTUR ÖSTLUND JÓN PÁLL BJARNASON ÞÓRIR BALDURSSON

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík
28. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
29. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
12. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
13. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
Miðasala daglega í Iðnó í síma 562 9700 frá kl. 11 - 17 og á midi.is
Pabbinn
PABBINN Á TÚR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS
midi.is
THORSSON PRODUCTIONS

Hvað er að frétta af landsliðinu?



**LEIKLIST** Leikfélag Akureyrar æfir Óvita. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Leikarar framtíðarinnar

**Leikfélag Akureyrar frumsýnir 15. september næstkomandi leikritið Óvitar eftir Guðrúnu Helgadóttur.**

Leikritið sló í gegn þegar það kom fyrst fyrir sjónir landsmanna árið 1979, en það þótti endurspegla samtíma sinn á skarpan en þó gamansaman hátt. Þó að margt hafi breyst á þeim árum sem liðin eru síðan leikritið var samið segir Guðrún Helgadóttir, höfundur þess, að það eigi enn fullt erindi við börn og foreldra í dag.

„Þótt þetta verk sé aðeins komið til ára sinna geta áhorfendur enn notið þess, enda samskipti fullorðinna og barna tímalaust viðfangsefni. Það hefur lítið sem ekkert verið hróflað við leikgerðinni, eftir því sem ég best veit. Leikritið fær bara að standa eins og það hefur verið,“ segir Guðrún. Sú breyting hefur þó verið gerð á verkinu að tónlist hefur verið bætt við það. Tónlistina semur Jón Ólafsson og söngtexta gerir Davíð Þór Jónsson.

Óvitar var síðast sett upp í atvinnuleikhúsi veturinn 1988-1989, en þá var það á fjölum Þjóðleikhússins. Guðrún tekur því fagnandi að ný kynslóð barna fái nú tækifæri til þess að kynnast leikritinu. „Það er bara eðlilegt að setja reglulega upp verk sem höfða til barna. Þannig kynnast þau leikhúsinu. Það á sér líka stað svo mikil og hröð endurnýjun í þessum áhorfendahópi að það þarf að gæta þess að setja sem oftast upp sígild verk, til að mynda leikrit Thorbjörns Egner, til þess að kynslóðir barna missi hreinlega ekki af þeim.“

Óvitar er fjölskylduleikrit sem er ekki síst sérstakt fyrir þær sakir að þar leika fullorðnir hlutverk barna og börn hlutverk fullorðinna. Hátt í 500 börn komu í prufur fyrir leikritið í apríl síðastliðnum sem sýnir svo ekki er um að villast að leiklistaráhugi yngstu kynslóðarinnar er óumdeilanlega fyrir hendi.

„Nokkrir af krökkunum sem tóku þátt í upprunalegu uppfærslunni eru í dag orðnir þjóðfrægir leikarar. Þar má nefna Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur, Benedikt Erlingsson og Halldóru Geirharðsdóttur. Því má vel vera að í barnahópnum sem tekur nú þátt í uppfærslunni leynist leikarar framtíðarinnar,“ segir Guðrún hlæjandi.

Guðrún er spennt fyrir uppsetningu Leikfélags Akureyrar. „Ég hef ekki brugðið mér norður til þess að fylgjast með æfingum, en Sigurður Sigurjónsson leikstýrir fríðum hópi leikara, fullorðinna og barna, og því getur varla verið annað en vel að verki staðið.“ Af þeim leikurum sem taka þátt í sýningunni má nefna Guðjón Davíð Karlsson, Hallgrím Ólafsson, Kristínu Þóru Haraldsdóttur og Þráin Karlsson.

Þrátt fyrir að hafa ekki verið viðstödd æfingar ætlar Guðrún að sjálfsögðu að sjá verkið þegar sýningar hefjast. „Já, við förum öll stórfjölskyldan. Það er orðið það



**LEIKLIST** Guðrún Helgadóttir rithöfundur.

langt síðan að verkið var síðast sett upp að barnabörnin mín hafa ekki haft tækifæri til þess að sjá það. Því er tilvalið fyrir okkur að fara saman til Akureyrar og bregða okkur í leikhús.“

Guðrún er sem stendur að vinna að barnabók sem hún vill þó segja sem minnst um. „Ég er svo feimin að ég vil helst ekkert tala um mín verk fyrr en þau eru tilbúin.“ Hún hefur gefið út hjá Eddu undanfarin ár, en sem kunnugt er hafa nýverið átt sér stað nokkrar breytingar á vettvangi bókaútgáfu hérlendis. Guðrún kemur því til með að gefa út sínar næstu bækur hjá hinu nýja Forlagi. „Það er svolítið skemmtilegt að þegar ég byrjaði að gefa út bækur var það hjá Iðunni sem á þeim tíma var stýrt af Valdimar Jóhannssyni en nú er það Jóhann Páll, sonur Valdimars, sem gefur út bækur mínar. Þannig er útgáfusaga mín komin í hring,“ segir Guðrún að lokum.

vigdis@frettabladid.is

# Samkomur skrásettar

Í dag verður opnuð sýning í Hafnarborg á ljósmyndum bresk-bandaríska myndlistarmannsins Denis Masi. Hann er fæddur í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum árið 1942 og menntaður við Seton Hall í New Jersey, Slade School of Fine Art í London og Brera-listaháskólann í Mílanó. Masi hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um heim og kennt við þekkta listaháskóla eins og Central Saint Martins College of Art, Goldsmiths College í London og Glasgow School of Art.

Hann hefur búið og starfað í Evrópu síðan á sjöunda áratugnum og tengst ýmsum listhreyfingum sem flokkast til jaðarsins, til að mynda hinni ítölsku Arte Povera. Þó hefur nálgun hans á myndlist einnig verið fræðileg og þannig tengst hugtakalistinni sem þróaðist í Bretlandi og í Bandaríkjunum fyrir rúmum fjörutíu árum. Þá er Masi óhræddur við að taka þátt í fræðilegri umfjöllun um myndlist og hefur verið virkur á því sviði. Fræðin eru honum hugleikin og má sjá þess merki á sýningunni í Hafnarborg, en þar má meðal annars sjá ljósmynd af franska heimspekingnum Jacques Derrida sem lést árið 2004.

Jón Proppé heimspekingur hefur kynnt sér verk Masi. Hann segir tengsl á milli Hafnarborgar og tiltekinnar kynslóðar listamanna í Lundúnum hafa orðið til þess að Masi setur nú upp sýningu hér. „Masi er kunningi Boyle-fjölskyldunnar sem sýndi í Hafnarborg fyrir nokkrum árum, og varð það til þess að vekja áhuga hans á að sýna hér. Þessir listamenn tilheyra tiltekinni kynslóð sem hóf að sýna í London á áttunda áratugnum í söfnum eins og ICA.“



**MYNDLIST** Ein af ljósmyndunum á sýningunni.

Verk Masi hafa þróast í áranna rás. „Á áttunda áratugnum vann hann aðallega að stórum innsetningum en hann fór að einbeita sér meira að ljósmyndum eftir að hann vann innsetningu sem skynjaði áhorfendur og tók myndir af þeim. Út frá þessu verki kviknaði áhugi Masi á portrettljósmyndun,“ segir Jón.

Á sýningunni í Hafnarborg verður Masi með tuttugu ljósmyndaseríur sem settar eru saman úr samtals 214 ljósmyndum í mismunandi stærðum. Mest ber á myndum sem hann tók á fjöldasamkomum og hátíðum á Ítalíu. Enn fremur má sjá á sýningunni portrettljósmyndir sem hann tók í Frakklandi og í Bandaríkjunum. Myndirnar eru allar teknar á árunum 2001 til 2006.

Jón segir ljósmyndirnar, sem teknar eru á fjöldasamkomum, endurspegla áhuga Masi á mörkum einstaklingsins og félagsverunnar. „Þessar myndir eru teknar á bæjar- eða hverfishátíðum í litlum ítölskum bæjum. Masi rannsakar smáatriðin í þessum viðburðum og skrásetur þá sem myndlistarmaður frekar en fréttaljósmyndari. Hann notar linsuna til að draga einstök andlit út úr hópnum og leita að kjarna andrúmsloftsins sem myndast á fjöldasamkomum.“

Ljósmyndirnar á sýningunni hafa pólitíska og félagslega skírskotun. „Myndirnar sýna hvernig svona samkomur sem haldnar eru í smábæjum og innan tiltekinna hverfa skapa samkennd á meðal fólks. Hátíðarhöldin standa fyrir og styrkja félagskennd þessara samfélaga og auka þannig á samhjálp manna í millum,“ bendir Jón á.

Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá 11 til 17 og fimmtudaga er opið til 21. Síðasti sýningardagur er mánudagurinn 6. október.

vigdis@frettabladid.is

# NÝ ERLEND TÓNLIST






1.999kr.

50 Cent
- Curtis




1.999kr.

Kanye West
- Graduation




DVD 2.999kr.

U2
- Popmart - Live from Mexico City




1.999kr.

James Blunt
- All The Lost Souls
Kemur út mánudaginn 17. september




1.999kr.

Diana Krall
- The Very Best Of




1.999kr.

Cascada
- Everytime We Touch

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is



## > KEPPA Í FORVALI

Tilkynnt hefur verið hvaða íslensku kvikmyndir keppa í forvali fyrir Óskarinn hér á landi. Fimm myndir koma til greina í forvalið en það eru **Mýrin, Veðramót, Foreldrar, Köld slóð og Astrópía.** Kosning hefst hjá íslensku kvikmynda-og sjónvarpsakademíunni 24. september og stendur til 27. september.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN TINNA HRAFNSDÓTTIR

# *Grét yfir snjóflóðinu í Kaldaljósi*

**Hver er uppáhaldsmyndin þín?**
„Það eru svo margar sem eru frábærar en The Straight Story hafði stórkostleg áhrif á mig og ég grét mikið í lokin. Ótrúlega mannleg mynd."

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
„Veðramót."

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
„Það var heimildarmynd um Michael Moore þar sem verið var að kynna sér hans vinnuaðferðir. Hún var ágæt."

**Hefur þú grátið í bíó?**
„Já, oft. Ég grét á Kaldaljósi þegar persónan sem Áslákur Ingvarsson leikur kemur að fjölskyldunni sinni sem hefur lent í snjóflóði. Hann Áslákur gerir þetta svo vel og hafði svo mikil áhrif á mig að ég grét lengi á eftir."

**Uppáhalds íslenska persónan?**
„Dúddi í Með allt á hreinu."

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma?**
„Chaplin."

**Mesta hetja hvíta tjaldsins?**
„Woody Allen. Mér finnst hann frábær leikstjóri og frábær leikari. Hann er líka mjög fylginn sér."

**Mesti skúrkurinn?**
„Hannibal Lecter."

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
„Woody Allen væri leikstjóri og ég myndi vilja leika á móti honum. Myndin væri um taugaveiklað og týnt fólk."



## FRUMSÝNDAR UM HELGINA



**VACANCY**

Hrollvekja um ungt par sem þarf að gista á frekar óhugnanlegu hóteli og kemst að raun um að það er setið fyrir þeim af hópi sadista og morðingja.

Leikstjóri: Nimrod Antal

Aðalhlutverk: Luke Wilson og Kate Beckinsdale

**Dómur á Imdb.com: 6,5**
**Dómur á Rotten Tomatoes: 54 %/Rotin**

**HAIRSPRAY**



Endurgerð á cult-mynd Johns Waters þótt í nýju útgáfunni sé að mestu stuðst við söngleikinn á Broadway. Leikstjóri: Adam Shankman

Aðalhlutverk: John Travolta, Michelle Pfeiffer og Queen Latifa

**Dómur á Imdb.com: 8,0**
**Dómur á Rotten Tomatoes: 93%/Fersk**

**MR.BROOKS**



Og þá er Kevin Costner mættur aftur til leiks. Mr. Brooks fjallar um lögreglukonu sem ert á höttunum eftir raðmorðingja og fer að bera óþægilega mikla virðingu fyrir honum.

Leikstjóri: Bruce A. Evans

Aðalhlutverk: Kevin Costner, Demi Moore og William Hurt

**Dómur á Imdb.com: 7,7**
**Dómur á Rotten Tomatoes: 56%/Rotin**

**BRATZ: THE MOVIE**



Hinar fáklæddu dúkkur eru komnar á hvíta tjaldið. Stúlkurnar fjórar standa frammi fyrir mikilli áskorun þegar nemendaforsetinn vill stía þeim í sundur.

Leikstjóri: Sean McNamara

Aðalhlutverk: Paula Abdul, Skyler Shaye og Janel Parrish

**Dómur á Imdb.com: 2,0**
**Dómur á Rotten Tomatoes: 8%/Rotin**



**RAMBO** John Rambo er ekki bara venjuleg kvikmyndahetja heldur líka táknmynd fyrir ákveðinn hugsunarhátt.

# Rambo snýr aftur í janúar

**Kaldastríðshetjan John Rambo dustar rykið af hárbandinu fræga og tvískipta hnífnum því Lionsgate-fyrirtækið hefur tilkynnt að fjórða myndin um Víetnam-hermanninn verði frumsýnd 23. janúar.**

Hafi einhver haldið að bandaríska þjóðin væri búin að fá nóg af blóðsúthellingum og vondum körlum í heimi hryðjuverka þá skjátlast þeim hinum sama hrapallega. Rambo á sér einhvern furðulegan stað í hjörtum íbúa stórveldisins og víðar en yfir hálf milljón manna hefur skoðað myndbrot úr nýjustu myndinni á You Tube.

### Elskaður og dáður

Þetta undarlega dálæti á morðóða Víetnam-hermanninum er ef til engin tilviljun. Rambo er einfari sem svífst einskis til að bjarga bandarískum sakleysingjum úr klóm illvirkja, hvort sem það eru spilltir landar hans eða uppivöðslusamir kommúnistar frá Sovétríkjunum sem eru ógn við öryggið. Ronald Reagan, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, lýsti yfir miklu dálæti á hæfileikum Rambos og taldi að það ættu að vera fleiri slíkir hjá bandaríska hernum. Menn eins og Rambo voru óskabörn bandaríska herveldisins á tímum kalda stríðsins og best til þess fallnir að lúskra allrækilega á rauðu hættunni í austri.

Þegar Rambo: First Blood kom út árið 1982 vissu menn varla hvaðan á þá stóð veðrið. Hún náði að hala inn ágætis upphæðum í kassann þótt gagnrýnendur, oftar sem áður þegar Stallone var ekki í hlutverki Rocky, ættu varla nógu sterk orð til að rakka myndina niður. Hollywood fann þó peningalyktina og önnur myndin, Rambo: First Blood II fór í framleiðslu. Þar fer Rambo á fornar slóðir í Víetnam og er gert að hafa uppi á stríðsföngum sem eiga að vera í haldi hjá Víetkong-liðum. Þegar Rambo finnur félaga sína ákveða heryfirvöld að málinu skuli sópað undir teppið og Rambo „hverfa" af yfirborði jarðar. En eins og segir svo skemmtilega í einni af kynningarlínum myndarinnar; „þeir sendu hann af stað í verkefni og vildu að honum mistækist. En þeir gerðu eitt mistök. Þeir gleymdu að þetta var Rambo." Í þriðju myndinni var Rambo síðan mættur til Afganistans og barðist þar við hlið Mujahideen-andspyrnuhreyfingarinnar gegn uppivöðslusömum Rússunum. Og reyndi þar að auki að bjarga vini sínum úr haldi Sovétmanna. Hið skemmtilega er að í Mujahideen-hreyfingunni á sínum tíma hlaut maður að nafni Osama bin Laden sína þjálfun í herkænsku undir dyggri stjórn Bandaríkjamanna.




**Í LÍKI HETJUNNAR** Stríðsglaðir forsetar hafa oftar en ekki mátt þola samlíkingu við Rambo og hér er George W. Bush í kunnuglegri stellingu.

### Táknmynd hugsunarháttar

Rambo er ekki bara hetja af hvíta tjaldinu heldur fyrirbæri í poppkúltúr sem varð vinsælt á tímum kalda stríðsins og táknmynd bandarísks stríðsreksturs. Og þótt hetjan hafi horfið af yfirborði jarðar þegar þíðnaði í samskiptum stórveldanna þá var hún augljóslega ekki gleymd því á netinu má sjá núverandi forseta heimsveldisins, George W. Bush, í hlutverki Rambos, hins morðóða hermanns sem svífst einskis til að klára ætlunarverk sitt og skiptir varla skapi þótt saklaus fórnarlömb falli fyrir byssukúlum í þágu bandarískra þegna og frelsis þeirra. Samkvæmt Heimsmetabók Guinness hafa til að mynda aldrei verið framin fleiri ofbeldisverk í einni og sömu myndinni og Rambo þrjú, en þar voru yfir 108 manneskjur drepnar og meira en 200 ofbeldisverk sjást í myndinni.

Og margir höfðu spáð því að Stallone myndi halda til Afganistans á nýjan leik til að hafa uppi á hryðjuverkamönnum sem flugu á Tvíburaturnana, svona í ljósi heimsmyndarinnar og til þess að koma „rambó-ískum" hugsunarhætti aftur inn í bandarískt þjóðfélag. En svo verður ekki. Í fjórðu myndinni snýr hetjan aftur til starfa eftir að hafa verið í sjálfskipaðri útlegð og er falið að hafa uppi á hópi kristinna trúboða sem týnast í skógum Burma og fer þangað ásamt þungvopnuðum málaliðum. Þar bíður þeirra hins vegar ekkert annað en fljúgandi byssukúlur, sprengju- og eldvörpur að ógleymdum boganum fræga sem kemur víst töluvert við sögu.

freyrgigja@frettabladid.is



**REAGAN** Þótti mikið til Rambo koma og vildi fá fleiri slíka í bandaríska herinn.

www.volkswagen.is




ACE TÖLVUR
FRÁ 49.900 KR
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%
FRÁ 1.453 KR Á MÁNUÐI
ACE AMD TILBOÐ 1
SEMPRON AM2
AMD Sempron AM2 er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrautir
LÍFSTÍÐAR ÁBYRGÐ
Corsair er margverðlaunað minni á heimsvísu, álagsprófað, 100% áreiðanlegt og með lífstíðarábyrð
WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Basic ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar
Örgjörvi 3200+ AMD K9 Sempron AM2 256K flýtiminni, 1600MHz FSB+HT
Móðurborð MSI K9N6SGM-V - MCP61 - AM2 2xSATA2, 2xDDR2 800
Minni 1GB DDR2 667MHz Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur 80GB Western Digital SE 7200RPM, 8MB buffer, Fluid Bearing
Skjákort 128MB GeForce6 6100 PCI-E 16X skjástýring með CineFX 3.0
Skrifari 18xDVD±/8xDL skrifari Skrifar og les CD og DVD diska
Hljóðkort SoudBlaster True 3D Innbyggt á móðurborði
Netkort Innbyggt 10/100 netkort Vandað og hraðvirkt netkort
Stýrikerfi Windows Vista Home Basic Öruggara og öflugra
VERÐ 49.900
ACE AMD TILBOÐ 2 89.900 KR
ACE AMD TILBOÐ 3 109.900 KR
ACE AMD TILBOÐ 4 129.900 KR
ACE AMD TILBOÐ 5 149.900 KR
ACE INTEL TILBOÐ 1 89.900 KR
ACE INTEL TILBOÐ 2 109.900 KR
ACE INTEL TILBOÐ 3 139.900 KR
ACE INTEL TILBOÐ 4 169.900 KR
TÖLVULISTINN
Nóatúni 17 Reykjavík. 414 1700
Glerárgötu 36 Akureyri. 414 1730
Hafnargötu 90 Keflavík. 414 1740
Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. 414 1735
Hlíðasmári 10 Kópavogur. 414 1760



**Bjóddu ...**
*í kaffi og köku, upp á gamla mátann, einhverja helgina í haust. Ef þú treystir þér ekki í hnallþórugerð er alltaf hægt að svindla og skjótast út í bakarí að morgni dags.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN JÖRUNDUR RAGNARSSON LEIKARI

# Stropað svartfuglsegg skrítnasta máltíðin



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég hugsa að það sé ristað brauð með osti. Það er klassík.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það myndi vera grillaður svartfugl í Súðavík með sveppasósunni hans Auðuns, sem er sú besta sem ég hef fengið. Og svo fjölskyldumáltíðin frá KFC sem ég borða í Killer Joe.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, ég hef aldrei getað borðað kæsta skötu, mér finnst það ógeðslegt.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég myndi segja að það væri bara hvítlaukur. Ég nota hann í næstum því allt.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ben & Jerry's ís.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég held ég eigi alltaf til smjör og ost.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég myndi hafa kartöflur og veiðistöng. Fiskur og kartöflur, það er alltaf gott.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það er stropað svartfuglsegg, sem þýðir að unginn er farinn að koma í ljós í egginu. Það var algjör viðbjóður. Sumir gera það viljandi, en það var óvart hjá mér. Ég fattaði það aðeins of seint.

# Brauð fyrir alla

Þær Kristín Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Halldórsdóttir í Yndisauka baka á stundum girnilegt brauð með enn girnilegri fyllingum. Uppskriftina er að finna á heimasíðu þeirra, yndisauki.is, undir heitinu Matarbrauð – súkkulaðibrauð. Það hentar jafn vel undir skinku og ost og súkkulaði og núggatfyllingar, að sögn Kristínar.

„Á síðunni erum við með parmaskinkufyllingu, en það er líka rosalega gott að setja í það skinku, brieost og smá mangó-chutney. Svo má nota alls konar grænmeti, og í rauninni hvað sem er," sagði hún. „Við kryddum það oft með dukkahkryddinu sem við framleiðum. Í því er kúmín og alls konar fræ sem gefa því nýja vídd." Ferskar kryddjurtir fara líka afar vel í brauðið. „Alveg í bunkum helst," sagði hún og hló við. „Það er tilvalið að nota góða basilíku, til dæmis. Ef maður er með rósmarín eða timjan þarf bara að passa að taka allt af stilkunum," benti hún á.



**BRAUÐ MEÐ SKINKU EÐA SÚKKULAÐI** Kristín Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Halldórsdóttir hjá Yndisauka baka brauð sem hentar jafn vel undir skinkufyllingu og súkkulaði og núggat.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá er einnig lítið vandamál að skipta hveitinu, eða einhverjum hluta þess, út fyrir spelt. „Það má breyta hlutföllunum eftir hentisemi, ef maður vill til dæmis hafa smá rúg í brauðinu," sagði Kristín. Fyrir sælkerana er svo um að gera að leita á náðir súkkulaðisins. „Ef maður vill virkilega sukka er hægt að setja súkkulaði, mjúkt núggat og hnetur, það er mjög gott," sagði Kristín.

- sun

# Gómsæt hrísgrjón

Hrísgrjón og kartöflur slást um titilinn sem vinsælasta meðlætið. Soðin hrísgrjón, sama hvort um ræðir hvít eða brún, geta þó orðið leiðigjörn til lengdar. Þá er um að gera að fá innblástur úr indversku eldhúsi, til dæmis, þar sem grjónin eru blönduð kryddi til að gera úr þeim ljúffenga rétti. Í indverskum hrísgrjónum er oft gripið til kardimommu og kúmíns til að gera krydduð grjón. Kóríander virkar einnig vel.

Réttirnir þurfa þó ekki að takmarkast við innblástur úr austri. Það má til dæmis blanda þurrkuðum ávöxtum eða ristuðum hnetum í tilbúin grjón, eða rifnum parmesanosti og basilíku. Einnig má hreinlega sjóða grjónin í blöndu af kjúklingasoði og hvítvíni, eða hefja leikinn á að léttsteikja hvítlauk á pönnu, bæta grjónum út í og sjóða í kjúklingasoði.



**HRESSIÐ UPP Á HRÍSGRJÓNIN** Með því að sjóða grjónin í hvítvíni og soði, eða blanda hnetum og kryddi út í þau, verður meðlætið mun skemmtilegra.

- sun






**NORNASEIÐUR** Elín Edda notar teblöndu Sverris Guðjónssonar sem krydd fyrir pönnusteiktan steinbít.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Eldar eftir árstíðunum

**Elín Edda Árnadóttir eldar eftir árstíðum. Hún gefur uppskrift að steinbít krydduðum með nornaseiði.**

Elín Edda er leikmynda- og búningahöfundur. Hún hefur afskaplega gaman af að elda, og tekur mikið tillit til dagatalsins í sinni matargerð. „Á haustin á maður að borða vel af þessum íslenska mat sem er að koma á matarborðið. Maður á að nota rófurnar og íslenska kálið sem mest á þessum tíma, það er best núna," sagði Elín.

Hún er einnig mjög hrifin af grænmetisfæði. „Ég er mjög flinkur grænmetiskokkur af því að maðurinn minn er grænmetisæta. Ég er vön því til margra ára að elda eitt fyrir strákana og annað fyrir manninn minn," sagði hún. „Nú erum við orðin tvö eftir, þannig að við förum aðeins meira á einhverja af þessum léttu grænmetisstöðum sem eru víðs vegar um borgina," sagði Elín.

Hún er nýsnúin heim eftir ferð sumarsins, sem bar hana að þessu sinni til Berlínar og Prag. „Þetta var algjörlega frábær tími, þessar sex vikur," sagði hún. „Í Berlín er rosalega mikil dýnamík í gangi og mikil von. Það var mikið af ungu fólki og augljóslega mikill uppgangur á öllum sviðum," sagði Elín. Þaðan lá leiðin til Prag, þar sem hún dvaldist í listhúsinu Leifsbúð.

„Það er framtak Þóris Gunnarssonar, ræðismanns Íslands í Tékklandi, og eiginkonu hans, Ingibjargar Jóhannsdóttur," útskýrði Elín. „Þau hafa útbúið gamalt brugghús þarna í nágrenni Prag sem listhús fyrir íslenska listamenn, sem maður sækir um að fá að dveljast í," bætti Elín við, en hún var himinlifandi yfir tækifærinu. „Þetta var afskaplega gefandi sumar og mikið örlæti af þeim hjónum," sagði hún.

Elín Edda gerir kartöflumús úr möndlukartöflum, smjörklípu og dálitlu salti með steinbítnum, og mælir einnig með sósu úr sýrðum rjóma. Hún hrærir þá sýrða rjómann upp og kryddar með salti og pipar. Berið fram með góðu hvítvíni.

sunna@frettabladid.is

### SEIÐANDI STEINBÍTUR

Fyrir fjóra
Um 800g steinbítsflök, roðflett
1 poki Nornaseiður, teblanda Sverris Guðjónssonar
1 poki lífrænt ræktað spínat
1 bakki sveppir
Slurkur Teriyaki-sósa
4 egg
Maldonsalt

*Steinbítur þerraður og skorinn í bita. Velt upp úr kryddjurtablöndunni Nornaseiði (fæst í Heilsuhúsinu) svo fiskurinn sé vel þakinn. Steiktur á pönnu, saltaður með Maldonsalti í lokin.*
*Leggið sveppi aðeins í bleyti í teriyaki-sósu og ristið þá því næst á pönnu. Einnig má nota kantarellur eða aðra þá sveppi sem hugurinn girnist. Takið frá. Léttsteikið spínat í dálitlu smjöri. Setjið tilbúinn steinbítinn, kartöflumúsina og spínatið á diska og leggið sveppina yfir spínatið. Sjóðið egg í um sex mínútur, svo þau séu ekki alveg harðsoðin, skerið í tvennt og leggið með sveppunum.*

# Texture vel tekið í London

Veitingastaður Agnars Sverrissonar og Xavier Rousset, Texture, var opnaður fyrir almenningi í London fyrir viku síðan. Agnar sagði viðtökur hafa verið góðar, þegar Fréttablaðið ræddi við hann. „Það var fullt fyrstu þrjá dagana. Við verðum alltaf með lokað á sunnudögum og mánudögum, en á laugardaginn þurftum við að vísa fjörutíu, fimmtíu manns frá. Þetta byrjar mjög vel," sagði Agnar.



**ÍSLENDINGAR Á OPNUN** Sendiherra Íslands í London, Sverrir Haukur Gunnarsson, Sigurður Arngrímsson hjá Morgan Stanley og listamaðurinn Tolli sóttu Texture heim í síðustu viku, en myndir Tolla prýða veggi staðarins.



**STOLTIR EIGENDUR** Meðeigendurnir Agnar Sverrisson og Xavier Rousset, ásamt Þórhildi Rafnsdóttur, unnustu Agnars og innanhúshönnuði, en hún á veg og vanda af hönnun staðarins.

Opnun staðarins var frestað nokkrum sinnum, en upphaflega var stefnt á að staðurinn lyki upp dyrum sínum í júní. „Þannig er þetta bara," sagði Agnar. „En nú virðist ætla að verða brjálað að gera, sem er frábært," bætti hann við.

- sun




**179** kr/kg. áður 358 kr/kg.
Goða blóðmör - frosin

**189** kr/kg. áður 379 kr/kg.
Goða lifrarpylsa - frosin




**483** kr/kg. áður 965 kr/kg.
Hamborgarasteik




**1.494** kr/kg. áður 2.490 kr/kg.
Borgarnes hangilæri - úrbeinað




**197** kr/kg. áður 281 kr/kg.
Matfugl kjúklingavængir




**363** kr/pk. áður 605 kr/pk.
Ísfugl kjúklingaleggir




**299** kr/pk. áður 499 kr/pk.
Freschetta Brick Oven Italiano - 2 pack




**99** kr/pk. áður 165 kr/pk.
Myllu heimilisbrauð




**38** kr/stk. áður 75 kr/stk.
Pepsi Max - 1/2 ltr

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13. september til 16. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

> Vissir þú?

Flestir staðgenglar allra tíma í einni kvikmynd voru í **Gandhi** árið 1982, eða 300 þúsund talsins. Fór **Ben Kingsley** með aðalhlutverkið í þessari eftirminnilegu Óskarsverðlaunamynd. Í öðru sæti er þýska myndin Kolberg frá árinu 1945 sem skartaði 187 þúsund staðgenglum og í því þriðja er suður-kóreska myndin Monster Wang-magwri frá 1967 með 157 þúsund staðgengla.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Britney kæmist ekki áfram í X-Factor

Simon Cowell, hinn óvægni dómari úr American Idol og X-Factor, óttast að Britney Spears hafi eyðilagt feril sinn með skelfilegri frammistöðu á MTV-verðlaunahátíðinni.

Britney ætlaði að stimpla sig inn á nýjan leik eftir mikinn vandræðagang á undanförnum árum en hafði ekki erindi sem erfiði. „Ef Britney hefði verið skjólstæðingur minn hefði nægt fyrir mig að horfa á hana æfa einu sinni til að banna henni að stíga á svið,“ sagði Cowell. „Það hefði verið þess virði að láta hana hætta við allt saman, svo hún ætti möguleika síðar meir á að endurheimta feril sinn. Hún var ekki tilbúin í þetta atriði á nokkurn hátt. Lagið var vitlaust, ímynd hennar var röng og hún var illa undirbúin. Ef hún hefði sýnt þessa frammistöðu í áheyrnarprufum fyrir X-Factor hefði hún ekki komist áfram,“ sagði hann. „Núna er hún líklega búin að eyðileggja feril sinn. Það er erfitt að snúa aftur eftir svona frammistöðu.“

Britney var gjöreyðilögð þegar hún steig af sviðinu og öskraði á sjálfa sig baksviðs. „Hún er alveg í rusli. Hún var mjög taugaveikluð og vissi að hún klúðraði atriðinu,“ sagði kunningi Britney. Annar heimildarmaður var á sama máli: „Hún var virkilega taugatrekkt. Það er langt síðan hún kom síðast fram og hún var að syngja í beinni útsendingu fyrir framan kollega sína í tónlistarbransanum. Hún hreinlega fraus fyrir framan alla.“



**SIMON COWELL** Cowell óttast að Britney Spears hafi eyðilagt feril sinn endanlega með frammistöðu sinni á MTV-hátíðinni.

**BRITNEY SPEARS** Britney virkaði ekki í sínu besta formi á MTV-hátíðinni.

# Hauststormur stoppar vinnu

Fyrsti hauststormurinn hefur væntanlega ekki verið mörgum gleðigjafi, en verktökum við Smáratorg er hann sérstaklega óvelkominn. Þar stendur hæsti krani landsins, enda verið að reisa hæstu byggingu landsins. „Við erum stopp út af veðri, við getum ekkert notað kranann,“ sagði Júlíus Finnsson, verkefnisstjóri Jáverka í Smáratorgi. Starfsmenn sitja þó ekki auðum höndum á meðan, þar sem af nægum verkefnum er að taka.

„Það er aðallega rokið sem hefur haft þessi áhrif. Það munar alveg um fjórum, fimm metrum á sekúndu á jörðinni og uppi í krana,“ útskýrði Júlíus, en kraninn er 110 metrar á hæsta punkti. „Við höfum ekki hift í meira roki en svona sautján metrum á sekúndu,“ sagði Júlíus, en í gær náðu verstu vindhviðurnar um 24 metrum á sekúndu. „Við erum með vindmæli þarna uppi,“ útskýrði hann.

Júlíus átti von á því að veðrið myndi versna í nótt, en hafði engar áhyggjur af því að kraninn sjálfur myndi haggast. „Það þarf töluvert meira til að hann velti eða eitthvað í þá áttina,“ sagði hann. „Í svona roki snýr hann sér hins vegar bara undan vindi og tekur ekkert á sig, svo það er ekki hægt að snúa honum neitt,“ benti hann á.

Verklok eru áætluð í byrjun október og sagði Júlíus að frekari hauststormar gætu sett strik í reikninginn. „Ef við fáum góðviðri aftur gengur þetta,“ sagði hann vongóður. - sun



**LOKAÐ VEGNA VEÐURS** Júlíus Finnsson, verkefnastjóri Jáverka á Smáratorgi, gat ekki notað hæsta krana landsins vegna hauststormsins sem hélt innreið sína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**SAMAN Á NÝ** Þær Carrie, Charlotte, Samantha og Miranda koma saman aftur í væntanlegri Sex and the City mynd, en Carrie er ennþá sú eina sem fær að halda kærastanum sínum.

# Hudson í Sex and the City mynd

**Sex and the City kvikmyndin er nú að verða að veruleika, en aðdáendur þáttaraðarinnar hafa beðið í þrjú ár eftir því að sá draumur yrði uppfylltur.**

Óskarsverðlaunahafinn og söngstjarnan Jennifer Hudson hefur tekið að sér hlutverk í væntanlegri Sex and the City kvikmynd, en þar mun hún leika aðstoðarkonu Carrie Bradshaw. Sarah Jessica Parker leikur Carrie, eins og áður. Ekki er langt síðan tilkynnt var að Chris Noth myndi snúa aftur í hlutverki Mr. Big, en á sama tíma spurðist út að söguþráður kvikmyndarinnar gerði ráð fyrir því að hann og Carrie hefðu flutt undir sama þak. Hudson er því eingöngu annar leikarinn sem hefur tilkynnt þátttöku sína í verkefninu, fyrir utan stjörnurnar fjórar; Parker, Cynthiu Nixon, Kristin Davis og Kim Cattrall.

Söguþræði kvikmyndarinnar hefur verið haldið leyndum með öllum tiltækum ráðum, en ráðning Hudson þykir sýna fram á að Carrie hafi klifrað upp metorðastigann síðan áhorfendur skildu síðast við hana. Fjögur ár eiga að hafa liðið frá þeim tíma að fjóreykið kvaddi áhorfendur þar til þráðurinn er tekinn upp að nýju í kvikmyndinni.

Enn hefur ekki verið staðfest að Evan Handler, David Eiginberg eða Jason Lewis, sem leika eiginmenn eða kærasta hinna söguhetjanna þriggja, muni taka þátt í kvikmyndinni.

Tökur eiga þó að hefjast á Manhattan í næstu viku, og vonast aðdáendur nú til að athygli paparazzi-ljósmyndara geti varpað einhverju ljósi á söguþráðinn.

Sex and the City kvikmyndin verður frumsýnd á næsta ári.



**FYRSTA AUKAPERSÓNAN** Með tilkomu Jennifer Hudson í Sex and the City gengið lítur fyrsta nýja persónan í kvikmyndinni dagsins ljós. Hudson mun leika aðstoðarkonu Carrie Bradshaw.

# Potter slær út Bond

Kvikmyndabálkurinn um Harry Potter hefur slegið út James Bond og Stjörnustríð sem sá tekjuhæsti í sögunni. Myndirnar fimm um galdrastrákinn knáa hafa þénað um 290 milljarða króna víðs vegar um heiminn. Bond er í öðru sæti með 288 milljarða og í því þriðja er Star Wars með um 275 milljarða króna.

Enn á eftir að sýna tvær kvikmyndir um Harry Potter. Sú næsta kemur út á næsta ári og sú síðasta 2010. „Það er frábært að sjá vörumerkið Harry Potter ná þessum stalli. Það verður fróðlegt að sjá hversu langt það mun komast undir lok áratugarins,“ sagði starfsmaður framleiðandans Warner Bros.



**HARRY POTTER** Kvikmyndabálkurinn um Harry Potter er sá vinsælasti í sögunni.

# Syngur dúett með Geir Ólafs

**Halla Vilhjálmsdóttir leitar að vinnu í London þessa dagana. Hún söng nýlega lag inn á plötu Geirs Ólafs.**

„Það er eiginlega óráðið. Ég er að skoða málin enda er tiltölulega stutt síðan staðfest var að ekki yrði af framleiðslu þáttanna,“ segir fyrrverandi X-factor-kynnirinn Halla Vilhjálmsdóttir um hvað hún hyggist taka sér fyrir hendur. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, sagði nýverið í viðtali við Fréttablaðið að ekki væri víst að X-factor-þátturinn yrði að veruleika á þessu ári en þar var ætlunin að frægir Íslendingar reyndu fyrir sér í söng í þágu góðs málefnis.

Halla hefur tekið sér ýmislegt fyrir hendur undanfarið. „Ég var til dæmis að syngja dúett með Geir Ólafs á nýju plötunni hans. Mér finnst gaman að gera hitt og þetta og ætla ekki að festa mig í leikhúsi alveg strax. Í þessum töluðu orðum er ég á leið út á flugvöll. Nú ætla ég að vera með listrænt útibú í London. Reyndar átti ég flug í morgun en var svo upptekin að taka til langt fram á nótt að ég svaf yfir mig og missti af vélinni,“ segir Halla og hlær. „Ég er alltaf með annan fótinn þar og ætla að athuga hvort einhver vill ráða mig í vinnu.“ Hingað til hefur ekki verið skortur á því en Halla starfaði hjá sjónvarpsstöðvunum BBC og ITV áður en hún flutti til Íslands og hafnaði fyrr á árinu hlutverki í söngleiknum Eurobeat sem settur verður upp á West End. „Ég skrapp út og sá verkið um daginn. Það var þrælskemmtilegt og fékk frábæra dóma. Ég neita því ekki að ég fékk pínu í magann og hugsaði að það hefði nú kannski verið gaman að vera með.“

sigrunosk@frettabladid.is



**SÖNG MEÐ GEIR ÓLAFS** Halla Vilhjálmsdóttir situr ekki auðum höndum. Hún syngur dúett með Geir Ólafssyni á nýrri plötu kappans og er nú á leið til London að stofna „listrænt útibú“.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR












| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 14 |
| KNOCKED UP VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| DISTURBIA | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 8 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 10:10 | 10 |
| KRINGLUNNI | | |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6:30 - 8:30 - 10:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 10:30 | 7 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| VEÐRAMÓT | kl. 8 -10 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| KEFLAVÍK | | |
| KNOCKED UP | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| ASTRÓPÍA | kl. 8 - 10 | L |
| SELFOSSI S. 482 3007 | | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 10 | 12 |






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 6 og 9 | 14 |
| DISTURBIA | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 14 |
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.45 og 10.20 | 14 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| KNOCKED UP | kl. 5 - 8 - 10.40 | 14 |
| KNOCKED UP LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.40 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 - 10.10 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS

| | | |
|---|---|---|
| KL. 8 | Sicko | |
| KL. 10.30 | Sicko / Shortbus | |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| EVENING | kl. 5.30 - 8 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| SURFS UP ENSKT TAL | kl. 8 - 10 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 14 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KNOCKED UP | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 5.45 | |
| DISTURBIA | kl. 8 -10.10* | 14 |
| *Síðasta sýning | | |


# Færeyskt kvöld á laugardag

Færeysku tónlistarmennirnir Budam, Jensina Olsen og Jógvan halda tónleika ásamt hljómsveitinni Ísafold í glerskálanum við Norræna húsið á laugardag.

Tilefnið er opnun færeyskrar sendiskrifstofu í Austurstræti 12. Budam er einn af ástsælustu listamönnum Færeyja. Hefur sagnastíl hans verið líkt við Tom Waits, Nick Cave og Leonard Cohen. Jensina Olsen vann á síðasta ári söngva- og lagahöfundakeppni í Færeyjum og gefur út plötu á næstunni. Tónleikarnir standa yfir frá klukkan 22 til 1. Miðaverð er 2.000 krónur en 1.500 í forsölu.



**BUDAM** Budam, sem er einn ástsælasti listamaður Færeyja, spilar í Norræna húsinu á laugardag.

# Led Zeppelin snýr aftur

**„Mér líst mjög vel á þetta,“ segir útvarpskonan Andrea Jónsdóttir, sem vonast til að fá miða á endurkomutónleika Led Zeppelin í O2-höllinni í London.**

Rokksveitin goðsagnakennda staðfesti á blaðamannafundi í gær að hún ætlaði að koma saman á ný í fyrsta skipti í nítján ár. Aðeins verður um eina tónleika að ræða. Verða þeir haldnir í O2-höllinni í London 26. nóvember í tilefni af útkomu tvöföldu safnplötunnar Mothership sem kemur út hinn 13. sama mánaðar. Einnig eru tónleikarnir hugsaðir til heiðurs Ahmet Ertegun, eins af stofnendum plötufyrirtækisins Atlantic Records, sem lést í fyrra. Mun Jason Bonham leysa föður sinn John Bonham af á trommunum, en Zeppelin hætti störfum árið 1980 eftir andlát hans.



**LED ZEPPELIN** Hljómsveitin Led Zeppelin ætlar að koma saman á ný í fyrsta skipti í nítján ár.

## Allir í góðu formi

„Þeir eru allir búnir að vera að vinna í músík, þannig að þetta er ekkert hættulegt. Þeir eru búnir að sýna góða takta síðan þeir hættu, sérstaklega Robert Plant, sem er búinn að standa sig mjög vel. Það sem þeir gerðu saman hann og Jimmy Page var einnig gott. Þeir hafa reyndar skilið John Paul Jones svolítið útundan en hann er búinn að gera fullt af skemmtilegum hlutum,“ segir hún.

## Flughræddir Zeppelin

Andrea sá Zeppelin spila í Laugardalshöll 1970 og ekki nóg með það heldur sat hún við hliðina á piltunum í flugvél á leiðinni heim til London. Minnist hún þess sérstaklega hversu flughræddir Robert Plant og Jimmy Page voru, sem er nokkuð kaldhæðnislegt því sveitin er nefnd eftir frægu loftfari.

## Frábært að sjá Plant

Fyrir tveimur árum hitti Andrea Plant á nýjan leik vegna tónleika hans í Laugardalshöll þar sem hann kynnti plötuna The Mighty Rearranger. „Mér fannst það frábært. Sú plata var mjög flott og er eiginlega hans besta plata.“ Andrea hlakkar því mikið til að endurnýja kynni sín af Plant og félögum, fari svo að hún verði sér úti um miða.

## Yfir hundrað milljónir

Led Zeppelin var stofnuð í Englandi árið 1968. Sveitin var talin ein fyrsta þungarokkssveit heimsins þegar hún steig fram á sjónarsviðið. Á meðal þekktustu laga sveitarinnar eru Stairway to Heaven, Whole Lotta Love, Rock and Roll, Kashmir og Communication Breakdown. Zeppelin er í hópi fjögurra flytjenda sem hafa selt yfir hundrað milljónir platna í Bandaríkjunum. Hinir eru Bítlarnir, Elvis Presley og Garth Brooks.



**ANDREA JÓNSDÓTTIR** Útvarpskonan og Zeppelin-aðdáandinn vonast til að sjá sveitina á tónleikum í London.

## Lokatónleikar í Berlín

Síðustu tónleikar sveitarinnar með fullri liðsskipan voru í Berlín í júlí árið 1980, tveimur mánuðum áður en Bonham lést. Page, Plant og Jones spiluðu saman á Live Aid fimm árum síðar og aftur á fertugsafmæli Atlantic Records árið 1988.

Mikið hefur verið rætt og ritað um hugsanlega endurkomu Zeppelin undanfarin ár og nú eru vangaveltunar loksins orðnar að veruleika, fjölmörgum aðdáendum sveitarinnar til mikillar ánægju.

freyr@frettabladid.is

### NÝLEGAR ENDURKOMUR

- The Police
- Genesis
- Crowded House
- Spice Girls
- Take That
- Van Halen
- The Smashing Pumpkins
- Pixies
- The Jesus and Mary Chain

# Deilt um nýjan raunveruleikaþátt

Bandaríska sjónvarpsstöðin CBS mun hefja sýningar á nýjum raunveruleikasjónvarpsþætti hinn 19. september næstkomandi. Sá hefur fengið nafnið Kid Nation og fjallar um 40 börn á aldrinum 8-15 ára sem fá 40 daga til þess að búa til virkt samfélag í draugabæ í Nýju-Mexíkó án hjálpar fullorðinna. Þættinum hefur verið líkt við söguþráðinn í bók Williams Golding, Lord of the Flies, þar sem börn stranda á eyðieyju með ófyrirséðum afleiðingum.

Börnin í Kid Nation verða að elda sínar eigin máltíðir, þrífa útihúsin, sækja vatn og reka fyrirtæki, meira að segja gamla bæjarpöbbinn sem þó selur eingöngu óáfenga drykki. Meðan á þessu stendur þurfa börnin að glíma við hefðbundna fylgifiska æskunnar á borð við heimþrá og hópþrýsting. Í lok hvers þáttar veitir „bæjarráðið“, sem kosið er af börnunum sjálfum, einum þátttakanda stjörnu úr skíra gulli sem er 1,3 milljóna íslenskra króna virði. Öll fengu börnin andvirði rúmra 320.000 króna fyrir að vera með í þættinum.



**MÁ NOTA BÖRN Í RAUNVERULEIKASJÓNVARP?** Ekki eru allir á einu máli um hvort það sé siðferðilega réttlætanlegt að nota börn í raunveruleikasjónvarp.

Þátturinn hefur vakið upp miklar deilur og siðferðilegar spurningar á borð við þá hvort réttlætanlegt sé að nota ung börn sem efnivið í þátt á borð við þennan. Fjögur barnanna þurftu aðstoð lækna eftir að hafa drukkið klór sem hafði verið skilið eftir í ómerktri gosflösku. Önnur stúlka tognaði á handlegg og enn önnur brenndist í andliti eftir af feiti skvettist á hana við eldamennsku.

Dálkahöfundur Variety sagði Kid Nation nota börn sem „fóður fyrir skemmtun og ágóða“ á meðan þekktur barnasálfræðingur lét hafa eftir sér að börn á þessum aldri ættu erfitt með að þola slíkt álag.

Í ljós hefur komið að lagaleg hlið málsins er að mörgu leyti göllóð en líklegt má telja að forsvarsmenn CBS vinni heimavinnuna sína þar áður en tökur hefjast á næstu þáttaröð.

# West selur meira

Nýjasta plata rapparans Kanye West, Graduation, hefur selst betur en plata 50 Cent beggja vegna Atlantshafsins samkvæmt fyrstu sölutölum. Búist er við því að West selji um 700 þúsund eintök af plötunni í þessari viku.

50 Cent, sem heitir réttu nafni Curtis Jackson, hefur heitið því að hætta að gefa út sólóplötur ef plata hans selst verr en plata West. Stefnir því allt í að hann þurfi að standa við gefin loforð.

West sakaði nýverið sjónvarpsstöðina MTV um að hafa misnotað Britney Spears með því að láta hana koma fram á verðlaunahátíð sinni um síðustu helgi. Stöðin hafi vitað að hún væri ekki tilbúin en þrátt fyrir það hafi hún látið hana syngja til að auka áhorf á hátíðina. Britney var harðlega gagnrýnd fyrir frammistöðu sína, enda virkaði hún afar óörugg á sviðinu.



**KANYE WEST** Rapparinn Kanye West virðist vera að stinga 50 Cent af í kapphlaupinu um söluhæstu plötuna.

# Með smáskífu í Grikklandi

Tónlistarmaðurinn Brynjar Már Valdimarsson, eða BMV eins og hann kallar sig, ætlar að gefa út þriggja laga smáskífu í Grikklandi í kjölfar gríðarlegra vinsælda sinna þar í landi.

Á smáskífunni verður lagið In My Place sem nýverið komst í toppsætið hjá grísku útvarpsstöðinni Radio 1 Serres eftir að hafa setið á vinsældalistanum í nokkrar vikur. Annað af bónuslögunum á skífunni verður Forget About Me, sem á síðar meir að taka við af In My Place á vinsældalistum. Lagið In My Place var á sínum tíma gefið út á stafrænan hátt víða um heim en það hefur hingað til ekki verið fáanlegt á plötu.

Brynjar útilokar ekki að halda tónleika í Grikklandi til að fylgja eftir vinsældunum. „Á einhverjum tímapunkti geri ég það tvímælalaust. Þarna er þrælstór markaður sem getur leitt gott af sér. Eigum við ekki að segja að þetta sé ágætis byrjun, eins og Sigur Rós nefndi plötuna sína,“ segir Brynjar í léttum dúr.

In My Place verður á væntanlegri plötu Brynjars sem kemur út í kringum áramótin. Standa upptökur á henni yfir í New York um þessar mundir. Með Brynjari starfar upptökustjórinn Ken Lewis, sem hefur unnið með stjörnum á borð við Mary J. Blige og Mariuh Carey, ásamt hljómsveitinni Fall Out Boy.

- fb



**Á TOPPNUM** Brynjar Már Valdimarsson er kominn á toppinn í Grikklandi með lag sitt In My Place.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn **Sean Penn** ætlar að leika stjórnmálamanninn Harvey Milk, sem var áberandi á áttunda áratugnum, í nýrri mynd eftir Gus Van Sant. Matt Damon fer einnig með hlutverk í myndinni. Milk, sem var myrtur árið 1978, var fyrsti samkynhneigði borgarstjóri San Francisco.



Leikarinn **Owen Wilson** ætlar að ferðast um Bandaríkin í bíl sínum til að takast á við vímuefnavanda sinn og sjálfsmorðstilhneigingar. Með honum í för verður óvirkur alkóhólisti sem ætlar að vera honum stoð og stytta á leiðinni. Wilson, sem reyndi að fremja sjálfsvíg í síðasta mánuði, ákvað að fara ekki í meðferð vegna vandamála sinna og brá í staðinn á þetta nýstárlega ráð.



Óskarsverðlaunaleikkonan **Reese Witherspoon** fær tíðar martraðir um að hún sé að drukkna. „Ég fæ martraðir um að ég sé að drukkna og enginn hjálpi mér. Fólk stendur bara við sundlaugarbakkann og horfir á mig drukkna,“ segir Witherspoon, sem viðurkennir að vera afar vatnshrædd.



Popparinn **Justin Timberlake** þarf að hvíla röddina í nokkra daga og þarf því að fresta tvennum tónleikum sem hann ætlaði að halda í Bandaríkjunum. Justin hefur verið á stífu tónleikaferðalagi undanfarna mánuði og því verið undir miklu álagi. Einnig kom hann nýverið fram á MTV-tónlistarverðlaunahátíðinni, þar sem hann fór vitaskuld á kostum.



Rokkdúettinn **The White Stripes** hefur frestað tónleikaferð sinni um Bandaríkin vegna kvíðaröskunar trommuleikarans **Meg White**. Vegna veikindanna treystir hún sér ekki til að ferðast á milli þeirra átján tónleikastaða sem þau ætluðu að heimsækja. „Við höfum valdið mörgum vonbrigðum og okkur þykir þetta leitt,“ sagði rokkdúettinn. Síðasta plata sveitarinnar, Icky Thump, hefur fengið mjög góðar viðtökur og náði m.a. á toppinn í Bretlandi.



## > Sætið undir í kvöld

Það er ekki bara barist á toppi Landsbankadeildar kvenna í kvöld því á Akureyri mætast tvö af þremur neðstu liðunum, Þór/KA og ÍR. Kærumál félaganna í fyrrahaust er enn í fersku minni en ÍR vann þá Þór/KA 3-2 samanlagt í umspili um sæti í Landsbankadeild kvenna en Þór/KA kærði þar sem ÍR notaði ólöglegan leikmann í leiknum. Þór/KA vann kæruna þrátt fyrir að KSÍ hefði gefið umræddum leikmanni keppnisleyfi en KSÍ leysti málið með því að leyfa báðum liðum að spila í deildinni í sumar. Í kvöld fá liðin hins vegar tækifæri til að gera endanlega út um málið á vellinum.



**sport**

sport@frettabladid.is

**KR-INGURINN KATRÍN ÓMARSDÓTTIR:** MISSIR AF LEIKNUM Í KVÖLD ÞAR SEM HÚN ER ÖKKLABROTIN

# *Græt mig nánast í svefn á kvöldin*



Það er skarð fyrir skildi í líði KR í kvöld að landsliðskonan Katrín Ómarsdóttir getur ekki leikið þar sem hún er ökklabrotin. Atvikið leiðinlega átti sér stað á svokallaðri furðufataæfingu hjá KR-stúlkum.

„Þetta var á æfingu eftir leik. Við vorum bara að taka létt spil og ég sneri mig svona svakalega illa en það var mikil rigning og mjög blautt. Ég skil eiginlega ekki alveg hvernig það gerðist,“ sagði Katrín en kvisast hefur út að kenna megi um fótabúnaði Katrínar en hún var í vöðlum á æfingunni.

„Þetta hefur ekkert með fótabúnaðinn að gera þar sem ég var í takkaskóm. Ég tók stígvélin af. Svo ætlaði ég reyndar að vera í sundbol undir en hann var of lítill. Þannig að ég var bara í toppi og vöðlum með trefil og vettlinga. Þetta var frekar steikt,“ sagði Katrín og brosti örlítið í gegnum tárin en dagarnir eftir meiðslin hafa verið henni erfiðir.

„Þetta hefur lagst svolítið á mig og erfitt að komast yfir sjokkið. Vonbrigðin eru alveg svakalega mikil og ég græt mig nánast í svefn á kvöldin. Maður er búinn að vera að bíða eftir þessum leik svo lengi og síðustu mánuðir hafa nánast snúist um hann. Svo er öllu kippt undan manni. Ef ég hefði meiðst eftir leikinn þá liði mér allt öðruvísi,“ sagði Katrín alvarleg og það leyndi sér ekki að meiðslin höfðu tekið sinn toll.

Katrín er í löngu fríi frá boltanum en læknar segja að hún geti ekki byrjað að æfa á ný fyrr en í febrúar eða mars á næsta ári. Svo slæm eru meiðslin. Þrátt fyrir svartnætti er Katrín bjartsýn fyrir leikinn gegn Val.

„Ég hef fulla trú á því að stelpurnar klári leikinn. Þær mæta alveg brjálaðar og ég veit að það verður nákvæmlega ekkert gefið eftir hjá liðunum. Þetta verður þrusugóður leikur sem KR vinnur 2-1,“ sagði Katrín Ómarsdóttir.

# KR-liðið þarf að stoppa Margréti Láru í dag

**KR og Valur spila óopinberan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í kvennafótboltanum í kvöld. Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari Breiðabliks, segir Valsliðið vera sigurstranglegra fyrir fram en fleiri fulltrúar félaga í Landsbankadeild kvenna hafa trú á KR-sigri.**

**FÓTBOLTI** KR og Valur mætast í kvöld á KR-vellinum í opinberum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í Landsbankadeild kvenna. Liðin eru jöfn að stigum þegar tvær umferðir eru eftir og sigurvegari kvöldsins verður því með pálmann í höndunum.

„Það er frábært að fá svona hreinan úrslitaleik og bara skemmtilegt að mótið skuli þróast svona. Auðvitað hefðum við í Breiðabliki vilja eitthvað kroppa í þessi lið en það er gott fyrir kvennafótboltann að fá svona leik í lok mótsins,“ segir Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari Breiðabliks, sem spáir spennandi leik.

„Þetta eru mjög jöfn og áþekk lið. Það verður því mjög spennandi að sjá hvernig þessi leikur fer og synd að við hin í deildinni skulum ekki fá að fylgjast með,“ segir Jörundur Áki sem mun stjórna Breiðabliki á móti Fjölni á sama tíma. Jörundur Áki á erfitt með að spá um úrslit en segir Valsliðið vera sigurstranglegra. „Fyrir fram myndi maður ætla að Valur væri sigurstranglega liðið ekki síst þar sem Margrét Lára virðist vera alveg óstöðvandi. Margrét Lára hefur kannski skorað lungann úr mörkum Valsliðsins þá dreifist skorunin meira hjá KR-liðinu og það er helst það sem er einn helst ólíkt með þessum liðum. Margrét Lára hefur oft verið sá leikmaður sem klárar leikina fyrir Valsliðið og KR-ingar þurfa að einbeita sér að því að stoppa hana,“ segir Jörundur en það er annað sem háir KR-liðinu.

„KR-ingar eru á heimavelli en hafa á móti misst Katrínu Ómarsdóttur sem ég tel vera mikinn missi fyrir þær. Það gæti sett svolítið strik í reikninginn að hafa hana ekki þar sem hún var klárlega einn af betri ef ekki besti leikmaðurinn í fyrri viðureign þessara liða í sumar. Það getur samt vel verið að KR-ingar þjappi sér saman og þá er aldrei að vita hvað gerist. Valur er búinn að missa Dóru Maríu út til Bandaríkjanna og það skiptir miklu máli fyrir Valsliðið þar sem hún er lykilmaður í liðinu. Það eru því sterkir leikmenn fjarverandi í báðum liðum,“ segir Jörundur Áki sem býst ekki við að Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, spili upp á jafnteflið.

„Val nægir svo sem jafntefli en ég á ekki von á að Valsliðið spili upp á jafnteflið. Ég trúi ekki öðru en að Elísabet vilji vinna leikinn. Valsliðið er í hörku formi, var í Evrópukeppni og er að fara í Evrópukeppni. Þær eru hundfúlar með að vera ekki lengur inni í bikarkeppninni og KR er komið með aðra höndina á bikarinn,“ segir Jörundur en KR á möguleika á að vinna tvöfalt en eini titillinn í sumar er undir hjá Valsliðinu í þessum leik.

Leikurinn er á KR-vellinum og hefst klukkan 17.00. Fyrri leik liðanna lauk með 1-1 jafntefli.

Fréttablaðið fékk fulltrúa frá hinum sjö liðum Landsbankadeildar kvenna til að spá fyrir um úrslit leiksins og þar hafði KR betur 4-3. Spá þeirra fylgir hér með.

**ooj@frettabladid.is**



**LYKILKONAN** Margréti Láru Viðarsdóttur vantar aðeins eitt mark til þess að jafna markamet sitt frá því í fyrra. Hún hefur skorað 21 mark í síðustu 6 leikjum. Hér reyna Alicia Wilson og Embla Grétarsdóttir að stoppa hana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## HVAÐ SEGJA FULLTRÚAR HINNA LIÐANNA Í DEILDINNI:

**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, fyrirliði Breiðabliks**
**Spá:** 2-1 fyrir KR
**Hvað ræður úrslitum:** „Sóknarmenn KR-inga eiga eftir að klára þetta. Valsstelpur eru líka með sterka sókn en þær spila svolítið mikið upp á Margréti Láru þannig að það er auðveldara fyrir KR að stoppa bara hana.“

**Guðný Petrína Þórðardóttir, leikmaður Keflavíkur**
**Spá:** 2-1 fyrir Val
**Hvað ræður úrslitum:** „Ég held að það hafi reynst of dýrkeypt fyrir KR að missa Katrínu Ómarsdóttur sem er búin að vera frábær í sumar.“

**Hugi Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar**
**Spá:** 2-1 fyrir KR
**Hvað ræður úrslitum:** „Sóknarlína KR er of sterk fyrir varnarlínu Vals.“

**Andrés Ellert Ólafsson, þjálfari Fjölnis**
**Spá:** 2-1 fyrir Val
**Hvað ræður úrslitum:** „Dagsformið og stemningin ræður úrslitum. Þetta eru tvö sterk og skemmtileg lið og því aðeins spurning um hvoru megin hungrið er meira.“

**Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Þórs/KA**
**Spá:** 2-1 fyrir Val
**Hvað ræður úrslitum:** „Það er mjög erfitt að spá fyrir um þennan leik, þetta eru jöfn lið og ég býst við skemmtilegum leik.“

**María Kristjánsdóttir, fyrirliði Fylkis**
**Spá:** 3-2 fyrir KR
**Hvað ræður úrslitum:** „KR spilar aftarlega og vinnur þetta á skyndisóknunum.“

**Halldór Halldórsson, þjálfari ÍR**
**Spá:** 2-1 fyrir KR
**Hvað ræður úrslitum:** „Ég held að sóknarleikur KR ráði úrslitunum því mér finnst KR vera með langskemmtilegasta sóknarliðið.“

101 sport
laugavegi 6
Útrýmingarsala
verslunin hættir
skór - íþrótta fatnaður - sundföt
adidas
SPEEDO
Á ótrúlegu verði!
verðdæmi:
Adidas skór 9.990 fullt verð
2.990 Okkar verð!
Adidas fatnaður 8.990 fullt verð
1.990 Okkar verð!
101 sport
laugavegi 6
Opið Laugard. 11-17
Sunnud. 11-17



**FJÓRIR ÞJÁLFARAR** Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, Einar Jónsson, þjálfari Fram, Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, og Guðríður Guðjónsdóttir, þjálfari Fylkis.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

N1-deild kvenna hefst í kvöld með tveimur leikjum:

# Sex lið verða í baráttunni um titilinn

**HANDBOLTI** Í kvöld hefst keppni í N1-deild kvenna með tveimur leikjum. Grótta tekur á móti HK og Haukar fara í heimsókn til Framara. Í vikunni var spáð fyrir um lokastöðu deildarinnar og kom fáum á óvart að Íslandsmeisturum Stjörnunnar var spáð titlinum.

Haukum var spáð öðru sæti en þjálfari liðsins, Díana Guðjónsdóttir, sagðist fara í alla leiki til að vinna og stefna því ótrauð á toppinn með liðið.

„Mér líst vel á veturinn,“ sagði Díana. „Við höfum bætt við okkur þremur leikmönnum og er því með meiri breidd en var í hópnum í fyrra. Ég vonast til að fara langt á því.“

Hind Hannesdóttir er komin til Hauka frá Stjörnunni, einnig Laima Miliauskaite markvörður sem lék með FH á síðustu leiktíð og þá hefur Inga Fríða Tryggvadóttir tekið fram skóna að nýju.

Stjarnan, Haukar, Grótta og Valur voru í nokkrum sérflokki síðasta tímabil en Fram og HK voru þó dugleg að kroppa stig af toppliðunum. „Ég býst jafnvel við að þessi sex lið verði í baráttunni í efri hluta deildarinnar. Það verður bara gott fyrir deildina að hafa svo mikla breidd. Svo er Fylkisliðið skipað ungum stelpum með þremur reyndum útlendingum. Þær gætu því verið í því hlutverki að stela stigum af toppliðinum, rétt eins og Fram og HK gerðu síðast. Ég á því von á skemmtilegu móti,“ sagði Díana.

- esá







**2-1**
**Ísland – Norður-Írland**

*1-0 Ármann Smári Björnsson (6.)*
*1-1 David Healy, víti (71.)*
*2-1 Keith Gillespie, sjálfsmark (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–12 (3–6) |
| Varin skot | Árni Gautur 4 – Taylor 1 |
| Horn | 3–11 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6–12 |
| Rangstöður | 3–4 |

## OKKAR RIÐILL

*Undankeppni EM F-riðill*

| | |
|---|---|
| Danmörk-Liechtenstein | 4-0 |
| Nordstrand 2, Laursen, Tomasson. | |
| Spánn-Lettland | 2-0 |
| Ísland-Norður Írland | 2-1 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Svíþjóð** | **8** | **6** | **1** | **1** | **17-4** | **19** |
| Spánn | 9 | 6 | 1 | 2 | 14-7 | 19 |
| **Norður-Írland** | **9** | **5** | **1** | **3** | **14-10** | **16** |
| Danmörk | 8 | 4 | 2 | 2 | 13-5 | 14 |
| **Ísland** | **9** | **2** | **2** | **5** | **8-17** | **8** |
| Lettland | 8 | 2 | 0 | 6 | 5-9 | 6 |
| **Liechtenstein** | **9** | **1** | **1** | **7** | **5-25** | **4** |



**1-0** Ármann Smári Björnsson fagnar markinu sínu sem hann skoraði eftir sex mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ármann Smári Björnsson:

## Vissi ekki að ég fengi að byrja

**FÓTBOLTI** „Ég vissi fyrir alvöru að ég væri í byrjunarliðinu þegar Eyjólfur tilkynnti það á fundi fyrir leikinn. Maður verður bara að vera klár í hvað sem er þegar maður veit ekkert. Það er frábært að skora mark fyrir Ísland,“ sagði Ármann Smári Björnsson, sem kom óvænt inn í byrjunarliðið gegn Norður-Írum og skoraði strax eftir sex mínútna leik.

Ármann Smári kvartar ekkert yfir því að fara inn á völlinn annaðhvort sem framherji eða miðvörður. „Það er ágætt að hafa smá fjölbreytni í þessu en umfram allt er það frábært að fá að vera með þessum strákum og fá að spila fyrir Ísland,“ sagði Ármann Smári. **- óój**

# Lukkan í liði með Íslendingum

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu vann sætan sigur á Norður-Írum í gær, 2-1. Þakka má varnarlínu landsliðsins fyrir sigurinn en vörnin var gríðarlega sterk. Sigurmark Íslands var sjálfsmark undir lok leiksins.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu vann sinn fyrsta leik í rúmt ár í gær þegar Norður-Írar komu í heimsókn í Laugardalinn. Ísland hafði þá ekki unnið landsleik síðan 2. september 2006 er Ísland sótti Norður-Íra heim til Belfast. Uppskeran í þessari tveggja leikja hrinu er fjögur stig og mikið mun betri frammistaða en í leikjum liðsins síðasta árið.

Íslenska liðið mætti vel stemmt til leiksins. Sami ákafi og grimmd og var í leiknum gegn Spánverjum var augljóslega enn til staðar. Eyjólfur hafði breytt í 4-4-2 en spilaði 4-5-1 gegn Spánverjum og Ármann Smári Björnsson tók sæti Jóhannesar Karls sem var í leikbanni.

Íslenska liðið fékk sannkallaða óskabyrjun í leiknum en Ármann Smári kom Íslandi yfir með fyrstu sókn íslenska liðsins. Gunnar Heiðar komst þá óáreittur upp að endamörkum, renndi boltanum út í teiginn þar sem Ármann Smári var illa dekkaður og hann kláraði færið með stæl.

Í stað þess að láta kné fylgja kviði færðist fullmikil ró yfir íslenska liðið eftir markið. Strákarnir bökkuðu mjög aftarlega líkt og gegn Spánverjum. Sóknir Norður-Íra voru frekar bitlausar og þeir sköpuðu sér aðeins eitt færi í hálfleiknum en Jonathan Evans fór illa að ráði sínu og skaut yfir fyrir opnu marki.

Sóknarleikur íslenska liðsins var hvorki fugl né fiskur og það heyrði til tíðinda ef liðið náði þrem sendingum á milli sín. Vörnin hélt aftur á móti vel og Ísland leiddi í hálfleik.

Íslenska liðið lá enn aftar á vellinum í síðari hálfleik og pressa Íranna jókst stöðugt. Chris Brunt skaut í þverslá íslenska marksins á 50. mínútu og næstu 20 mínútur lá íslenska liðið í algerri nauðvörn. Írarnir réðu lögum og lofum en gekk illa að brjóta niður firnasterka vörn íslenska liðsins.

Á sama tíma stóð ekki steinn yfir steini í leik íslenska liðsins. Miðjumennirnir voru í stanslausum eltingarleik og sendingar strákanna voru átakanlega lélegar. Eitthvað hlaut undan að láta og á 71. mínútu braut Kári Árnason mjög klaufalega á David Healy. Sá írski þakkaði pent fyrir sig með því að skora úr vítinu og jafna leikinn.

Ellefu mínútum fyrir leikslok fækkaði Eyjólfur í sókninni sem virtist vera skynsamleg ákvörðun þar sem Írarnir voru miklu betri. Stig úr því sem komið var hefði verið vel sloppið.

Skömmu fyrir leikslok vann Ásgeir Gunnar Ásgeirsson boltann af harðfylgi á hættulegum stað og gaf fyrir markið. Írar hreinsuðu en boltinn féll beint fyrir fætur Grétars Rafns sem sendi boltann aftur fyrir og Keith Gillespie skoraði hrikalega slysalegt sjálfsmark.

Írska heppnin var augljóslega búin með alla sína innistæðu en Íslendingar taka stigunum þrem fagnandi.

Þegar upp er staðið getur liðið þakkað vörninni fyrir stigin því hún stóð vaktina frábærlega. Vörnin hefur verið hriplek undanfarið ár og það hefur verið helsti veikleiki liðsins. Þegar vörnin spilar aftur á móti eins og hún hefur gert í síðustu tveim leikjum getur íslenska liðið bitið frá sér. Varnarleikurinn er lykillinn að velgengni liðsins.

Miðju- og sóknarleikur liðsins er að sama skapi nokkuð áhyggjuefni og þá sérstaklega miðjuspilið. Ísland saknaði Brynjars Björns og Jóhannesar Karls sárlega að þessu sinni. Liðið á þá inni í Letta-leiknum en þar hljóta strákarnir að mæta fullir sjálfstrausts.

**henry@frettabladid.is**





**SIGURMARKIÐ** Keith Gillespie varð fyrir því óláni að setja boltann í eigið net á 89. mínútu. Ef hann hefði ekki skorað hefði Eiður Smári líklega ýtt boltanum yfir línuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR OG ANTON



**BURT MEÐ BOLTANN** Íslenska liðið varðist mjög vel gegn Írum í gær og það með öllum ráðum. Arnar Þór sparkar hér boltanum frá með tilþrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## EINKUNNIR ÍSLANDS

**BYRJUNARLIÐIÐ**

| | |
|---|---|
| Árni Gautur Arason, markvörður | 7 |
| Var öryggið uppmálað og greip vel inn í þegar á þurfti að halda. Ekki fjarri því að verja vítið. | |
| Kristján Örn Sigurðsson, hægri bakvörður | 8 |
| Átti aftur frábæran leik í vörninni. Missti varla mann framhjá sér og stöðvaði fjölda sókna með útsjónarsemi, baráttu og tæklingum. Síðustu tveir leikir eru hugsanlega hans bestu með landsliðinu. | |
| Ívar Ingimarsson, miðvörður | 8 |
| Stýrði vörninni eins og hershöfðingi, steig vart feilspor og var með Healy í vasanum nánast allan leikinn. | |
| Ragnar Sigurðsson, miðvörður | 7 |
| Átti fínan leik, sterkur í návígjum en var nokkrum sinnum tæpur er hann fór úr stöðu. Framtíðarmaður sem er búinn að taka miðvarðarstöðuna í landsliðinu traustataki. | |
| Hermann Hreiðarsson, vinstri bakvörður og fyrirliði | 8 |
| Mjög öflugur í vörninni þar sem hann réði vel við Gillespie. Sýndi einnig vilja til þess að sækja og var ákaflega duglegur. | |
| Grétar Rafn Steinsson, hægri vængmaður | 4 |
| Óvenju daufur leikur hjá Grétari sem náði aldrei að komast í takt við leikinn. Átti lykilsendinguna í sigurmarkinu. Barátta engu að síður til fyrirmyndar sem fyrr. | |
| Kári Árnason, varnartengiliður | 3 |
| Átti mjög slakan leik að þessu sinni. Var í eltingarleik allan tímann, skilaði boltanum mjög illa frá sér og braut svo klaufalega af sér og gaf víti. Getur mikið betur. | |
| Arnar Þór Viðarsson, tengiliður | 4 |
| Farþegi eins og svo oft áður. Sama sem ekkert í boltanum og kom lítið út úr honum. | |
| Emil Hallfreðsson, vinstri vængmaður | 4 |
| Átti ágæta spretti framan af og var óhræddur við að taka varnarmenn Íra af. Hvarf síðan sjónum. | |
| Ármann Smári Björnsson, framherji | 6 |
| Nýtti færið sitt frábærlega, var duglegur og gerði það sem ætlast var til af honum. | |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji | 6 |
| Hörkudulegur sem fyrr en leið mikið fyrir slakt miðjuspil þar sem hann fékk boltann lítið. Lagði markið upp fyrir Ármann Smára á laglegan hátt. | |

**VARAMENN**

| | |
|---|---|
| 53. mín. Eiður Smári Guðjohnsen fyrir Ármann Smára. | 4 |
| Mætti grimmur til leiks og greinilega tilbúinn að taka vel á því. Liðið kom boltanum einfaldlega ekki boltanum á hann þann tíma sem hann var inn á vellinum og því nýttist hann liðinu lítið. | |
| 79. mín. Ólafur Ingi Skúlason fyrir Gunnar Heiðar Þorvaldsson. | - |
| 88. mín. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson fyrir Kára Árnason. | - |

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari var vitanlega kampakátur í leikslok:

# Ánægður með varnarleikinn

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari var ekki í vafa um hvað skilaði íslenska liðinu sigrinum gegn Norður-Írum í gær. „Baráttan í liðinu var frábær. Ef við skoðum stöðuna í riðlinum sér maður að við vorum að spila gegn liði sem var með mikið sjálfstraust og þeir léku leikinn af miklum krafti. En við stóðumst pressuna frá þeim og ég er mjög ánægður með úrslitin. Ég er ánægður með varnarleikinn en við hefðum getað útfært sóknirnar okkar aðeins betur.“

Eftir að íslenska liðið komst yfir tóku Norður-Írarnir öll völd í leiknum. Eyjólfur segir einfalt að útskýra það.

„Lið, eins og íslenska landsliðið, sem lent hefur í miklu mótlæti reynir allt sem það getur til að halda forystunni eftir að hafa komist yfir svo snemma í leiknum. Það er alveg ljóst að við þurftum að styrkja miðjuna og þess vegna skipti ég Ólafi Inga inn á. Ég hefði kannski átt að skipta honum fyrr inn á.“

Hann þvertekur þó fyrir það að hann hafi ætlað að verja stigið með því að skipta út sóknarmanni fyrir miðjumann. Hermann Hreiðarsson, Emil Hallfreðsson og Ívar Ingimarsson voru allir búnir að vera veikir síðustu daga og segir Eyjólfur að það hafi haft sín áhrif á þeirra frammistöðu.

Nigel Worthington, landsliðsþjálfari Norður-Írlands, reyndi að leggja áherslu á jákvæðu punktana hjá sínum mönnum þrátt fyrir afar svekkjandi tap.

„Svona er fótboltinn og maður fær alltaf það sem maður á skilið. Ég er þó ánægður með strákana, þeir bættu sig heilmikið frá síðasta leik. Við spiluðum mjög vel en Íslendingar spiluðu alls ekki illa. Þeir fengu tvö tækifæri og nýttu þau. Við fengum 3-4 færi en refsuðum þeim ekki nóg.“ **- esá**



**SIGRINUM FAGNAÐ** Íslensku landsliðsmennirnir fagna sigrinum í gærkvöldi og þakka áhorfendum fyrir stuðninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ÚRSLIT

## *Undankeppni EM:*

### A-RIÐILL:

Kasakstan-Belgía 2-2
0-1 Karel Geraerts (12.), 0-2 Kevin Mirallas (23.), 1-2 Dmitri Byakov (38.), 2-2 Smakov, víti (77.)
Finnland-Pólland 0-0
Portúgal-Serbía 1-1
1-0 Simao (11.), 1-1 Branislav Ivanovic (87.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Pólland** | **11** | **6** | **3** | **2** | **17-9** | **21** |
| Finnland | 11 | 5 | 4 | 2 | 11-6 | 19 |
| **Portúgal** | **10** | **4** | **5** | **1** | **19-9** | **17** |
| Serbía | 10 | 4 | 4 | 2 | 13-8 | 16 |
| **Belgía** | **10** | **3** | **2** | **5** | **10-14** | **11** |
| Armenía | 8 | 2 | 2 | 4 | 4-8 | 8 |
| **Kasakstan** | **10** | **1** | **4** | **5** | **8-15** | **7** |
| Aserbadjan | 8 | 1 | 2 | 5 | 4-17 | 5 |

### B-RIÐILL:

Litháen-Færeyjar 2-1
1-0 Edgaras Jankauskas (8.), 2-0 Tomas Dani levicius (53.), 2-1 Rógvi Jacobsen (90.)
Úkraína-Ítalía 1-2
0-1 Antonio Di Natale (40.), 1-1 Andreiy Shev chenko (71.), 1-2 Antonio Di Natale (76.).
Frakkland-Skotland 0-1
0-1 James McFadden (64.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skotland** | **9** | **7** | **0** | **2** | **17-7** | **21** |
| Ítalía | 9 | 6 | 2 | 1 | 15-7 | 20 |
| **Frakkland** | **9** | **6** | **1** | **2** | **15-3** | **19** |
| Úkraína | 8 | 4 | 1 | 3 | 10-9 | 13 |
| **Litháen** | **9** | **3** | **1** | **5** | **7-11** | **10** |
| Georgía | 9 | 2 | 1 | 6 | 14-15 | 7 |
| **Færeyjar** | **9** | **0** | **0** | **9** | **3-29** | **0** |

### C-RIÐILL:

Noregur-Grikkland 2-2
0-1 Sotirios Kyrgiakos (7.), 1-1 John Carew (15.), Sotirios Kyrgiakos (29.), 2-2 John Arne Riise (39.).
Tyrkland-Ungverjaland 3-0
1-0 Gökhan Ünal (69.), 2-0 Mehmet Aurelio (81.), 3-0 Halil Altintop (90.)
Bosnía-Moldavía 0-1
0-1 Igor Bugaev (22.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Grikkland** | **8** | **6** | **1** | **1** | **14-7** | **19** |
| Noregur | 9 | 5 | 2 | 2 | 20-8 | 17 |
| **Tyrkland** | **8** | **5** | **2** | **1** | **21-8** | **17** |
| Bosnía | 9 | 4 | 1 | 4 | 14-16 | 13 |
| **Ungverjaland** | **9** | **3** | **0** | **6** | **8-17** | **9** |
| Malta | 8 | 1 | 2 | 5 | 7-17 | 5 |
| **Moldóvía** | **9** | **1** | **2** | **6** | **5-16** | **5** |

### D-RIÐILL:

Slóvakía-Wales 2-5
1-0 Marek Mintal (12.), 1-1 Freddy Eastwood (22.), 1-2 Craig Bellamy (34.), 1-3 Craig Bellamy (41.) 2-3 Marek Mintal (57.), 2-4 sjálfsmark (78.), 2-5 Simon Davies (90.)
Kýpur-San Marínó 3-0
1-0 Constantinos Makridis (15.), 2-0 Efstathios Aloneftis (41.), 3-0 Aloneftis (90.).
Tékkland-Írland 1-0
1-0 Marek Jankulovski (15.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | **8** | **7** | **1** | **0** | **31-4** | **22** |
| Tékkland | 9 | 6 | 2 | 1 | 19-4 | 20 |
| **Írland** | **9** | **4** | **2** | **3** | **14-11** | **14** |
| Slóvakía | 9 | 3 | 1 | 5 | 20-20 | 10 |
| **Wales** | **8** | **3** | **1** | **4** | **13-13** | **10** |
| Kýpur | 8 | 3 | 1 | 4 | 13-16 | 10 |
| **San Marínó** | **9** | **0** | **0** | **9** | **1-43** | **0** |

### E-RIÐILL:

Andorra-Króatía 0-6
0-1 Darijo Srna (35.), 0-2 Mladen Petric (40.), 0-3 Mladen Petric (45.), 0-4 Niko Kranjcar (49.), 0-5 Eduardo (58.), 0-6 Ivan Rakitic (67.).
Makedónía-Eistland 1-1
0-1 Raio Piiroja (17.) 1-1 Goran Maznov (30.).
England-Rússland 3-0
1-0 Michael Owen (7.), 2-0 Michael Owen (31.), 3-0 Rio Ferdinand (84.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Króatía** | **9** | **7** | **2** | **0** | **24-4** | **23** |
| England | 9 | 6 | 2 | 1 | 18-2 | 20 |
| **Rússland** | **9** | **5** | **3** | **1** | **14-4** | **18** |
| Ísrael | 9 | 5 | 2 | 2 | 17-10 | 17 |
| **Makedónía** | **9** | **2** | **2** | **5** | **7-11** | **8** |
| Eistland | 10 | 1 | 1 | 8 | 3-18 | 4 |
| **Andorra** | **9** | **0** | **0** | **9** | **2-36** | **0** |

### G-RIÐILL:

Búlgaría-Lúxemborg 3-0
1-0 Dimitar Berbatov (27.), 2-0 Dimitar Berbatov (28.), 3-0 Stilian Petrov, víti (54.)
Slóvenía-Hvíta Rússland 1-0
1-0 Klemen Lavric, víti (3.)
Albanía-Holland 0-1
0-1 Ruud van Nistelrooy (90.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rúmenía** | **8** | **6** | **2** | **0** | **17-5** | **20** |
| Holland | 8 | 6 | 2 | 0 | 11-2 | 20 |
| **Búlgaría** | **9** | **5** | **3** | **1** | **14-6** | **18** |
| Slóvenía | 9 | 3 | 1 | 5 | 9-12 | 10 |
| **Albanía** | **8** | **2** | **3** | **3** | **8-7** | **9** |
| Hvíta-Rússland | 9 | 2 | 1 | 6 | 11-19 | 7 |
| **Lúxemborg** | **9** | **0** | **0** | **9** | **1-20** | **0** |

## *Vináttulandsleikir:*

Þýskaland-Rúmenía 3-1
0-1 Dorin Goian (3.), 1-1 Bernd Schneider (42.), 2-1 Odonkor (65.), 3-1 Lukas Podolski (82.).
Svartfjallaland-Svíþjóð 1-2
1-0 Mirko Vucinic (16.), 1-1 Markus Rosenberg (71.), 1-2 Rade Prica (74.).

Eiður Smári Guðjohnsen og Grétar Rafn Steinsson eftir leik:

# Tileinkum Ásgeiri sigurinn

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen sagði að sigur Íslendinga á Norður-Írum í gær hafi verið tileinkaður Ásgeiri Elíassyni sem lést á sunnudaginn síðastliðinn. Landsliðsmennirnir báru sorgarband af því tilefni í leiknum í gær.

„Við erum allir sammála um að tileinka Ásgeiri sigurinn og viljum við votta fjölskyldu hans samúð okkar. Við erum nokkrir í hópnum sem höfum spilað undir hans stjórn en missirinn er ekki einungis mikill fyrir knattspyrnuheiminn heldur var hann líka frábær persóna sem er mikið saknað.“

Eiður hefur átt við meiðsli að stríða undanfarna mánuði. „Það er meiriháttar fínt að vera kominn aftur í fótbolta og er ég ánægður með að hafa spilað þessar 35 mínútur í leiknum. Leikurinn var þó ekkert æðislegur. Við buðum hættunni heim í síðari hálfleik en misstum aldrei trúna og uppskárum sigur. Miðað við spilamennsku okkar áttum við hann kannski ekki skilinn en miðað við þá vinnu sem við höfum lagt í þessa tvo leiki áttum við þrjú stig fyllilega skilin.“

Grétar Rafn Steinsson átti þátt í báðum mörkum íslenska liðsins. „Það er búin að vera mikil jákvæðni í kringum liðið frá Kanadaleiknum og það hefur verið stígandi í þessu hjá okkur. Það er mun skemmtilegra að fara inn á völlinn og vera á Íslandi þegar jákvæðni er en ekki neikvæðni. Það getur verið niðurdrepandi að koma heim og fá skít og skömm þrátt fyrir að vera að leggja sig fram og berjast,“ sagði Grétar.

„Nú er allt annað að koma heim og það kemur fyrir vikið auka neisti í menn og þeir eru virkilega tilbúnir að sýna það og sanna fyrir



**GRÉTAR SPYRNIR** Grétar Rafn Steinsson átti þátt í báðum mörkum íslenska liðsins í gær. Hér reynir hann skot en Michael Duff er honum til varnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þjóðinni að þeir séu að leggja sig fram. Það gekk allt upp í þessum tveimur leikjum og leiðinlegt að við höfum ekki unnið Spánverjana því við áttum það skilið. Í heildina litið eru þetta mjög góð úrslit fyrir okkur sérstaklega þegar við lítum til baka og sjáum hversu lélegt þetta hefur verið,” sagði Grétar Rafn sem var ekki hrifinn af norður-írska liðinu.

„Svona lið á ekki að fara á stórmót. Við erum búnir að taka sex stig af þeim og það lið sem við tökum sex stig af á ekki að fara á stórmót,“ segir Grétar Rafn sem lítur bjartsýnn fram á veginn. „Við verðum að halda okkur áfram á jörðinni en það er frábært að áhorfendur og fjölmiðlar skuli þjappa sér að baki okkur og hjálpa okkur,“ sagði Grétar. **- esá / - óój**



**HÁLOFTASLAGUR** Eiður Smári Guðjohnsen stekkur hér upp í boltann í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MICHAEL OWEN** Búinn að eiga frábæra endurkomu í enska landsliðið.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Englendingar á skriði:

# Owen raðar inn mörkum

**FÓTBOLTI Englendingar unnu góðan sigur á Rússum, 3-0, á Wembley í gær. Englendingar tóku þar með sex stig í landsleikjahrinunni og eru komnir í annað sæti í sínum riðli og stefna hraðbyri á EM eftir erfiða byrjun í riðlinum.**

**Michael Owen var stjarna kvöldsins á Wembley en hann skoraði tvö mörk í leiknum og var einnig á blaði gegn Ísrael um síðustu helgi.**

**„Þetta eru búnir að vera frábærir dagar. Við töpuðum fyrir Þjóðverjum fyrir skömmu en við létum það ekki slá okkur út af laginu enda vissum við að þessir tveir leikir skiptu öllu máli fyrir okkur. Það var gaman að skora þessi tvö mörk og ekki síður gaman að vera hluti af þessu frábæra enska liði á nýjan leik,“ sagði Owen kampakátur eftir leikinn. „Það verður ekki tekið af liðinu að það hefur spilað frábæran fótbolta í þessum leikjum.“** **- hbg**




> **Charlie Sheen**

„Ég er með tólf tattú og ég vildi óska að þau væru ekki svona mörg. Það er erfitt þegar þú þarft að fara úr skyrtunni í tvo tíma til þess að fara í förðun en samt næst ekki að fela þau,“ sagði Charlie Sheen eitt sinn um tattúin sín. Sheen leikur, eins og áður, í þáttunum Two and a Half Man sem sýndir eru á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON HEFUR TRÚ Á AGLI OG DR. HOUSE

# *Nútíma Holmes vantar nýja hjálparhellu*

Þegar þetta er skrifað eru um fimm stundir þar til þátturinn Kiljan hefst í umsjá Egils Helgasonar. Það er lofsvert að RÚV sýni loksins metnað í þessa veru. Frá því að Mósaík lagði upp laupana hefur verið sár skortur á dagskrárgerð hjá Sjónvarpinu þar sem hægt var að ganga að menningarumfjöllun sem vísri. Kastljós þóttist að vísu ætla að brúa það bil á sínum tíma en efndirnar hafa verið fátæklegar. Að vísu benda auglýsingar fyrir þáttinn til að Egill ætli að halda sig við sömu gesti og hafa heimsótt hann hingað til og talað um pólitík en spyrjum að leikslokum. Þegar Egill er í stuði getur hann verið sjónvarpsmanna skemmtilegastur.

Læknirinn illkvittni Gregory House er góðu heilli komin aftur á dagskrá Skjás eins. Að vísu laus við fótverki og hættur að bryðja pillur (í bili) og hleypur fleiri kílómetra þrátt fyrir að lærvöðvann vanti á annan fótinn. House er eiginlega betri nútíma Sherlock Holmes en Gil Grissom úr CSI, en verður aftur á móti að fá annan og skemmtilegri Watson til liðs við sig. Hann er aftur á móti hátíð á við persónugalleríð í læknaþættinum 3 lbs á sömu stöð. Stanley Tucci er heillum horfinn en þó sýnu skárri en aðstoðarblókin sem leikin er Mark Feurstein. Af dagskrá með þessa óværu undir eins.



## EKKI MISSA AF



▶ **21.05** Matur um víða veröld SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45** Til Death STÖÐ 2



▶ **22.00** Big Love SIRKUS



▶ **20.00** Flightplan STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** The Black Donnellys SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Kiljan (1:32)**

**16.35 Formúlukvöld**

**17.00 Landsbankadeildin í fótbolta** Bein útsending frá leik KR og Vals í Landsbankadeild kvenna. Leikurinn fer fram á KR velli og er uppgjör efstu liða í deildinni.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Bræður og systur** (6:23) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

▶**21.05 Matur um víða veröld** (Planet Food) Ferða- og matreiðsluþættir þar sem farið er um heiminn og hugað að matarmenningunni á hverjum stað. Í þessum þætti er bragðað á krásum í Malasíu.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 14-2**

**22.55 Gatan** (4:6) (The Street) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi.

**23.55 Aðþrengdar eiginkonur** (57:70) (Desperate Housewives III) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicollette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

**00.40 Kastljós**

**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Flightplan**

**08:00 World Traveler**

**10:00 Hackers**

**12:00 A Shot at Glory**

**14:00 World Traveler**

**16:00 Hackers**

**18:00 A Shot at Glory**

▶**20:00 Flightplan** Hrollvekjandi spennumynd með Jodie Foster í aðalhlutverki. 2005. Bönnuð börnum.

**22:00 The Island**

**00:15 U.S. Seals II**

**02:00 Dahmer**

**04:00 The Island**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Kalli á þakinu, Litlu Tommi og Jenni

**08.10 Beauty and the Geek** (6:9)

**08.50 Í fínu formi 2005**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 Wings of Love** (19:120)

**10.10 Sisters** (6:24) (Systurnar)

**11.00 Whose Line Is it Anyway?**

**11.25 Örlagadagurinn** (4:14)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (67:114).

**13.55 Forboðin fegurð** (68:114)

**14.40 Two and a Half Men** (22:24)

**15.20 Barnatími Stöðvar 2**

**17.30 Bold and the Beautiful**

**17.55 Nágrannar** (Neighbours)

**18.20 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.25 The Simpsons** (22:22) (e)

**19.50 Friends** (1:17)

**20.20 Two and a Half Men** (4:24)

▶**20.45 Til Death** (4:22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garret,t úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. Jeff og Steph eru nýgift og yfir sig ástfangin en þegar þau flytja í næsta hús við Stark-hjónin sjá þau glitta í framtíðina eftir margra ára hjónaband.

**21.10 It´s Always Sunny In Philadelphia NÝTT** Skemmtileg gamanþáttaröð sem fjallar um fjóra félaga sem reka bar saman en eru allir of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árekstrar á milli þeirra.

**21.35 Meðan heimurinn sefur** (Gerð Næturvaktarinnar) Hér verður sýnt frá gerð þáttana sem munu án efa slá í gegn.

**21.55 Bones** (17.21) Neyðarástand skapast þegar flæðir í gömlum kirkjugarði. Brennan þarf nú að bera kennsl á öll líkin til að hægt sé að grafa þau aftur. 22.40 Life on Mars

**23.35 The Tudors** (3:10)

**00.30 The 4400** (9:13)

**01.15 Paper Soldiers**

**02.40 Hotel Babylon**

**03.30 Cold Case** (2:23)

**04.10 Afterlife** (5:8)

**05.00 Two and a Half Men** (4:24)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN *besta sætið*

**07.00 EM 2008 - undankeppni** (Frakkland - Skotland)

**18.10 Kaupþings mótaröðin 2007**

**19.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**19.40 President Cup - 2005** Bandaríska golflandsliðið mætti úrvalsliði alþjóðlegra kylfinga í keppni um Forsetabikarinn 22. - 25. september. Keppt var í Virginíu.

**20.30 Kraftasport - 2007** (Suðurnesjatröllið) Svipmyndir frá keppninni um Suðurnesjatröllið þar sem íslensk heljarmenni reyna með sér í aflraunum ýmis konar.

**21.00 Sterkasti maður í heimi 2006** Þáttur um keppnina um sterkasta mann heims árið 2006. Boris Haraldsson keppti fyrir Íslands hönd þetta árið.

**21.30 David Beckham - Soccer USA** (8:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum.

**22.00 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum

**22.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (BMW Championship (Chicago))

**23.25 EM 2008 - undankeppni** (England - Rússland)

## SÝN 2

**19.00 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**20.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)

**21.30 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna)** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**22.30 4 4 2**

**23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.25 Vörutorg**

**17.25 7th Heaven** (e) Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug.

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 World's Most Amazing Videos** (e)

**20.00 Family Guy** (5.11) Teiknimyndaþættirnir um Griffin-fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétthugsun og æðislegir.

**20.30 According to Jim - Lokaþáttur** Það er komið að lokaþættinum og Jim óttast að hann sé að missa besta vin sinn. Hann verður afbrýðissamur þegar Andy fer að tefla við Ryan alla daga.

**21.00 House** (2:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House og félagar hans reyna að bjarga ungum dreng sem segist vera tilraunadýr hjá geimverum. House er farinn að finna til í fætinum aftur og fer að leita aftur í verkjalyfin.

▶**22.00 The Black Donnellys** (7:13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen. Jimmy reynir að vernda Sean á meðan Tommy, sem bráðvantar peninga, fer með hinum lánlausa Kevin að innheimta skuldir. Jenny reynir að koma í veg fyrir að Dokey nái að yfirtaka veitingastað pabba hennar.

**22.50 Jay Leno**

**23.40 Superstorm** (2:3) (e)

**00.40 Stargate SG-1** (e)

**01.30 Backpackers** (e)

**02.00 Vörutorg**

**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.10**
**It´s Always Sunny In Philadelphia - NÝTT**

Í kvöld hefur Stöð 2 sýningar á glænýrri gamanþáttaseríu um fjóra félaga sem reka bar saman en eru allir of sjálfumglaðir til að geta unnið saman árekstralaust. Í fyrsta þættinum ráða félagarnir leikara til að kynna barinn en vinsældir barsins hafa dalað töluvert undanfarið.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**KR-Valur**
**Sjónvarpið kl. 17.00**

Sannkallaður stórleikur í Landsbankadeild kvenna. Hér mætast tvö efstu liðin í deildinni í nánast úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Bæði liðin eru efst og jöfn á toppi deildarinnar og hefur hvorugt liðið tapað leik. Það eru því mikil gleðitíðindi fyrir íslenska kvennafótboltann að leikurinn verði sýndur í beinni útsendingu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Vansæmd
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Ætti ég hörpu
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Svövukvöld í september
**23.10** Ríkaströnd: land elda, sólar og gróðursældar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**17.30 Skífulistinn**
**18.23 Fréttir**
**19.00 Hollyoaks** (13:260)
**19.30 Hollyoaks** (14:260) Serían er ein sú vinsælasta á Englandi, þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan1995. 2006.
**20.00 Bestu Strákarnir**
**20.25 Arrested Development 3**
**20.50 Talk Show With Spike Feresten** (3:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
**21.15 Skins** (3:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf.
▶**22.00 Big Love** Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. Það er ekki von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp. (3:12) Bill heimsækir kommúnuna með einni af eiginkonum sínum en þeirra bíða slæmar fréttir. 2006.
**22.50 Ghost Whisperer** (29:44) Melinda fer í rómantíska útilegu með eiginmanninum en rómantíkin er fljót að hverfa þegar draugur lætur sjá sig. 2006.
**23.35 E-Ring** (6:22)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Down to Earth **13.00** Miss Marple **14.00** Passport to the Sun **14.30** Cash in the Attic **15.30** Small Town Gardens **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Silent Witness **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Celeb **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Silent Witness **22.00** Dad's Army **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Down to Earth **3.00** A Place in France

## DR 1

**11.55** Hvad er det værd **12.20** Familiejagten **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Update **14.30** Det mekaniske hus **14.35** Frikvarter **15.00** Alice bag spejlet **15.30** Fandango med Chapper og Sebastian **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Kender du typen **18.30** Nationen **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Rekrut Benjamin **21.45** OBS **21.50** Liga **22.35** Boogie Update **23.05** Musikprogrammet

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.15** Migrapolis: Folk i farta **10.45** Planeten vår **11.40** 'Allo, 'Allo! **12.15** Vinbaronen **13.00** Fabrikken **13.30** Guttegærne jenter **13.50** Grusomme grøss **14.00** Kim Possible **14.20** Kid Paddle **14.30** Zombie hotell **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Tilbake til 90-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Ukjent fiende **20.25** Halvseint **20.50** Litt av en luring **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Hero **23.10** Kulturnytt

## SVT 1

**10.05** Ju fler desto bättre **13.30** Mitt i naturen **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Melita möter Peter Währborg **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** Cirkuskiosken **16.30** Allra käraste syster **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Packat & klart **19.00** Örnen **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Sändningar från SVT24


SIGURVEGARI
PANASONIC 42" PV70




TILBOÐ: 229.900-

*Sjónvarpið hlaut nýlega ein eftirsóttustu verðlaun heims, eða EISA Awards Best Product 2007-2008.*

EISA AWARD Best Product 2007 - 2008
HD READY PLASMA TV
Panasonic TH-42PV70 / PX70

*Í UMSÖGN DÓMNEFNDAR SEGIR EFTIRFARANDI:*

"For movie enthusiasts, plasma displays are still the most cinematic performers, especially in terms of their black level capability. For the perfect illustration of this point, look no further than Panasonic's TH-42PV70 plasma display (TH-42PX70 with built in DVB-T tuner in some countries). This product line redefines plasma performance with its 10th Generation panel. It arrives ready for HD with a 1080p-compatible HDMI input, and delivers almost perfect picture quality out of the box thanks to Panasonic's advanced Vreal2 image processing."

zetor

*Opnunartími:*
*Virka daga – 10 til 18 Laugardaga – 11 til 15*

svar:) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

## MORGUNMATURINN



*„Það er nú bara kaffi og kleina í mötuneyti Ríkissjónvarpsins og kannski eitt rúnstykki með svona á góðum degi.“*

Hjörtur Hjartarson, íþróttafréttamaður hjá Sjónvarpinu.

# Myndaði Helenu Christensen fyrir Bono

Ljósmyndarinn Aldís Pálsdóttir býr í Kaupmannahöfn og starfar þar hjá Steen Evald en hann er annar af tveimur opinberum ljósmyndurum dönsku konungsfjölskyldunnar.

Undanfarið hafa þau unnið að því að mynda herferðina ONE fyrir Bono, söngvara U2, sem miðar að því að útrýma fátækt í þriðja heiminum og vekja almenning til vitundar um ástandið sem þar ríkir.

Margar af þekktustu stjörnum Dana mættu í myndatöku og lögðu málefninu lið, meðal annars fyrirsætan Helena Christensen sem er einmitt góðvinkona Bono sjálfs. Helena tók jafnframt myndir fyrir bandarísku herferðina, enda einbeitir hún sér nú að ljósmyndun.



**LJÓSMYNDARI Í KAUPMANNAHÖFN** Aldís Pálsdóttir og Steen Evald hafa undanfarið unnið að því að ljósmynda herferðina ONE fyrir Bono, söngvara U2.

„Ef allir þeir sem geta gæfu bara eitt prósent af tekjum sínum gætum við gert eitthvað ótrúlegt í sameiningu. Þetta virkar svo einfalt,“ segir Aldís. Afraksturinn úr myndatökunum verður sýndur í sýningarrými Normann Copenhagen á Østerbrogade 70. „Sýningin opnar í dag og stendur út september. Hún inniheldur bæði myndir og myndbönd frá okkur. ONE-bolirnir verða líka til sölu en allur ágóði rennur til samtakanna. Merkið á bolunum er hannað af eiginkonu Bono, Ali Hewson, en þau verða líklega bæði þarna á morgun,“ segir Aldís.

Áhugasamir geta kynnt sér ONE og lagt sitt af mörkum á www.one.



**HELENA OG BONO** Helena Christensen er góð vinkona Bono.



**LÁRÉTT 2.** gáski **6.** kusk **8.** sjáðu **9.** upphrópun **11.** í röð **12.** fást við **14.** einn þúsundasti hluti **16.** í röð **17.** fiskur **18.** ennþá **20.** í röð **21.** velta.

**LÓÐRÉTT 1.** hjartaáfall **3.** í röð **4.** smjaðra **5.** hlemmur **7.** hemjulaus **10.** örn **13.** hamfletta **15.** skál **16.** húðpoki **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** ló, **8.** sko, **9.** aha, **11.** jk, **12.** garfa, **14.** milli, **16.** hi, **17.** áll, **18.** enn, **20.** aá, **21.** snúa.

**LÓÐRÉTT: 1.** slag, **3.** rs, **4.** skjalla, **5.** lok, **7.** óhaminn, **10.** ari, **13.** flá, **15.** ílát, **16.** hes, **19.** nú.

## ÖRN ÁRNASON: ÓSÁTTUR VIÐ BREYTINGAR ÞÓRHALLS GUNNARSSONAR

# Randver Þorláksson rekinn úr Spaugstofunni

„Þetta kom okkur óvart og við erum frekar miður okkar yfir þessu,“ segir Örn Árnason leikari um brotthvarf kollega síns og vinar, Randvers Þorlákssonar, úr Spaugstofunni. Að sögn Arnar var það Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, sem tók ákvörðunina um brotthvarf Randvers.

Randver er einn af upphafsmönnum Spaugstofunnar. Í samtali við Fréttablaðið í gær staðfesti hann brotthvarf sitt en vildi að öðru leyti lítið tjá sig um málið. Randver gat ekki gefið neina eina ástæðu fyrir brotthvarfi sínu, sagðist bara ekki verða með og svona hefðu kaupin gengið fyrir sig á eyrinni. Randver sagðist ekki vita hvort hann myndi snúa aftur að ári, hann hugsaði einfaldlega ekki svona langt fram í tímann.

Örn Árnason sagði þetta ekki hafa verið þeirra ákvörðun heldur hefði hún komið frá Þórhalli Gunnarssyni, dagskrárstjóra RÚV. Þórhallur vildi hins vegar ekki tjá sig neitt frekar um brotthvarf Randvers og sagði það leikarans að greina frá sínum starfslokum í Efstaleitinu. Hann sagði að töluverðar breytingar yrðu á Spaugstofunni og nefndi meðal annars gestaleikara sem yrðu reglulega hjá þeim. Meðal þeirra sem koma fyrir í fyrsta þættinum eru Hilmir Snær Guðnason, Edda Björg Eyjólfsdóttir og Sigrún Edda Björnsdóttir.

„Þórhallur vildi breytingar,“ segir Örn. „Auðvitað erum við ekki sáttir, en hvað eigum við að gera? Við erum fimm verktakar sem erum að vinna fyrir Sjónvarpið og ef dagskrárstjórinn vill breytingar þá verður svo að vera,“ heldur Örn áfram. Ekki verður ráðinn maður í stað Randvers. Á vef Mannlífs kom fram í gær að drög hefðu verið lögð að brotthvarfi Randvers síðastliðið vor.

Randver hefur verið með Spaugstofunni frá því að hún birtist fyrst á skjám landsmanna árið 1985. Frá árinu 1989 hefur Spaugstofan krufið mikilvæg mál á laugardagskvöldum og notið einstakra vinsælda hjá landsmönnum. Í fyrra náði Spaugstofan þeim einstaka árangri að taka upp sinn 300. þátt. **freyrgigja@frettabladid.is**





**ENGINN RANDVER**

Stórt skarð er höggið í **Spaugstofuhópnum** en **Randveri Þorlákssyni** var sagt upp störfum í vor. Dagskrárstjórinn **Þórhallur Gunnarsson** vildi ekki tjá sig um brotthvarf Randvers, en **Örn Árnason** segir ákvörðunina hafa komið frá Þórhalli. **Randver** sjálfur sagðist ekki geta gefið neina eina ástæðu fyrir brotthvarfi sínu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Emilía Björg Óskarsdóttir** er enn fullgildur meðlimur í stúlknasveitinni Nylon ef marka má Myspace-síðu hljómsveitarinnar. Þar stendur skýrum stöfum að Nylon sé „simply the biggest thing to ever happen to pop music in their home country of Iceland“, og að meðlimir sveitarinnar séu fjórir, Emilía þar með talin. Þessi yfirsjón kann að skýrast af önnum stúlknanna við að undirbúa næstu skref sín sem tríó en aðdáendur Nylon hljóta að velta vöngum yfir því hvað sé í gangi.



Margir áhorfendur RÚV gripu andann á lofti þegar auglýsing spurningaþáttarins Útsvar fór í loftið en þar mátti sjá **Þóru Tómasdóttur** kynnta sem einn stjórnanda. Um mannleg mistök var að ræða og misskilning því það er að sjálfsögðu **Þóra Arnórsdóttir** sem verður með eiginmanni Þóru í Útsvarinu.



Línurnar fyrir sjónvarpsþáttinn Laugardagslögin virðast vera farnar að skýrast því gengið hefur verið frá því að Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir verði annar stjórnandinn. Þá hafa svokallaðir „álitsgjafar“ einnig verið kunngjörðir. Þeir verða þrír, rétt eins og í Idolinu og X-Factor, en eru þau **Selma Björnsdóttir**, **Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson** og rapparinn **Erpur Eyvindarson**.

- fgg



**Bílaþjónusta Magga**
Pústþjónusta • Bílaþjónusta • Bónstöð
Opið virka daga kl. 9-18
Opið laugardaga kl. 9-16
**Tilboð:** (fólksbíll)
Alþrif aðeins kr. 5.495,-
Hraðþrif að utan kr. 1.195,-
Mössun kr. 9.995,-
**Bílaþjónusta Magga**
Hvaleyrarbraut 2 • sími 517 0350

**vísir.is**
Fyrstur með fréttirnar

Hvað er að frétta af skjálftanum?

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Eimskip í lúxusferð til Kína

„Jú, við leigjum auðvitað flugvél, þetta er beint flug til Kína. Hvað hún verður stór á hins vegar enn eftir að staðfesta, en enn eru nokkur sæti laus,“ segir Dögg Hjaltalín, fjárfestatengill hjá Eimskipum. Fyrirtækið býður starfsmönnum sínum og helstu viðskiptavinum í sannkallaða lúxusferð á kjaraverði til Kína í tilefni af því að fyrirtækið opnar risastóra frystigeymslu í borginni Quingdao. Verðið er aðeins 119 þúsund krónur fyrir tvíbýli í fimm daga en 139 þúsund fyrir einbýli. Eimskip hyggjast greiða niður ferðina að hluta. Ef bókað er sæti á Business Class hækkar verðmiðinn ögn, 214 þúsund í tvíbýli en 234 þúsund í einbýli.

Herlegheitin hefjast á Keflavíkurflugvelli miðvikudaginn 3. október. Flogið verður beint til hafnarborgarinnar sem er rómuð fyrir náttúrufegurð. Þar er allt sem hugurinn girnist; veitingastaðir, verslanir og fallegar baðstrendur.

Gestirnir munu sofa úr sér ferðaþreytuna á Shangri La, fimm stjörnu hóteli í miðborg Quingdao en þaðan er stutt í verslanir og á ströndina. Dögg segir fyrirtækið ekki taka allt hótelið á leigu en stærstur hluti þess verður þó undirlagður starfsmönnum og viðskipavinum Eimskipa. Fyrirtækið býður í kvöldmat á föstudeginum en Dögg gat ekki staðfest hvort einhverjir skemmtikraftar á vegum fyrirtækisins myndu halda uppi stemningunni. Hún bjóst þó fastlega við því að borgaryfirvöld í Qingdao myndu bjóða upp á einhverjar slíkar skemmtanir. **-fgg**



**EIMSKIP TIL KÍNA** Dögg Hjaltalín segir að ekki sé enn búið að staðfesta hvort einhverjir íslenskir skemmtikraftar muni hafa ofan fyrir gestum Eimskipa í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 9022

# 100.000 KRÓNA LÆKKUN Á NÝJUM KIA RIO DÍSIL

## EYÐIR AÐEINS 4,7 LÍTRUM Á HUNDRAÐIÐ Í BLÖNDUÐUM AKSTRI




**Verð nú 1.775.000 kr.**
Verð áður 1.875.000 kr.

**Kia Rio** er margrómaður og glæsilegur bíll sem hefur undanfarin ár vakið mikla eftirtekt. Hann býr yfir kraftmikilli og sparneytinni 110 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri.

Rio er jafnframt búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn og álfelgum. Hér fara því saman gæði, fegurð og hagkvæmni.

**Takmarkað magn af þessum frábæra bíl á þessu verði.**
**Sumar- og vetrardekk fylgja með.**

Engin útborgun, **25.351 kr.** á mánuði*

*M.v. 100% lán og 84 mánaða fjármögnun í blandaðri myntkörfu.

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU.

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS
*The Power to Surprise™*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Þjóð í rugli

Sumir vinir mínir eru stundum í tómu rugli, eins og það er kallað. Þeim líður illa, missa fótana og hrynja íða. Maður heyrir af þeim á þrautagöngunni, sem oftar en ekki endar með meðferð.

**ÞESSI** misserin finnst mér eins og íslenska þjóðin sé í tómu rugli eins og hún leggur sig. Í síðustu viku voru tvær fréttir sem einhvern veginn staðfestu þennan grun minn og römmuðu ruglið inn. Þetta voru fréttir um að 43 prósenta aukning hefði orðið á bílaviðskiptum frá því í fyrra – aðallega í sölu svokallaðra lúxusbíla – og að aldrei hefði önnur eins mannekla verið á leikskólunum. Þjóðin er í svo miklu rugli að hún hefur alltaf efni á nýjum og betri bíl en aldrei efni á að borga fólkinu sem elur upp næstu kynslóð sómasamleg laun. Það má alltaf fá sér lúxusbíl en aldrei leyfa sér þann lúxus að vita af krökkunum hjá fólki sem líður vel í vinnunni sinni. Þjóðin er eins og flottræfill í glæsilegum jakkafötum. Ef betur er að gáð er bæði búið að skíta og míga í buxurnar.

**ÉG** veit eiginlega ekki hvenær þetta gegndarlausa rugl byrjaði, en mig grunar að það hafi verið þegar Kárahnjúkastíflan tók að hraukast upp og fasteignaverðið rauk upp úr öllu valdi. Takk, Framsókn. Nú eru allir og amma þeirra komnir í startholurnar fyrir nýjar stíflur og ný álver til að halda ruglinu áfram. Til hvers? Til þess að næstu árin getum við hlustað á fréttir um að enn hafi orðið gífurleg aukning í sölu lúxusbíla og að aldrei hafi vantað jafn marga á leikskólana?

**EN** hvað veit ég? Kannski leysir markaðurinn leikskólavandann á endanum – leysir hann ekki allan vanda? Leikskólar verða kostaðir af stórfyrirtækjum. Í Glitnisheimum, Baugsborg og Alcankoti verða kennarar á viðunandi launum með lúxusbíla á raðgreiðslum. Á þennan hátt byrja fyrirtækin snemma að ná til væntanlegra kúnna og græða að auki nauðsynlega góðvild meðal borgaranna. Þegar leikskólabörnin fara út í halarófu verða þau merkt í bak og fyrir af viðkomandi kostanda. Þematengd verkefni verða unnin upp úr sögu fyrirtækjanna og leikrit um fyrirtækin flutt á tyllidögum. Af hverju ekki smábörnin eins og allt annað?

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er fimmtudagurinn 13. september, 256. dagur ársins 2007.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.43 | 13.24 | 20.02 |
| Akureyri | 6.25 | 13.08 | 19.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


